skoðun 16

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is
Allt atvinna

Tímarit ÖBÍ
- fylgir blaðinu í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Mánudagur
27. desember 2010
303. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

Kreppufrítt svæði
Bryndís Hlöðversdóttir tekur brátt við stöðu rektors á Bifröst.
tímamót 20

Sápukúluveisla
Aðdáendur Jónsa ætla að blása sápukúlur á tónleikum hans í Höllinni.
Fólk 42

United á toppnum
Dimitar Berbatov sá til þess að Man. Utd heldur toppsætinu í enska boltanum.
sport 36

veðrið í dag

LÉTTIR TIL NV- og V-til má búast við strekkingi og skúrum eða slyddu framan af degi. Í öðrum landshlutum verður hægari vindur og þar léttir til er líður á daginn. Hiti allt að 6°C allra syðst.

VEÐUR 4

Boðar víðtækt samráð um nýja peningamálastefnu

Ísland mun búa við krónu með einhverjum höftum til skamms tíma segir efnahags- og viðskiptaráðherra. Hann segir að meta verði tjónið af því að halda íslensku krónunni. Hún hafi verið hluti af vandanum.

EFNAHAGSMÁL Boðað verður til víðtæks samráðs og umræðu um mörkun nýrrar peningamálastefnu, skrifar Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, í grein í Fréttablaðinu í dag.

„Við verðum að meta með raunsæjum hætti tjónið af íslenskri krónu til lengri tíma litið og setja okkur raunhæf markmið um afnám hafta, sem ekki leiða til efnahagslegrar kollsteypu," segir Árni Páll.

Hann segir að til skamms tíma þurfi peningamálastefnan að greiða fyrir varkáru afnámi gjaldeyrishaftanna, en til lengri tíma þurfi hún að auðvelda Íslendingum upptöku evrunnar, samþykki þjóðin aðild að Evrópusambandinu.

„Til skemmri tíma munum við búa við krónu í einhvers konar höftum. Upptaka evru verður ekki einföld, en flest bendir til að valið verði milli hennar eða afturhvarfs til einhæfari viðskiptahátta og viðvarandi haftabúskapar," segir Árni Páll.

Hann segir sveigjanleika krónunnar hafa verið mikilvægan við lausn á efnahagsvanda fortíðarinnar, en hann sé jafnframt ein helsta ástæðan fyrir þeim erfiðleikum sem þjóðin hafi nú ratað í. Jákvæð áhrif gengislækkunar krónunnar séu ofmetin í umræðunni.

„Gengisfellingar gátu vissulega leyst tiltekin vandamál á fyrri tíð: Þær rýrðu kjör almennings og lækkuðu skuldir útflutningsgreina í lokuðu hagkerfi. Krónan var hins vegar lykilástæða fyrir vanda okkar í aðdraganda hrunsins og gengislækkun hennar í hruninu hefur búið til alvarlegasta efnahagsvanda þjóðarinnar, nú um stundir: Skuldavandann," segir Árni Páll.

> Engar líkur eru á að fjárfestar vilji efna til áhættu í íslenskum krónum í fyrirsjáanlegri framtíð og engir munu ótilneyddir vilja lána í íslenskum krónum.
>
> **ÁRNI PÁLL ÁRNASON**
> EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Úrlausn á ofskuldsetningu atvinnulífs og heimila er stærsta vandamálið, segir Árni. Vandinn stafi af því að þorri skulda sé annaðhvort tengdur verðbólgu eða gengi krónunnar. Þetta bendi til þess að krónan sé frekar hluti af vandanum en forsenda lausnarinnar.

„Þar við bætist sú staðreynd að traust á íslensku efnahagslífi og gjaldmiðlinum er nú í algeru lágmarki. Engar líkur eru á að fjárfestar vilji efna til áhættu í íslenskum krónum í fyrirsjáanlegri framtíð og engir munu ótilneyddir vilja lána í íslenskum krónum," segir Árni Páll.

„Við vitum hvernig hörmungarsaga krónunnar hefur verið hingað til. Er eitthvað sem bendir til að eftirhrunskrónan verði betri og veikleikarnir minni?"

- bj / sjá síðu 18

VATNAVEXTIR VIÐ SANDSKEIÐ Stormur var víða á landinu í gær og flæddi vatn meðal annars yfir Suðurlandsveg við Sandskeið. Brúin yfir Seljalandsá við Markarfljót skemmdist og við það lokaðist þjóðvegur 1. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Viðgerðum á brúnni yfir Seljalandsá lýkur vonandi snemma í dag:

Þjóðvegur eitt fór í sundur

VEÐUR Þjóðvegi 1 var lokað í gær þegar brúin yfir Seljalandsá við Markarfljót skemmdist í vatnavöxtum. Bjarni Jón Finnsson, yfirverkstjóri Vegagerðarinnar í Vík, segir að svo virðist sem grjót hafi skolast undan brúnni og því var ekki um annað að ræða en að loka henni.

Hjáleið var fljótlega opnuð á varnargarði skammt frá brúnni og var hún fær flestum bílum þrátt fyrir að um 10 til 15 sentimetra vatnslag flæddi yfir garðinn á stuttum kafla. Vegagerðin vonast eftir því að viðgerðum á brúnni ljúki fljótlega og að þjóðvegurinn verði opnaður aftur snemma í dag.

Stormur var víða á landinu í gær og fylgdi honum mikil úrkoma, sérstaklega á suðaustur horni landsins. Veðurstofan spáir því að það stytti upp um allt land í dag, fyrst vestan til.

Vatnsveðrið olli líka vandræðum á Suðurlandsvegi við Sandskeið. Þar flæddi vatn yfir veginn og þurfti Vegagerðin að senda vinnuvélar á staðinn til að halda veginum opnum.

Innanlandsflug var stopult í gær og var til dæmis ekkert flogið til Ísafjarðar. Millilandaflug raskaðist líka. Flug til Boston og New York féll niður sem og flug frá þessum borgum til Keflavíkur. Fólki sem á pantað flug í dag er bent á að fylgjast vel með gangi mála á vefsíðum flugfélaganna.

- tg

Funda um rekstur Sólheima:

Reyna að ná samkomulagi

FÉLAGSMÁL Stjórnendur Sólheima í Grímsnesi munu funda með forsvarsmönnum Sveitarfélagsins Árborgar á morgun til að freista þess að ná saman um áframhaldandi rekstur Sólheima eftir að málefni fatlaðra færast frá ríki til sveitarfélaga um áramót.

Líklegt er að reynt verði að ná bráðabirgðasamkomulagi um reksturinn til skamms tíma segir Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Árborgar. Hún segir að vilji forsvarsmenn Sólheima sinna rekstrinum áfram muni þeir ganga til samningaviðræðna.

„Ég geng vongóður til þessa fundar, en svo verðum við bara að sjá hvernig þetta fer," segir Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima í Grímsnesi.

- bj / sjá síðu 4

SPURNING DAGSINS

„Elísabet, þurfið þið ekki að taka þessum tíðindum af stillingu?“

Nei, það er ósanngjarnt að okkur sé stillt út við vegg?

Elísabet Blöndal er nemandi á útstillingbraut Iðnskólans í Hafnarfirði en nemendum á brautinni hefur verið tilkynnt bréflega að nám í greininni verði fellt niður frá og með áramótum.

Hefur vinnuheitið Norræni borgaraflokkurinn:

Nýr stjórnmálaflokkur að fæðast

STJÓRNMÁL Unnið er að stofnun nýs stjórnmálaflokks hægra megin við miðju sem ber vinnuheitið Norræni borgaraflokkurinn. Flokkurinn sækir sér fyrirmyndir til hægriflokka á Norðurlöndunum og í Mið-Evrópu.

„Þetta á að vera miðju-hægri flokkur sem trúir á blandað markaðshagkerfi þar sem velferðar- og menntakerfið hefur stóran sess,“ segir Guðbjörn Guðbjörnsson stjórnsýslufræðingur sem á sæti í framkvæmdanefnd flokksins, og bætir við að flokkurinn leggi áherslu á vinsemd í garð atvinnulífsins. „Sterkt atvinnulíf er undirstaða velferðar, menningar og menntunar, við skiljum það.“

GUÐBJÖRN GUÐBJÖRNSSON

Flokkurinn styður aðildarviðræður Íslands við ESB en Guðbjörn segir það ekki stærra stefnumál en hvað annað. Guðbjörn sjálfur sagði sig nýlega úr Sjálfstæðisflokknum sem hann er gagnrýninn á. „Sjálfstæðisflokkurinn hefur meira stillt sér upp með breska Íhaldsflokknum og Repúblikanaflokknum. Við deilum ekki þessu hatri á öllu opinberu sem maður verður var við hjá þeim flokkum. Við höfum ekkert á móti einkarekstri en þetta eiga ekki að vera trúarbrögð,“ segir Guðbjörn.

Flokkurinn hyggur á framboð í næstu þingkosningum en Guðbjörn segist ekki eiga von á kosningum í bráð. Engin þekkt nöfn úr stjórnmálalífinu vinna að stefnu flokksins þó flestir hafi einhvern þátt tekið í stjórnmálum áður. - mþl

Rafmagnsstaur og lína féllu:

Sluppu ómeiddar úr árekstri

LÖGREGLUMÁL Tvær konur sluppu ómeiddar eftir harðan árekstur í Hörðudal í gærmorgun.

Konurnar voru á leið til vinnu þegar sú sem ók missti stjórn á bílnum. Hann hafnaði á háum tólf kílóvolta rafmagnsstaur sem brotnaði. Rafmagnslína fór einnig undir bílinn. Það þykir mildi að konurnar skyldu sleppa ómeiddar frá bæði staurnum og rafmagnslínunni. Þær gátu haldið til vinnu, en bíllinn er mikið skemmdur. Þá sló út rafmagni í hluta Dalasýslu vegna árekstursins. - þeb

LOFTÁRÁS Árásin skildi eftir sig sprengjugíg skammt frá öryggisgirðingunni. NORDICPHOTOS/AFP F02261210

Grunaðir um tilraun til manndráps

Fjórir menn sitja í gæsluvarðhaldi eftir að þremur skotum var hleypt af á útidyrahurð í Ásgarði í Reykjavík á aðfangadag. Varðhald fékkst ekki yfir fimmta manninum. Mennirnir eru grunaðir um tilraun til manndráps og fleiri afbrot.

LÖGREGLUMÁL Fjórir menn sitja nú í gæsluvarðhaldi grunaðir um tilraun til manndráps og önnur brot. Þeir réðust að íbúð í Ásgarði í Bústaðahverfi í Reykjavík rétt fyrir hádegi á aðfangadag og skutu að lokum þremur skotum á útidyrahurðina. Hjón með tvö ung börn voru innandyra þegar árásin hófst en þau sluppu ómeidd.

Lögreglunni barst tilkynning um málið rétt fyrir hádegi á aðfangadag. Mennirnir höfðu þá sparkað og barið í hurðina en þegar það bar ekki árangur fóru þeir af vettvangi. Þeir komu svo aftur stuttu síðar með skotvopnið. Fjölmennt lið lögreglu og sérsveitarinnar fór á vettvang.

Sex menn voru svo handteknir í nágrenni hússins og lagt var hald á skotvopnið. Einn hinna grunuðu kýldi lögreglumann við handtökuna og nefbrotnaði lögreglumaðurinn í átökunum. Mennirnir voru allir í annarlegu ástandi. Einum þeirra var sleppt eftir yfirheyrslur en fimm gistu fangageymslur á aðfangadag. Lögreglan krafðist gæsluvarðhalds yfir þeim vegna málsins. Fjórir voru úrskurðaðir í tíu daga varðhald á jóladag en ekki var fallist á varðhald yfir fimmta manninum. Hann er talinn höfuðpaur og skipuleggjandi árásarinnar.

Fram kom í viðtali við nágranna heimilisfólksins í Ásgarði á Stöð 2 í gær að fólkið hafi flúið yfir í aðra íbúð þegar árásin var gerð. Þau hafi því öll verið komin úr íbúðinni þegar skotið var á hurðina. Þar kom einnig fram að í fyrstu hafi árásarmennirnir farið húsavillt, og að þetta hafi ekki verið í fyrsta skiptið sem hverfið sé heimsótt af mönnunum eða öðrum sem þeim tengjast.

Lögregla verst allra frétta af málinu en yfirheyrslur munu halda áfram á næstu dögum. Auk gruns um tilraun til manndráps eru mennirnir grunaðir um húsbrot, brot á vopnalögum og brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Þá er einn grunaður um líkamsárás á lögregluþjón og brot gegn valdstjórninni. thorunn@frettabladid.is

FÆRÐUR FYRIR DÓMARA Hér sést einn mannanna í fylgd lögreglumanna á jóladag. Á innfelldu myndinni sjást ummerkin eftir skotárásina. MYNDIR/STÖÐ 2

Handrukkun vegna skuldar

Mennirnir sem aðild eiga að málinu eru allir á þrítugsaldri og taldir tengjast fíkniefnaheiminum. Samkvæmt heimildum Fréttastofu Stöðvar 2 var um handrukkun að ræða vegna 1,2 milljóna króna skuldar mannsins sem býr í Ásgarði. Maðurinn hafi verið í fíkniefnasölu en klúður hans hafi orðið þess valdandi að annar fíkniefnasali hafi verið handtekinn. Ekki hafi því verið um beina fíkniefnaskuld að ræða. Dagana fyrir árásina hafi hann verið heimsóttur reglulega vegna málsins, síðast á Þorláksmessu. Hann hafi ekki viljað hringja á lögregluna heldur leysa málið sjálfur.

Veður fer hlýnandi:

Spá mildu veðri um áramótin

VEÐUR Útlit er fyrir fremur milt veður á landinu öllu um áramótin. Spár gera ráð fyrir hægri suðvestanátt og fremur hlýju veðri, segir Haraldur Eiríksson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands.

Á vestanverðu landinu má búast við skýjuðu veðri og smá vætu á gamlárskvöld. Mestar líkur eru á rigningu á Vestfjörðum og Norð-Vesturlandi, en líkur á smá sudda sunnan- og vestanlands. Hiti gæti farið í fimm gráður yfir daginn. Útlit er fyrir bjartara veður á austanverðu landinu, og hita nálægt eða jafnvel undir frostmarki, segir Haraldur. - bj

Segja stríð tímaspursmál:

Tveir látast í árás á Gasa

GASA Ísraelsmenn skutu niður tvo Palestínumenn í loftárás á Gasa, en samkvæmt ísraelska hernum ætluðu mennirnir að koma fyrir sprengjum á öryggisgirðingu á landamærunum við Ísrael.

Palestínumenn svöruðu með tveimur eldflaugaskotum sem lentu í Negev-eyðimörkinni. Engan sakaði. Ísraelar hafa varað við því að stríð sé einungis tímaspursmál og leiðtogar Hamas lofa að svara öllum árásum af hörku. Samkvæmt tölum SÞ hafa yfir 60 Palestínumenn og einn Ísraeli látist í hernaðarátökum á Gasa í ár. - tg

Leitað að konu á Englandi:

Fannst látin inni í skógi

BRETLAND **Lík Joanna Yeates fannst á jóladag í skógi skammt frá heimili hennar í Bristol á Englandi, en hennar hafði verið saknað frá 17. desember. Mikil leit hafði staðið yfir og höfðu foreldrar Yeates meðal annars komið fram í sjónvarpi og beðið þá sem gætu aðstoðað að gefa sig fram.**

Lögreglan getur ekki gefið upp dánarorsök fyrr en að lokinni krufningu en staðfesti að um grunsamlegan dauðdaga væri að ræða. Síðast sást til Yeates í Tesco-verslun í Bristol en veski, lyklar og úlpa hennar fundust í íbúð hennar. Fimbulkuldi hefur verið í Bretlandi í vikunni. - tg

Fæst innbrotanna upplýst:

Mikið um innbrot yfir jólin

LÖGREGLUMÁL **Talsvert hefur verið um innbrot á heimili um hátíðarnar.**

Að morgni jóladags stöðvaði lögregla mann sem hafði reynt að spenna upp fjölmarga glugga í austurhluta Reykjavíkur. Honum hafði ekki tekist að brjótast inn.

Að minnsta kosti sex innbrot voru tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á jóladag. Hundur gerði vart við eitt innbrotanna, en þar fóru þjófar ránshendi um hús í Hafnarfirði á meðan íbúar sváfu.

Karlmaður var handtekinn í miðju innbroti í Húsi verslunarinnar í Kringlunni í gærdag. Þá var reynt að spenna upp glugga í Hellulandi í Fossvogi án árangurs. - þeb

EVRÓPUMÁL

Umsókn verði dregin tilbaka

Tillaga um að umsókn Íslands að Evrópusambandinu verði dregin til baka verður lögð fram á Alþingi eftir áramót. Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, leggur tillöguna fram.

Er þinn auður í góðum höndum?

Komdu með sparnaðinn til Auðar fyrir áramót

- Séreignarsparnaður
- Sparnaður
- Eignastýring

Óháð staða skiptir máli

AUÐUR CAPITAL

Borgartúni 29
S. 585 6500
www.audur.is

Sex ár frá flóðbylgju sem kostaði um 230 þúsund manns lífið við Indlandshaf:

Leita enn barna sem hurfu

INDÓNESÍA, AP Sex árum eftir að flóðbylgja kostaði um 230 þúsund manns í tólf ríkjum við Indlandshaf lífið halda ættingjar fólks sem hvarf enn áfram að leita að börnum, foreldrum, frændum og frænkum.

Fjögur ár eru síðan stjórnvöld hættu að aðstoða fólk sem leitaði horfinna fjölskyldumeðlima. Lík um 37 þúsund þeirra sem taldir eru af eftir flóðbylgjuna hafa aldrei fundist. Sumir hafa neitað að gefast upp.

Titik Yuniarti heldur enn í vonina um að finna eitthvert af börnunum sínum á lífi. Hún missti eiginmann sinn og börnin sín þrjú í flóðbylgjunni. Eins og fjöldinn allur af örvæntingarfullum foreldrum hefur hún auglýst eftir börnunum í dagblöðum og hengt auglýsingar á ljósastaura.

Mikill fjöldi barna er munaðarlaus eftir hamfarirnar. Talið er að yfir fimm þúsund börn hafi misst annað eða bæði foreldra sinna í flóðbylgjunni.

MINNING Minningarathafnir voru haldnar víða í gær í þeim tólf löndum við Indlandshaf þar sem flóðbylgjan kostaði mannslíf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talsverður fjöldi fólks tók í gær þátt í athöfnum þar sem þeirra sem létust í náttúruhamförunum fyrir sex árum var minnst. - bj

FÆRÐ ÞÚ STÆRSTA VINNING ÁRSINS?

vertu með 28. desember

Fáðu þér miða á hhi.is

75 milljónir á einn miða

DRÖGUM Á MORGUN!

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 6611 eða hjá næsta umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

VÆNLEGAST TIL VINNINGS

PIPAR\TBWA • SÍA • 103073

GENGIÐ 23.12.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	116,84	117,40
Sterlingspund	179,91	180,79
Evra	153,01	153,87
Dönsk króna	20,53	20,65
Norsk króna	19,482	19,596
Sænsk króna	17,061	17,161
Japanskt jen	1,4077	1,4159
SDR	178,66	179,72

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,2607

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Umsjónarmenn Skóga í Þorskafirði segja nokkuð um að trjám sé stolið:

Finna sárin í skóginum á hverju ári

SKÓGRÆKT Nokkuð hefur borið á því undanfarin ár að fólk hefur tekið jólatré ófrjálsri hendi í Hnausaskógi í Þorskafirði. Umsjónarmenn Skóga hafa boðið íbúum Reykhólahrepps að koma í Hnausaskóg þegar þeir vilja og njóta þess sem skógurinn hefur að bjóða, til að mynda að tína ber, sveppi og njóta náttúrunnar, en skógarhögg hefur ekki verið eitt af þeim atriðum.

„Það er stolið jólatrjám úr skóginum á hverju ári. Jafnvel tegundum sem fólk ætti alls ekki að vera að taka, eins og rauðgreni, sem hefur átt undir högg að sækja á svæðinu," segir Björg Karlsdóttir, einn af umsjónarmönnum Skóga á svæðinu. „Það sér á skóginum, við finnum sárin á hverju ári. Það er höggvið ofan af trjánum og þau skilin eftir topplaus í sumum tilvikum."

Umsjónarmenn Skóga vilja að Hnausaskógur sé opinn öllum þeim sem vilja njóta hans, en skilyrðið sé að gengið sé um hann af heiðarleika og virðingu. „Að stela trjám er ekki góður boðskapur um jólin," segir Björg. - sv

GRENITRÉN Í SKÓGUM Undanfarin ár hefur trjám verið stolið úr skóginum. MYND/ÞÓRARINN ÓLAFSSON

Handtekinn á Keflavíkurvelli:

Með nokkur þúsund e-töflur

LÖGREGLUMÁL Íslenskur karlmaður um þrítugt var tekinn með nokkur þúsund e-töflur í Leifsstöð fyrir helgi.

Maðurinn var handtekinn við komu sína frá Kaupmannahöfn og voru töflurnar í farangri hans. Hann hefur ekki komið áður við sögu lögreglunnar, en rannsókn málsins stendur yfir. Rannsóknin beinist meðal annars að því hvort fleiri hafi staðið að innflutningnum. Maðurinn hefur verið úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald. - þeb

BEÐIST FYRIR Íbúar Abidjan, stærstu borgar Fílabeinsstrandarinnar, báðu fyrir friði á jóladag. NORDICPHOTOS/AFP

Fólk óttast borgarastyrjöld:

Flóttamenn flýja til Líberíu

FÍLABEINSSTRÖNDIN Nágrannaþjóðir Fílabeinsstrandarinnar hafa hótað að beita hervaldi gegn ríkisstjórn Gbagbo, sem heldur enn fast um stjórnartaumana þrátt fyrir að hafa tapað í nýafstöðnum kosningum.

14.000 óbreyttir borgara hafa flúið frá vesturhluta landsins til Líberíu af ótta við hugsanlegt borgarastríð, en flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna býst við allt að 30.000 flóttamönnum þangað ef átök brjótast út.

Gbagbo hefur krafist þess að þeir 10.000 friðargæsluliðar sem í landinu eru hverfi á brott en Sameinuðu þjóðirnar hafa neitað. - tg

LEIÐRÉTTING

Í fréttaskýringu um drög að frumvarpi um breytingu á náttúruverndarlögum síðastliðinn miðvikudag birtust rangar tölur um flatarmál votlendis sem til stendur að vernda. Rétt er að vernda á votlendi yfir 10.000 fermetrum og vötn yfir 1.000 fermetrum.

Sólheimadeilan gæti fengið farsælan endi

Reynt verður að eyða óvissu um framtíð Sólheima á fundi á morgun. Mögulegt að deilunni ljúki með bráðabirgðasamkomulagi fyrir áramót. Framkvæmdastjóri Sólheima segist ganga vongóður til fundarins með fulltrúum Árborgar.

FÉLAGSMÁL Forsvarsmenn Sólheima í Grímsnesi og Sveitarfélagsins Árborgar munu funda um stöðu Sólheima á morgun. Á fundinum mun koma í ljós hvort vilji er til þess af beggja hálfu að halda rekstrinum óbreyttum áfram.

„Við munum ræða stöðuna, fara yfir hvaða ákvarðanir framkvæmdastjórn Sólheima hefur tekið um hvernig þeir hyggjast koma þessu máli áfram. Ef þeir hafa áhuga á að sinna rekstrinum þarna áfram munum við væntanlega hefja samningaviðræður," segir Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar.

Óvissa hefur verið um rekstur Sólheima eftir áramót, þegar málaefni fatlaðra færast frá ríki til sveitarfélaga. Fram að þessu hafa forsvarsmenn Sólheima ekki viljað að málefni þessarar sjálfseignarstofnunar flytjist frá ríkinu til sveitarfélagsins.

Ásta segir ekki líklegt að samkomulag takist um áframhaldandi rekstur á fundinum á morgun. Líklegra sé að reynt verði að ná bráðabirgðasamkomulagi fyrir áramót til að skapa ráðrúm til að leysa varanlega úr málinu. Hún segir stjórnendur Árborgar fúsa til að leysa málin með samningum.

„Ég geng vongóður til þessa fundar, en svo verðum við bara að sjá hvernig þetta fer," segir Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima í Grímsnesi.

Hann segir að forsvarsmenn Árborgar hafi sagt opinberlega að þeir vilji tryggja það sem stjórnendur Sólheima líti á sem grundvallaratriði. Það sé að tryggja að íbúar Sólheima fái þá þjónustu sem þeir eigi rétt á, og að áframhaldandi sjálfstæði Sólheima verði tryggt.

„Við verðum að láta reyna á þetta fyrst Alþingi brást okkur," segir Guðmundur. Hann segir að leysa verði úr málinu fyrir áramót, en eftir fundinn á morgun liggi trúlega nokkurn veginn fyrir hvort einhver lausn sé í sjónmáli.

Í nýlegri yfirlýsingu frá félagsmálaráðherra og Sveitarfélaginu Árborg segir að íbúum á Sólheimum verði tryggð þar áframhaldandi þjónusta þótt forsvarsmenn Sólheima dragi sig út úr rekstrinum. brjann@frettabladid.is

SÓLHEIMAR Málefni fatlaðra færast frá ríki til sveitarfélaga um áramót. Forsvarsmenn Sólheima í Grímsnesi hafa verið ósáttir við þau málalok en munu nú ræða við forsvarsmenn Sveitarfélagsins Árborgar um framhaldið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ÁSTA STEFÁNSDÓTTIR

GUÐMUNDUR ÁRMANN PÉTURSSON

> Ef þeir hafa áhuga á að sinna rekstrinum þarna áfram munum við væntanlega hefja samningaviðræður.
>
> **ÁSTA STEFÁNSDÓTTIR**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI SVEITARFÉLAGSINS ÁRBORGAR

JÓLASKIP Þórunn Sveinsdóttir VE-401 sigldi inn í Vestmannaeyjahöfn að morgni aðfangadags. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Margir tóku á móti nýju skipi:

Skipinu fagnað með flugeldum

SJÁVARÚTVEGUR Fjölmenni var á bryggjunni í Vestmannaeyjum að morgni aðfangadags til að taka á móti Þórunni Sveinsdóttur VE-401, nýju togskipi útgerðarfélagsins Óss ehf., þegar hún sigldi inn í heimahöfn í fyrsta skipti.

Flugeldum var skotið upp til að fagna komu skipsins, auk þess sem þrjú önnur skip útgerðarfélagsins sigldu út á móti Þórunni og fylgdu henni að bryggju.

Skrokkur skipsins var smíðaður í Póllandi en lokafrágangur fór fram í Danmörku. Vélsmiðjan Þór lagði svo lokahönd á verkið með ísetningu vinnslukerfisins um borð. - bj

NÝJA-SJÁLAND

Jarðskjálfti við Christchurch

Sterkur jarðskjálfti reið yfir borgina Christchurch á Nýja-Sjálandi í fyrrakvöld. Skjálftinn átti uppruna sinn aðeins fimm kílómetrum frá borginni. Enginn slasaðist alvarlega.

EFNAHAGSMÁL

Sömu skattleysismörk

Skattleysismörk verða nánast þau sömu á næsta ári og því sem er senn á enda, þrátt fyrir að öll sveitarfélögin hækki útsvarið. Mörkin eru tæplega 124 þúsund krónur á mánuði.

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

KÓLNAR Á NÝ
Í dag léttir til og lægir á öllu landinu en þó má búast við strekkingi og skúrum eða slydduéljum framan af degi á Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Það kólnar hægt og rólega en þó má búast við að hitinn sé ofan frostmarks S- og SV-til næstu daga.



HEIMURINN

Alicante	14°
Basel	2°
Berlín	-6°
Billund	-4°
Frankfurt	-1°
Friedrichshafen	0°
Gautaborg	-4°
Kaupmannahöfn	-4°
Las Palmas	21°
London	2°
Mallorca	13°
New York	-2°
Orlando	11°
Ósló	-9°
París	0°
San Francisco	12°
Stokkhólmur	-2°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

SKELLTU ÞÉR Í SÓLINA
– BURT ÚR SKAMMDEGINU:

ORLANDO

LOGANDI HEITT JÓLATILBOÐ

Flug frá **29.900** kr.*

Flug og gisting frá **69.900** kr.**

Kynnið ykkur hvar þið getið notið lífsins í vetur og alla möguleikana sem eru í boði í Orlando á www.icelandair.is

Betra sætisrými, þinn eigin persónulegi skjár, meira en 150 klst. af afþreyingu og barnaefni á íslensku.

FLUG OG GISTING Í SÓLINNI – FJÓRÐA HVER NÓTT ÁN ENDURGJALDS

Gisting á Extended Stay við International Drive:
Þú gistir í 4 nætur en greiðir aðeins fyrir 3;
þú gistir í 8 nætur en greiðir aðeins fyrir 6 o.s.frv.

FLUG Í SÓLINA

Flugfar til Orlando í Flórída frá aðeins 29.900 kr.* aðra leiðina.

PUNKTAÐU NIÐUR SÓLINA

15.000 Vildarpunktar jafngilda 10.000 krónum.

VILDARKLÚBBUR ICELANDAIR

Félagar safna Vildarpunktum í öllu áætlunarflugi Icelandair. Þessir pakkar gefa 4.800 til 7.680 Vildarpunkta.

+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

Sölutímabil til 30. desember. Ferðatímabil: 11. janúar–1. mars. *Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar. **Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar og gisting í 4 nætur á mann í tvíbýli á Extended Stay.
Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar Icelandair fljúgi með vél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.

ÍSLENSKA SÍA.IS ICE 52715 12/10

KJÖRKASSINN

Borðaðir þú skötu á Þorláksmessu?

JÁ	43,7%
NEI	56,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fórst þú í jólamessu?

Segðu þína skoðun á vísir.is.

Orkuveitan mun ekki annast jólaskreytingar sveitarfélaga áfram á sinn kostnað:

Spara þrjátíu milljónir króna á jólaljósum

FJÁRMÁL Orkuveitan hefur tilkynnt sveitarfélögum á á rafmagnsdreifisvæði fyrirtækis að frá og með næstu jólum muni fyrirtækið ekki sjá um jólalýsingu á sama hátt og verið hefur.

„Við munum rukka fyrir þessa þjónustu frá og með næsta ári. Sveitarfélögin hafa tekið því af skilningi," segir Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar. Hann undirstrikar að fyrirtækið annast lýsinguna í ár fyrir sinn reikning eins og undanfarið. Það felist fyrst og fremst í því að lögð er til og fest upp jólalýsing og síðan hirt um hana. Þjónustan nær til þeirra svæða þar sem fyrirtækið dreifir rafmagni. Það eru Akranes, Mosfellsbær, Reykjavík, Kópavogur og hluti af Garðabæ. Að sögn Eiríkis nemur kostnaður Orkuveitunnar vegna þessara jólaskreytinga á bilinu tuttugu til þrjátíu milljónir króna. Mest kosti seríurnar sjálfar og vinnan við uppsetningu þeirra. Raforkan sé hins vegar hlutfallslega aðeins lítill þáttur.

„Þetta hefur haft tilhneigingu til að vaxa, kannski að hluta til vegna þess að sveitarfélögin hafa ekki þurft að borga fyrir. En það voru þó einhver sveitarfélög sem drógu úr þessu strax í ár þannig að umfang er eitthvað minn nú en áður," segir upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar. - gar

JÓLALJÓS Í REYKJAVÍK Orkuveitan hefur fyrir sinn reikning annast uppsetningu og umsýslu með jólaljósum í sveitarfélögum þar sem fyrirtækið dreifir rafmagni. Framvegis verður rukkað fyrir þjónustuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sorphirðubreytingar spari um 110 milljónir

Reykjavíkurborg áætlar að væntanlegar breytingar á sorphirðu muni spara borginni um 110 milljónir á komandi ári. Aukagjöld sem íbúar borga ef tunnur verða ekki færðar geta skilað um 70 milljónum. Miðborgin erfiðust í sorphirðu.

SKIPULAGSMÁL Væntanlegar breytingar á sorphirðu í Reykjavík munu líklega spara borginni um 110 milljónir króna á komandi ári. Hámarkslengd frá sorptunnu að sorpbíl verður takmörkuð niður í 15 metra og gefst borgarbúum möguleiki á því að borga 4.800 krónur í auka sorphirðugjald. Einnig verður sorp hirt á tíu daga fresti í stað viku, eins og tíðkast hefur.

Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri umhverfis- og samgöngusviðs, segir að ef áætlanir gangi eftir muni launakostnaður og tímasparnaður skila borginni töluverðum sparnaði, hvort sem borgarbúar greiði aukagjöldin eður ei. Gert er ráð fyrir að um helmingur sorpíláta í Reykjavík standi lengra en 15 metra frá sorpbílum þegar sorphirða á sér stað. Um 40 þúsund tunnur eru í Reykjavík og segir Guðmundur að ef um 40 prósent borgarbúa muni greiða sorphirðugjaldið í stað þess að færa tunnurnar nær bílunum, skili það inn um 70 milljónum aukalega til borgarinnar.

„Launa- og hirðukostnaður er um 2/3 af af heildarkostnaði borgarinnar við sorphirðu. Við getum sparað mikið ef tunnurnar koma nær og fáum enn fremur aukatekjur ef fólk borgar aukagjald," segir Guðmundur.

Áætlaður hirðukostnaður fyrir næsta ár er 470 milljónir, en var um 510 milljónir fyrir 2010. Sorpa tekur um 200 milljónir í móttökugjald og mun það haldast óbreytt á milli ára. Ef áætlaðar tekjur af aukagjöldum, 70 milljónir, eru dregnar frá þessum 470 milljónum, sparar borgin 110 milljónir með hagræðingunum.

SORPHIRÐA Í REYKJAVÍK Frá og með 1. janúar á næsta ári mun íbúum Reykjavíkur vera gert að færa tunnurnar nær bílunum í hagræðingarskyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ef fólk trillar fram ílátum í meiri mæli heldur en við höfum gert ráð fyrir, þá spörum við líka," segir Guðmundur. „En þetta eru stórar breytingar og mjög gróf áætlun. Við setjum þetta upp eins og okkar tilfinning er fyrir því hvernig íbúarnir munu bregðast við."

Breytingarnar verða tekna í áföngum og byrjað verður á aðgengilegri hverfum, eins og Grafarvogi og Kjalarnesi. Guðmundur segir miðborgina mun erfiðari þegar kemur að sorphirðu, sökum þröngra gatna og innkeyrslna.

„Við munum ekki taka alla borgina og leggja hana undir í einu," segir Guðmundur. „Við byrjum smátt og munum ekki hrófla við sorphirðugjöldum fyrr en hugsanlega árið 2012."

sunna@frettabladid.is

HREINDÝR Ökumenn eiga erfitt með að sjá hreindýrin í myrkrinu.

500 drepast í bílslysi á ári:

Endurskin á norsk hreindýr

NOREGUR Norska vegagerðin vinnur nú að því að endurskinsmerkja hreindýr landsins svo síður verði ekið á þau.

Í Noregi eru um 200 þúsund hreindýr, flest í eigu Sama. Búið er að hengja gular endurskinsólar eða litlar hornamerkingar á um 2.000 þeirra. Að jafnaði drepast um 500 norsk hreindýr í bílslysum á ári hverju. Reynsluakstur á snjósleða um hreindýralendur leiddi í ljós að merktu hreindýrin voru miklum mun sýnilegri en hin. - sh

Umfangsmikil rannsókn:

Meira vitað um legslímuflakk

HEILBRIGÐISMÁL Erfðafræðingar hafa borið kennsl á tvo erfðafræðilega þætti sem auka hættuna á legslímuflakki í konum.

Í rannsókninni voru 5.500 konur með legslímuflakk í Bretlandi, Bandaríkjunum og Ástralíu bornar saman við 10.000 heilbrigðar konur og benda niðurstöðurnar til þess að möguleiki á meðferð og lækningu sé nú meiri en áður. Kemur þetta fram á fréttavef BBC. Legslímuflakk herjar á allt að 6 til 10 prósent kvenna á barneignaraldri. - sv

Játning utanríkisráðherrans:

Störe heilladur af Wikileaks

NOREGUR Jonas Gahr Störe, utanríkisráðherra Noregs, segir Wikileaks-málið vera forvitnilegt að mörgu leyti þar sem leyniskjölin gefi innsýn í samskipti milli ríkja.

JONAS GAHR STÖRE

Þetta skrifar Störe í grein sem birtist meðal annars í Bergens Tidende, en hann er þó gagnrýninn á svik starfsmannsins sem lak gögnunum. Þeir sem vinna í utanríkisþjónustu þurfi að geta treyst á trúnaðarsamskipti.

Hann segir þó skondið að nú séu stjórnvöld að leita til fréttamanna eftir Wiki-skjölum sem ekki eru aðgengileg öllum. „Nú er hlutverkunum nánast snúið við þar sem við erum að biðja fjölmiðla um gagnsæi." - þj

Eftirlitsnefnd með fjármálum:

Fylgist áfram með Kópavogi

SVEITARSTJÓRNIR Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga mun ekki að svo stöddu aðhafast frekar vegna fjármála Kópavogsbæjar.

Að því er segir í frétt frá Kópavogsbæ mun nefndin þó áfram fylgjast með framvindu fjármála Kópavogsbæjar á næstu misserum og ítrekar varnaðarorð um skuldastöðu bæjarins. Skuldirnar eiga að lækka um einn milljarð á næsta ári samkvæmt fjárhagsáætlun. „Bæjarstjórnin hefur jafnframt sett sér það markmið að skuldir sem hlutfall af tekjum verði undir 200% árið 2014. Áætlað er að þetta hlutfall verði 248% vegna þessa árs og að það verði 214% á næsta ári," segir á kopavogur.is - gar

Áskorun

Skil á ársreikningi 2009

Samkvæmt lögum áttu félög að skila ársreikningum til ársreikningaskrár fyrir lok ágústmánaðar. Skilafrestur er því löngu liðinn.

Skorað er á stjórn félaga að senda nú þegar til ársreikningaskrár, rafrænt eða á pappír, ársreikning félagsins og samstæðureikning, ef það á við, fyrir árið 2009. Eigi félag eftir að skila eldri ársreikningum er skorað á það að skila þeim einnig.

Fésektir

Félög sem vanrækja að senda ársreikninga til skrárinnar eða senda ófullkomnar upplýsingar með ársreikningi geta sætt 500.000 kr. sekt.

Rafræn skil

Vakin er athygli á því að skila má ársreikningi rafrænt á þjónustusíðunni www.skattur.is. Hvatt er til þess að ársreikningi sé skilað rafrænt í stað skila á pappír. Sé ekki unnt að senda ársreikning rafrænt skal undirrituðum ársreikningi skilað til ríkisskattstjóra, ársreikningaskrár, Laugavegi 166, 150 Reykjavík.

Engin starfsemi

Skila ber efnahagsreikningi þar sem gerð er grein fyrir skráðu hlutafé, eignum, skuldum og eigin fé þótt félagið hafi ekki haft með höndum starfsemi á árinu 2009.

Ert þú í skilum?

Unnt er að sjá hvaða fyrirtæki eru í vanskilum með ársreikninga á heimasíðu ríkisskattstjóra rsk.is/fyrirtækjaskrá/félög í vanskilum. Athugaðu hvort þitt fyrirtæki stendur í skilum og bættu strax úr ef svo er ekki.

Á vef ríkisskattstjóra, www.rsk.is eru upplýsingar um hvað ársreikningur þarf að innihalda.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI
ÁRSREIKNINGASKRÁ

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver leikur Lé konung í samnefndu leikriti Þjóðleikhússins?*

2 *Hvaða fyrrverandi einræðisherra var fyrir helgi dæmdur í lífstíðarfangelsi?*

3 *Hver ætlar að skrifa ævisögu Völu Grand?*

SVÖR:
1. *Arnar Jónsson.* 2. *Jorge Videla.*
3. *Sverrir Stormsker*

Fornmaður frá Síberíu virðist hafa verið forfaðir eyjarskeggja í Kyrrahafi samkvæmt nýrri rannsókn á erfðaefni:

Nýfundin tegund var áður útbreidd í Asíu

VÍSINDI Fornmenn sem uppi voru í Síberíu fyrir meira en 30 þúsund árum blönduðust nútímamönnum. Þetta sýnir greining á erfðaefni fornmannanna og frumbyggja eyja norðaustur af Ástralíu, sem sagt er frá í nýjasta hefti vísindaritsins Nature.

Síberísku fornmennirnir, sem kallaðir eru Denisovans, áttu sameiginlegan forföður með nútímamönnum, rétt eins og Neandertalsmenn.

Aðeins eru níu mánuðir frá því að vísindamenn fundu fyrst leifar Denisovans. Þau bein sem hafa fundist til þessa hafa ekki verið stór, aðeins eitt fingurbein og ein tönn hafa verið grafin upp.

Denisovans og Neandertalsmenn eiga það sameiginlegt að hafa verið uppi á sama tíma og nútímamenn, og að hafa blandast afmörkuðum hópum nútímamanna áður en tegundirnar urðu útdauðar.

Það kom vísindamönnunum sérstaklega á óvart að síberísku fornmennirnir hafa blandast forfeðrum frumbyggja í Melanasíu, eyjum eins og Nýju-Gíneu og Fídji. Bein Denisovansfornmannanna hafa hingað til aðeins fundist í Denisova-hellinum í Suður-Síberíu. Skyldleikinn þykir benda til þess að þessi tegund fornmanna hafi verið útbreidd í Asíu fyrir um 45 þúsund árum, þegar forfeður íbúa Melanesíu komu fyrst til Nýju-Gíneu.

Erfðaefni þessara síberísku fornmanna sýnir að þeir áttu sameiginlegan forföður með Neandertalsmönnum. Sá átti aftur sameiginlegan forföður með nútímamanninum. - bj

UPPGRÖFTUR Bein Denisovans-fornmannsins hafa fundist í Denisova hellinum í Síberíu. MYND/MAX PLANCK I.E.A.

REYKJANESBRAUT Grindvíkingar bætast í stóran mótmælakór. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vegatollum mótmælt:

Stjórnin minnt á sóknaráætlun

SAMGÖNGUR Bæjarráð Grindavíkurbæjar mótmælir hugmyndum um vegatolla á Reykjanesbraut og segir auknar álögur í formi vegatolla munu hafa verulega neikvæð áhrif á búsetu, atvinnustig, fasteignaverð og fyrirtæki á Suðurnesjum.

Á heimasíðu sveitarfélagsins vekur bæjarráð athygli ríkisstjórnarinnar á því að hún hafi sjálf skilgreint Suðurnes sem hluta af atvinnusvæði höfuðborgarsvæðisins í tillögu að Sóknaráætlun 20/20.

Bæjarráð Grindavíkurbæjar hvetur því samgöngunefnd Alþingis og samgönguráðherra til að endurskoða hugmyndir um vegatolla á Reykjanesbraut. - shá

Norðurlandaráð ályktar:

Handtökurnar fordæmdar

STJÓRNMÁL Norðurlöndin gagnrýna harðlega illa meðferð á mótmælendum í Hvíta-Rússlandi vegna forsetakosninganna þar í landi.

Bæði Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin hafa fordæmt stjórnvöld í Hvíta-Rússlandi og viðbrögð þeirra við mótmælum eftir endurkjör Alexanders Lúkasjenkó. Fjöldahandtökur á stjórnarandstæðingum í landinu eru einnig fordæmdar. Halldór Ásgrímsson, framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar, segir nefndina krefjast þess að allir mótmælendur í Minsk verði tafarlaust látnir lausir. - þeb

Gæslan þarf þriðju þyrluna til að geta sinnt starfi sínu

Landhelgisgæslan þarf þrjár þyrlur til að geta sinnt hlutverki sínu fullkomlega, en hefur tvær til umráða. Nágrannaríkin aðstoða við að uppfylla skyldur vegna samnings um leit og björgun norður í hafi.

BJÖRGUN Nýgert samkomulag ríkja Norðurskautsráðsins um skipulag leitar- og björgunar á hafsvæðinu umhverfis Ísland breytir litlu í áætlunum Landhelgisgæslunnar að sögn Hrafnhildar Brynju Stefánsdóttur, upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar. Hún segir að vitað sé að samningurinn feli í sér ábyrgð á umfangsmiklu svæði en þarfagreining Gæslunnar frá árinu 2007, varðandi tækjakost til að sinna hlutverki sínu, sé enn í gildi.

HRAFNHILDUR STEFÁNSDÓTTIR

„Þar kemur fram að við þurfum í raun þrjár þyrlur til að geta sinnt okkar starfi fullkomlega og það hefur ekki breyst."

Sem stendur er Gæslan þó aðeins með tvær þyrlur til afnota, TF-LIF og TF-GNA, sem er tekin á leigu. Auk þess hefur hún á að skipa tveimur flugvélum og tveimur varðskipum, en hið þriðja, Þór, er enn í smíðum í Síle og er væntanlegt til landsins undir lok næsta árs.

Hrafnhildur segist að sjálfsögðu vonast til þess að úr rætist í þyrlumálum, en ráðamenn þurfi að taka ákvörðun um það. Fram að því er gott samstarf við grannþjóðirnar mikilvægt, og eitt af lykilatriðum samningsins.

„Ef upp kemur tilvik sem kallar á meiriháttar leitar- eða björgunaraðgerðir á þessu stóra hafsvæði erum við ekki nógu vel búin. Við þurfum því að kalla til aðstoð frá nágrannaþjóðunum og erum í miklu sambandi við þær. Danir láta til dæmis alltaf vita af því ef þeir eru á ferðinni við landið og eru tilbúnir til að aðstoða okkur, sem þeir hafa gert ef staðið hefur illa á með viðgerðir á þyrlum hjá okkur."

Með góðri samvinnu er því tryggt að fram að því að Gæslan verði fullbúin tækjum muni viðbragðsgeta innan umráðasvæðis Íslands vera viðunandi.

„Það gera sér líka allir grein fyrir að þetta snýst um samvinnu. Ekkert eitt ríki getur farið í björgunaraðgerðir á þessu stóra svæði heldur þarf alltaf að kalla til fleiri." bætir Hrafnhildur við.

REIÐA SIG Á SAMSTARF Landhelgisgæslan á erfitt með að sinna hlutverki sínu samkvæmt nýjum samningi um leit og björgun sökum vöntunar á þyrlu. Þar til úr rætist mun gæslan reiða sig á aðstoð nágrannaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Ef upp kemur tilvik sem kallar á meiriháttar leitar- eða björgunaraðgerðir á þessu stóra hafsvæði erum við ekki nógu vel búin.
>
> **HRAFNHILDUR STEFÁNSDÓTTIR**
> UPPLÝSINGAFULLTRÚI GÆSLUNNAR

Ásgrímur L. Ásgrímsson, yfirmaður stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar, sat samningafundina hjá Norðurskautsráði og segir í raun enga þvingun felast í samningnum. Þar sé fyrst og fremst verið að skerpa á ýmsum þáttum í viðbragðsferlinu.

„Í samningnum felst skuldbinding fyrir hvert ríki um að gera sitt besta miðað við aðstæður hverju sinni." thorgils@frettabladid.is

Leitar- og björgunarsvæði Íslands



- Leitar- og björgunarsvæði Íslands nær yfir um 1,8 milljónir ferkílómetra, sem er meira en tvöfalt stærra en efnahagslögsagan.
- Hafsvæðið umhverfis Ísland er talið vera eitt það erfiðasta á jörðinni vegna mikillar veðurhæðar, ölduhæðar, ísingar og kulda. Þá skapar rekís hættu fyrir skip norður og norðvestur af landinu og getur hrakið skip nær landi en æskilegt er. Slíkt skapar aukna hættu á að skip verði fyrir áföllum sem leitt geta til mannskaða og alvarlegra umhverfisslysa.
- Samningur Norðurskautsráðsins þykir marka tímamót þar sem um er að ræða fyrsta sinn sem aðildarríkin átta gera með sér slíkan alþjóðasamning.

Ár slaufunnar
2011

Veljum íslenskt
– okkar hagur!
Samtök iðnaðarins - www.si.is

Þrettán bræður sem þekkja íslenskar aðstæður

Íslensku jólasveinarnir hafa fylgt okkur í gegnum nístandi frost og skafrenning í margar aldir.
Sá útlenski er góður kall og allur af vilja gerður en hann er bara ekki búinn fyrir íslenskar aðstæður.

Málning hefur í 57 ár framleitt og þróað málningu og viðarvörn sem þolir íslenskt veðurfar.

Við óskum Íslendingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

málning
- það segir sig sjálft -

FRÉTTASKÝRING: Mark Zuckerberg útnefndur einstaklingur ársins

Árið sem Facebook tók netið yfir

Mark Zuckerberg, stofnandi Facebook, hlaut nú í desember nafnbótina einstaklingur ársins hjá bandaríska tímaritinu Time, næstyngstur frá upphafi. Í rökstuðningi fyrir valinu er Zuckerberg sagður hafa tengt saman meira en hálfan milljarð manna og hafa breytt því hvernig við lifum lífi okkar.



MARK ZUCKERBERG Snillingurinn ungi sem stofnaði Facebook í herbergi sínu á heimavist Harvard árið 2004. Á eftir Charles Lindbergh sem hlaut nafnbótina e fyrstur allra árið 1927 er Zuckerberg yngstur til vera valinn einstaklingur ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

EINSTAKLINGUR ÁRSINS Forsíða desemberheftis Time þar sem ýtarlega er fjallað um Mark Zuckerberg og Facebook. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fagnaðarlæti brutust út í höfuðstöðvum Facebook í Palo Alto í Kaliforníu snemma dags 21. júlí síðastliðinn. Tilefnið var að fjöldi virkra notenda á vefsíðunni hafði náð 500 milljónum. Síðan hafa rúmlega 50 milljón manns bæst í hópinn sem þýðir að tólfta hver manneskja á jörðinni er virk á síðunni. Þessi hópur ver samtals 700 milljörðum mínútna þar inni í hverjum mánuði og í fjórða hvert skipti sem einstaklingur í Bandaríkjunum skoðar vefsíðu er sú vefsíða Facebook. Um 700 þúsund manns skrá sig á síðuna daglega

Þetta er sannarlega undraverður vöxtur en vefsíðan fór í loftið snemma árs 2004. Vöxturinn kann hins vegar að vekja furðu þeirra sem hafa ekki skráð sig á vefinn og spyrja margir þeirra hvað í ósköpunum fólk gerir þarna.

Fjölbreytt félagslíf á netinu

Þegar notendur skrá sig á Facebook búa þeir til persónulega síðu með upplýsingum um sig. Því næst hafa þeir uppi á vinum og kunningjum sem þeir mynda tengsl við og geta þá skipst á skilaboðum, spjallað sín á milli, deilt fróðlegu eða skemmtilegu efni, ljósmyndum eða í raun hverju sem er. Notendur geta jafnframt notað síðuna til að bjóða á viðburði, stofnað hópa með til dæmis vinnu- eða skólafélögum eða jafnvel spilað tölvuleiki við aðra. Flestir notendur eyða hins vegar einfaldlega mestum tíma í að skoða hvað aðrir notendur eru að gera í lífinu. Hægt er að skoða ljósmyndir af öðrum í leik og starfi (flestar myndir af fólki koma yfirleitt frá öðrum notendum sem merkja svo einstaklingana á myndunum) eða lesa svokallaðar uppfærslur, sem eru stutt textaskilaboð sem notendur setja inn á síðuna sína og birtast svo í fréttayfirliti vina. Í stuttu máli má því segja að síðan byggi í raun á því að einstaklingar deili upplýsingum og öðru með vinum sínum.

Galdurinn við Facebook er einmitt það hve auðvelt það er að eiga samskipti við og deila upplýsingum með öðru fólki á síðunni. Eins og nýlega var haft eftir hagfræðingi sem hefur rannsakað síðuna, minnkar hún í raun kostnaðinn við að eiga samskipti við aðra.

Áhyggjur af öryggi upplýsinga

Sú nýbreytni sem felst í Facebook virðist kannski ekkert sérlega merkileg en hefur reynst alveg ótrúlega kraftmikil. Þannig hefur síðunni tekist að valta yfir keppinauta með því einu að bjóða upp á félagslegan þátt umfram aðra. Áður en Facebook kom fram var til að mynda mikil samkeppni á netinu milli síða sem geyma ljósmyndir. Facebook kom svo árið 2006 fram með nýja ljósmyndaþjónustu sem stóðst engan samanburð tæknilega en hafði það fram yfir aðra að hægt var að merkja aðra notendur á Facebook inn á myndirnar. Það var ekki að spyrja að því, Facebook er í dag langstærsti ljósmyndabanki í heiminum.

> Galdurinn við Facebook er einfaldlega hve auðvelt það er að eiga samskipti við og deila upplýsingum með öðru fólki á síðunni.
>
> **MARK ZUCKERBERG**

Þessi félagslegi þáttur síðunnar hefur hins vegar líka sínar skuggahliðar. Margir hafa til dæmis miklar áhyggjur af því að á Facebook sé of auðvelt að nálgast persónuupplýsingar um aðra, þar á meðal myndir. Vefsíðan hefur legið undir ámæli fyrir flóknar og ógagnsæjar stillingar þegar kemur að persónuupplýsingum auk þess sem fjölmörg tilfelli hafa komið upp þar sem illa þokkaðir einstaklingar hafa nýtt sér upplýsingar af Facebook í misjöfnum tilgangi. Zuckerberg viðurkennir að þetta sé klárlega vandamál en segir fyrirtækið gera sitt besta til að tryggja öryggi persónuupplýsinga, það sé hins vegar erfitt að tryggja að ókunnugir komist ekki í upplýsingar fólks því það að aðrir komist í upplýsingar og efni frá þér er jú nokkurn veginn það sem síðan snýst um.

THE SOCIAL NETWORK Kvikmyndin um tilurð Facebook hefur fengið frábæra dóma og þykir líkleg til afreka á Óskarsverðlaunahátíðinni í febrúar.

Facebook verður til

Áhugi á sögunni um hvernig Facebook varð til hefur stóraukist í kjölfar þess að kvikmyndin The Social Network, um tilurð vefsíðunnar, kom út í sumar. Að myndinni stendur sannkallað stórskotalið; Aaron Sorkin, handritshöfundur og skapari sjónvarpsþáttanna The West Wing, og leikstjórinn David Fincher, sem á að baki myndir á borð við The Curious Case of Benjamin Button og Fight Club. Kvikmyndin hefur fengið frábæra dóma og er spáð góðu gengi á Óskarsverðlaunahátíðinni í febrúar. Zuckerberg er í myndinni lýst sem ofurklárum snillingi með takmarkaða félagslega hæfileika sem skapar vefsíðuna til að komast í hóp vinsæla og fallega fólksins í Harvard, þar sem hann stundaði nám. Í henni er líka mikið gert úr sambandi Zuckerbergs við tvíburana Cameron og Tyler Winklewoss sem telja hann hafa stolið hugmyndinni að Facebook frá sér og fengu síðar tugir milljóna dala í sínar hendur eftir lögsókn.

Þeir sem þekkja söguna um Facebook best virðast hins vegar vera sammála um það að um Hollywood dramtíseringu er að ræða þar sem sannleikinn er ekki látinn flækjast fyrir góðri sögu. Zuckerberg segir sjálfur lítið vera til í því að Facebook hafi verið einhvers konar tilraun til að ná í stelpur og bendir á að hann hefur verið með kærustu sinni frá því áður en Facebook varð til – en í kvikmyndinni kemur kærastan hvergi við sögu. Að sama skapi segir hann of mikið gert úr þætti Winklewoss-tvíburanna sem hafi fengið keimlíka hugmynd en þó ansi ólíka.

Þegar Zuckerberg og félagar hans sáu hve auðveldlega Facebook fór úr því að vera innanskólasíða í Harvard yfir í að ná fótfestu í flestum stærstu skólum Bandaríkjanna, hættu þeir í skólanum og fluttu í Kísildal í Kaliforníu. Síðan hafa þeir unnið hörðum höndum og fjöldi notenda aukist með vísisvexti.

Það vill líka oft gleymast hve stórt fyrirtæki Facebook er orðið. Starfsmenn eru tæplega tvö þúsund talsins, fyrirtækið hefur aðstöðu í tólf löndum og tekjur á árinu 2010 eru taldar jafngilda um 120 milljörðum íslenskra króna. Vefurinn er metinn á um 6.500 milljarða íslenskra króna samkvæmt uppboði sem nýlega fór fram á takmörkuðum fjölda hluta í fyrirtækinu. Það þarf því vart að koma á óvart að Zuckerberg er kominn á lista yfir ríkustu menn heims.

Framtíðin með Facebook

Meðal þeirra sem þekkja til er talað um að á árinu 2010 hafi orðið breytingar á valdahlutföllum í netheimum. Google hafi um árabil verið mest notaða og verðmætasta vefsíða heims en Facebook hafi nú tekið við þeim kyndli. Í Sílíkondal er talað um að spenna sé komin upp á milli fyrirtækjanna en Facebook hefur auk þess lokkað marga af lykilstarfsmönnum Google yfir til sín. Sumir sjá nú fyrir sér framtíð þar sem stærstur hluti vefnotkunar einstaklinga verður tengdur við Facebook. Að netið hætti að vera ópersónulegur heimur þar sem ókunnugir flakka um án þess að vita hver af öðrum, heldur verði félagslegur heimur þar sem þú hittir vina þína á vafri og fylgir þeirra ráðleggingum um hvert skal halda næst. Facebook er enda síbreytileg, fyrr í þessum mánuði voru gerðar róttækar breytingar á útliti vefsins og í hverjum mánuði eru nýir valmöguleikar kynntir til sögunnar. Ef saga netsins er höfð í huga er þó sennilega of snemmt fyrir Mark Zuckerberg og félaga að hrósa sigri yfir netinu, það er nefnilega aldrei að vita hvaða nýjung er handan við hornið.

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Einstaklingur ársins hjá Time

Bandaríska tímaritið Time hefur frá 1927 árlega veitt nafnbótina einstaklingur ársins til þess „einstaklings, pars, hóps, hugmyndar, staðar eða vélar sem haft hefur, til góðs eða ills, mest áhrif á atburði ársins“. Nafnbótin bar heitið Maður ársins til ársins 1999 en var þá breytt. Hugmyndin að henni vaknaði í lok árs 1927 í kjölfar þess að Time hafði sætt harðri gagnrýni fyrir að hafa ekki fjallað nægilega ýtarlega um Charles Lindbergh eftir einflug hans yfir Atlantshafið fyrr um árið. Með því að velja Lindbergh mann ársins og setja hann á forsíðu desemberheftisins taldi ritstjórn Time sig geta bætt fyrir mistökin og varð hefðin þar með til.

Þrátt fyrir að nafnbótin sjálf gefi til kynna að veita eigi hana einstaklingi hefur ritstjórn Time verið óhrædd við að hugsa út fyrir rammann. Þannig var kynslóðin 25 ára og yngri valin kynslóð ársins 1966, tölvan var valin vél ársins árið 1982 og jörðin pláneta ársins 1988 að því ógleymdu að þú, notandi upplýsingatækni, varst valinn árið 2006.

HYUNDAI

5 ára ábyrgð

5 ára vegaaðstoð

5 ára léttskoðun

Þrefalt betri

Nýjum *i30* fylgir þrefaldur öryggispakki til 5 ára.

Nýr *i30*

Hjá Hyundai er öryggið ávallt í fyrirrúmi. Nýjum Hyundai *i30* fylgir nú þrefaldur öryggispakki sem samanstendur af 5 ára ábyrgð, 5 ára vegaaðstoð og aðgangi að léttskoðun í 5 ár. Þessu til viðbótar hlaut nýr Hyundai *i30* 5 stjörnu einkunn í árekstrarprófi og státar af einstaklega sparneytinni og umhverfisvænni vél. Óhætt er að fullyrða að öruggari bílakaup séu vandfundin á Íslandi í dag.

Verð frá: **2.690.000 kr.**

Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ
VEGAAÐSTOÐ
LÉTTSKOÐUN

B&L og Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

INGVAR HELGASON

INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2010

Stóra biskupsmálið snýr aftur

Árið 2010 var síst þægilegra Þjóðkirkjunni en árið á undan hafði verið. Það ár hafði þó reynst kirkjunni hið erfiðasta í hálfan annan áratug. Sögulok eða sagan endalausa spyr *Davíð Þór Jónsson* í grein um kynferðisbrot þjóna kirkjunnar og viðbrögð kirkjunnar við þeim.

Þegar árið, sem nú er að líða, gekk í garð vonuðu allir velunnarar Þjóðkirkjunnar að það yrði henni þægilegra en það sem þá rann sitt skeið. Árið 2009 hafði nefnilega reynst kirkjunni eitt hið erfiðasta í 14 ár. Kynferðisbrot kirkjunnar þjóna höfðu ekki verið áberandi í fréttum hérlendis fram að því, alltjent ekki ef miðað er við mörg grannlönd okkar, en mál sr. Gunnars Björnssonar breytti því. Í kjölfarið á ásökunum í garð Ólafs Skúlasonar árið 1996 kom kirkjan sér upp ferli til að taka á slíkum málum, en úrræðaleysi hennar í þeim efnum hafði valdið mörgu kirkjufólki hugarangri. Mál Gunnars var hið fyrsta sem fór í gegn um þetta ferli frá upphafi til enda. Líta má því á það sem eins konar „prufukeyrslu“ fyrir kerfið. Kannski er það ágætur vitnisburður í þessum efnum að ekkert slíkt mál skyldi koma til kasta kirkjunnar allan þennan tíma.

KRÍSUFUNDUR Á BISKUPSSTOFU Herra Karl Sigurbjörnsson biskup og séra Geir Waage funduðu í sumar í kjölfar greinar séra Geirs þar sem hann benti á algera þagnarskyldu presta. Á veggnum er málverk af séra Ólafi Skúlasyni en þessi mynd var síðar flutt á minna áberandi stað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Siðanefndin brást

Góðu fréttirnar voru auðvitað þær að kerfið virkaði. Niðurstaða fékkst í málið og presturinn var látinn víkja, þótt landslög kæmu í veg fyrir að hægt væri að svipta hann hempunni. Fagráð Þjóðkirkjunnar um kynferðisbrot stóð sína plikt. Vondu fréttirnar voru aftur á móti þær að ákveðnir, alvarlegir hnökrar á ferlinu komu í ljós. Í stað þess að lagfæra þá, svo kirkjan yrði enn betur í stakk búin til að taka á sambærilegum málum í framtíðinni, varpaði yfirstjórn kirkjunnar hins vegar öndinni léttar, taldi sér trú um að allt væri yfirstaðið og vonaði hið besta. Sú von brást auðvitað.

Hnökrarnir eru, að mínu mati, einkum þrír. Sá fyrsti varðar reyndar ekki kirkjuna heldur dómskerfið. Hann er í því fólginn að tæpt ár tók að fá niðurstöðu í málið frá því að það var kært. Þótt ellefu mánuðir kunni að þykja eðlilegur tími fyrir afgreiðslu sakamála, er óviðunandi að unglingsstúlkur, sem brotið hefur verið á, þurfi að bíða svo lengi eftir að fá viðurkenningu á að þær hafi verið beittar órétti. Eitt ár er heil eilífð fyrir börn og unglinga. Kynferðisbrotamál sem varða þau verða að fá skjótari afgreiðslu.

Í öðru lagi kom í ljós að starfsreglur úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar eru gallaðar. Þær gera ráð fyrir því að nefndin geti gripið til úrræða þegar prestur gerist sekur um agabrot, en ekki ef um siðferðisbrot er að ræða. Siðferðisbrot taka til mannlegra samskipta en agabrot varða vanrækslu presta á þjónustunni sem þeim er ætlað að veita. Að mínum dómi sýnir þetta að brýnt er að breyta 12. gr. laga nr. 78 frá 1997, sem úrskurðarnefndin starfar eftir, á þann veg að við siðferðisbrotum séu sömu úrræði og við agabrotum.

Þriðji og langalvarlegasti ágallinn á afgreiðslu málsins var þó sá að siðanefnd Prestafélags Íslands brást gjörsamlega. Að vísu komst hún að þeirri niðurstöðu að framferði sr. Gunnars hefði brotið í bága við siðareglurnar, en hún brást þeirri skyldu sinni að skera úr um alvarleika brotsins og veita í kjölfarið áminningu eða vísa málinu til stjórnar Prestafélagsins sem tekur ákvörðun um hvort ástæða sé til brottvísunar úr félaginu. Í raun má því segja að mál sr. Gunnars sé enn til meðferðar hjá siðanefndinni, en starfsreglur hennar kveða skýrt á um að henni beri að afgreiða öll mál, sem til hennar er beint, með þeim hætti.

Reynsla af Selfossmáli vannýtt

Að mínum dómi var afgreiðsla biskups á Selfossmálinu honum til sóma, enda erfitt að byggja Salómonsúrskurð á annarri eins Pílatusarmeðferð og málið fékk hjá siðanefnd P.Í. Það var ánægjulegt að sjá hann vaxa með þeim hætti í starfi. En hann lét, illu heilli, hjá líða að láta kné fylgja kviði og þrýsta á siðanefndina að vinna vinnuna sína og á Alþingi að lagfæra starfsreglur úrskurðarnefndarinnar. Sömuleiðis lét prestastéttin það ógert að skikka siðanefndina til að fara að reglum eða samþykkja vantraust á hana ella. Fyrir vikið er nefndin núna með öllu tilgangslaus, ómarktæk og trausti rúin. Stéttar- og fagfélag, sem vill láta taka sig alvarlega, má ekki sætta sig við slíkt ástand á siðanefnd sinni.

Þegar upp er staðið er því engum blöðum um það að fletta að kirkjan dró minni lærdóm af Selfossmálinu en henni hefði verið í lófa lagið. Hún var af þeim sökum verr undir það búin en efni stóðu til að sýna rögg og fagmennsku í framgöngu sinni þegar Stóra biskupsmálið sneri aftur af fullum þunga í ágúst á þessu ári. Og einmitt vegna vasklegrar framgöngu herra Karls Sigurbjörnssonar í Selfossmálinu var einkar átakanlegt að sjá hann gera þann álitsauka að engu í sjónvarpsviðtali.

Biskupi vandi á höndum

Vissulega var honum vandi á höndum og hann fráleitt öfundsverður af því hlutskipti sínu að þurfa að bera af sér sakir um að hafa haldið hlífiskildi yfir kynferðisafbrotamanni. Aðkoma hans að máli hr. Ólafs Skúlasonar fyrir 14 árum ásamt þeim þungu sökum sem hann var borinn gerðu hann augljóslega vanhæfan til að vera talsmaður kirkjunnar í málinu. Til þess hefðu aðrir átt að vera betur

> Kirkjunnar bíður því mikið starf við endurskipulagningu sína. Æskilegast væri auðvitað að óumdeildur leiðtogi stýrði því starfi, einstaklingur sem ekki er flekkaður af yfirsjónum kirkjunnar í fortíðinni.

fallnir, s.s. formaður Prestafélagsins eða vígslubiskupar Þjóðkirkjunnar – en þeim er beinlínis ætlað að leysa biskup af þegar hann er löglega afsakaður frá því að gegna skyldum sínum. Biskup gerðist enda sekur um það klaufalega hálfkák að reyna að taka málstað fórnarlambanna án þess þó að treysta sér til að lýsa yfir óvefengjanlegri sekt herra Ólafs heitins, eflaust til að leggja ekki meiri byrðar á aðstandendur hans en þegar er orðið. Þeir eru auðvitað þolendurnir sem gleymst hafa í umræðunni og Karl hefur ekki viljað snúa hnífnum í þeirra hjartasári. Því miður er sá valkostur þó ekki í boði. Það er ekki hægt að taka afstöðu með fórnarlömbum án þess að taka afstöðu gegn gerendunum.

Það sem gerðist í kjölfarið sýnir þó svo ekki verður um villst að kirkjan er ekki biskupinn einn. Kirkjuráð sendi frá sér yfirlýsingu þar sem fórnarlömbin voru beðin afsökunar. Prestar landsins buðu fórnarlömbum Ólafs Skúlasonar á fund þar sem þau voru beðin fyrirgefningar á máttleysi kirkjunnar. Í viðtali lýsti ein kvennanna þeim fundi sem mikilli sáluhjálp fyrir sig. Sr. Hjálmar Jónsson, sem hafði verið sakaður um yfirhylmingu ásamt Karli, baðst í prédikun fyrirgefningar á því að hafa ekki verið fær um að veita þá hjálp sem hann var beðinn um í mars 1996. Það sama gerði sr. Pálmi Matthíasson, sem einnig hafði verið leitað til. Sr. Sigríður Guðmarsdóttir viðurkenndi í blaðagrein afskiptaleysi sitt og fór fram á að hlutlaus nefnd rannsakaði starfshætti kirkjunnar fyrir fjórtán árum og viðbrögð hennar. Við því var orðið og í nóvember skipaði kirkjuþing nefndina. Formaður hennar er Róbert Spanó, forseti lagadeildar H.Í. Nefndin starfar algerlega sjálfstætt, er óháð öllum stofnunum kirkjunnar og mun skila niðurstöðum sínum næsta sumar.

Breytt viðhorf kirkjunnar

Kirkjan hefur því óneitanlega lært eitthvað af því sem á henni hefur dunið. Hún vill að sönnu geta reynst skjól öllum sem til hennar leita og virðist reiðubúin að líta í eigin barm. Vonandi reynist hún einnig fær um að bæta ráð sitt. Reyndar fer ekki á milli mála að viðhorfin og vinnubrögðin eru önnur núna en fyrir fjórtán árum. Fyrir það standa allir í þakkarskuld við konurnar sem á sínum tíma komu fram og sögðu sögu sína. Án þeirra væri kirkjan hugsanlega enn jafnúrræðalaus og þá. Sr. Sigurður Árni Þórðarson hefur lagt til að veitt verði „Hetjuverðlaun Þjóðkirkjunnar“ og að fórnarlömb Ólafs Skúlasonar verði fyrstu verðlaunahafarnir. Að slík tillaga sé sett fram sýnir kannski best hin gerbreyttu viðhorf.

Það er þó ekki þar með sagt að Þjóðkirkjan sé búin að bíta úr nálinni með þetta. Þær raddir urðu um skeið háværar að Karli Sigurbjörnssyni bæri að segja af sér vegna málsins. Að mínu mati er sú krafa þó ósanngjörn. Þótt honum hafi vissulega verið mislagðar hendur þegar biskupsmálið sneri aftur í haust verður ekki hjá því litið að arfleifð hans í þessum efnum verður sú að í hans biskupstíð var almennilegri skikkan komið á þessi mál innan kirkjunnar. Ekki skal fullyrt að hann beri sjálfur alla ábyrgð á því, en það var á hans vakt sem það gerðist og það hlýtur að teljast honum til tekna.

Afdrifaríkt ár framundan

Úrsögnum úr Þjóðkirkjunni fjölgaði í kjölfar þessa máls, sem ekki þarf að koma á óvart. Mörgum finnst það eflaust vera það eina sem í þeirra valdi stendur til að láta í ljós óánægju sína í verki. Aftur á móti leiðir könnun, sem gerð var nýlega, í ljós að tiltölulega fáir bera lítið traust til kirkjunnar í hverfinu sínu eða til sóknarprestsins síns. Hlutfallið er um 20% – svipað og hlutfall þeirra sem ekki tilheyra Þjóðkirkjunni. Þótt þetta sé e. t. v. ekki alfarið sami hópurinn má gera ráð fyrir því að hann telji að mestum hluta sama fólkið. Úrsagnirnar bera því ekki vott um óánægju með grasrótarstarf kirkjunnar. Þeim mun sorglegri er sú staðreynd að úrsagnir úr Þjóðkirkjunni hafa þau áhrif ein að í stað þess að sóknargjöld renni til sóknarkirkju renna þau óskipt í ríkissjóð. Úrsagnirnar bitna þannig á barna- og æskulýðsstarfi, félagsstarfi eldri borgara og annarri þjónustu kirkjunnar í nærsamfélagi þess sem segir sig úr henni, einmitt þeim þætti í starfi kirkjunnar sem minnstur styr stendur um. Flestar sóknir í Reykjavík búa sig nú undir 15-20% niðurskurð á næsta ári.

Árið 2011 verður afdrifaríkt í sögu Þjóðkirkjunnar. Ósennilegt er að ný stjórnarskrá lýðveldisins geri ráð fyrir sams konar tengslum ríkis og kirkju og 62. grein núverandi stjórnarskrár gerir. Kirkjunnar bíður því mikið starf við endurskipulagningu sína. Æskilegast væri auðvitað að óumdeildur leiðtogi stýrði því starfi, einstaklingur sem ekki er flekkaður af yfirsjónum kirkjunnar í fortíðinni. Það gæti því verið sterkur leikur hjá Karli Sigurbjörnssyni að víkja úr starfi einmitt af því tilefni. Þannig léti hann hagsmuni kirkjunnar ganga fyrir sínum eigin og tryggði að engir fortíðardraugar setji svip á þá mikilvægu skipulagsvinnu sem inna þarf af hendi.

Einnig er mikilvægt fyrir trúverðugleika kirkjunnar að niðurstaða rannsóknarnefndarinnar næsta sumar verði afdráttarlaus, að kirkjan gangist undanbragðalaust við henni og leggi hiklaust í hvert það umbótastarf sem hún gefur tilefni til. Því ef kirkjan getur dregið einhvern lærdóm af atburðum ársins 2010 er hann að mínu mati sá að þótt það sé erfitt að læra af mistökum sínum er það þó, þegar til lengri tíma er litið, ekki næstum því eins erfitt og að gera það ekki.

Davíð Þór Jónsson er mastersnemi í guðfræði. Hann er pistlahöfundur í Fréttablaðinu og tekur þátt í starfi kirkjunnar.

Innlendir vendipunktar 2010
Fréttablaðið gerir upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir valda höfunda. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir og atburði sem gerðust á árinu og gætu haft áhrif til frambúðar á Íslandi.

Alltaf heitur bíll

Bílahitarar frá Calix og Eberspächer

- Alltaf heitur bíll
- Minni eldsneytisnotkun
- Aukið umferðaöryggi
- Betra útsýni úr frostlausum rúðum
- Minni mengun
  Með reglulegri notkun hreyfilhitara er hægt að draga úr útblæstri lofttegunda, eins og kolmónoxíð (CO) og kolvetnum (HC), um allt að 80% og minnka útblástur koltvísýrings (CO_2) um 60%.

Stilling 50 ára

Eberspächer

Calix



Stilling hf. · Sími 520 8000
www.stilling.is · stilling@stilling.is

Stilling

Eplasa

MacBook Pro 13”

2,66GHz Intel Core 2 Duo
4GB DDR3 vinnsluminni
320GB harður diskur
NVIDIA GeForce 320M 256MB
Allt að 10 klst. rafhlöðuending
Íslenskt lyklaborð (baklýst)

Verð:
209.990.-
Listaverð: 269.990.-

20%
afsláttur af rafhlöðum
og spennubreytum

15%
afsláttur af töskum
og hulstrum

10%
afsláttur hátölurum
og aukahlutum

Frí ástandsskoðun milli **jóla og nýárs**

Nokkur dæmi um vörur á útsölu

Fartölvutöskur
Ýmsar gerðir / margir litir

Eye TV hybrid
USB sjónvarpsmóttakari

Hulstur fyrir iPhone
Ýmsar gerðir

LaCie flakkarar
USB2, 320GB-2TB

NanoWatch
Armband fyrir nano

Yamaha hátalari og útvarp
Fyrir iPod/iPhone

Geneva - iPod/iPhone/tölvur
Hátalari, útvarp, vekjari

Apple búðin
Sími 512 1300
Laugavegi 182

Afgreiðslutími:

Mán. 27. des.	13-18
28.-30. des.	10-18
Gamlársdag	10-12

www.epli.is

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda meðan birgðir endast.

la

Ókeypis námskeið

www.epli.is/fraedsla

iPod touch

Verð: 45.990.-
Sparaðu 10.000.-

iPod nano

Verð: 36.990.-
Sparaðu 7.000.-

iPhone 4

Verð: 139.990.-

iPad Wi-Fi

Verð: 104.990.-
Sparaðu 10.000.-

Fyrirtækin

MacBook Pro 15”

Intel Core i5 2,53 GHz
4GB innra minni
500GB harður diskur
Þráðlaust WiFi netkort, Bluetooth
Allt að 10 klst rafhlöðu ending
2x USB - FireWire 800
Baklýst íslenskt lyklaborð

Verð: 299.990.-
Listaverð: 349.990.-

Mac mini Server

2,66GHz Intel Core 2 Duo
4GB DDR3 vinnsluminni
Tveir 500GB harðir diskur
Mac OS X 10.6 Server (Unlimited)

Verð: 164.990.-
Listaverð: 199.990.-

Mac Pro

2.8GHz fjögurra-kjarna Intel Xeon
3GB DDR3 vinnsluminni
1TB harður diskur
ATI Radeon HD 5770 1GB GDDR5
Íslenskt lyklaborð og mús fylgir (USB)

Verð: 369.990.-
Listaverð: 439.990.-

Fyrirtækjasvið epli.is er opið milli jóla og nýárs:

27. des.	13-17
28.-30. des.	9-17
Gamlársdag	10-12

Sérfræðingar okkar aðstoða þig við lausnir sem henta stórum sem smáum fyrirtækjum.

Verið velkomin!

Sérstök tilboð eru veitt í aðrar Mac Pro upp-setningar.

Hafið samband við **asgeir@epli.is** eða kíkið í heimsókn.

epli.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Eru íslenzkir vinstri menn
að glata enn einu tækifærinu?

Vernd innlendra sjávardýra

Þrátt fyrir sín skjalfestu, fögru fyrirheit um að stuðla að erlendri fjárfestingu í íslenzku atvinnulífi hefur ríkisstjórnin miklu fremur staðið í vegi fyrir því að útlendingar taki þátt í að endurreisa efnahagslífið.

Margt má tína til í þessum efnum, ekki sízt á sviði skattamála, en hæst ber þó framgöngu ríkisstjórnarinnar í Magma-málinu. Þrátt fyrir að hver nefndin og starfshópurinn á fætur öðrum komist að þeirri niðurstöðu að kaup Magma Energy á meirihluta í HS orku séu löglegg og í samræmi við alþjóðlega samninga Íslands krefst annar stjórnarflokkurinn, Vinstri grænir, þess að kaupsamningnum verði rift og fyrirtækið þjóðnýtt.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Magma-málið hefur miklu víðtækari áhrif en stjórnvöld átta sig sennilega á. Það hefur ekki aðeins áhrif á Magma og aðra hugsanlega fjárfesta í orkugeiranum. Það fælir frá útlenda fjárfesta, hvaða nafni sem þeir nefnast. Þegar alþjóðlegir fjárfestar frétta að á Íslandi sé talað um að ógilda löglega samninga, samþykkja afturvirka löggjöf gegn fjárfestingum eða þjóðnýta fyrirtæki, taka þeir til fótanna.

Með framgöngu ríkisstjórnarinnar gagnvart erlendum fjárfestum er ekki eingöngu komið í veg fyrir að peningar komi inn í íslenzkt atvinnulíf til að flýta endurreisn þess, skapa hagvöxt og fækka atvinnulausum. Það er sömuleiðis stuðlað að því að endurreisa og viðhalda þeirri óheilbrigðu samþjöppun í eignarhaldi, sem viðgekkst í íslenzku atvinnulífi áratugum saman.

Eignarhald fáeinna viðskiptablokka á flestum stærstu fyrirtækjum landsins var ein ástæða þess að hrunið varð jafnalvarlegt og raun bar vitni. Þegar bankarnir hrundu tóku þeir fjölda fyrirtækja með sér í fallinu. Strax af þeirri ástæðu er ástæða til að reyna að hindra sambærilega samþjöppun eignarhalds og krosseignatengsl.

Það er ekki síður ástæða til að koma í veg fyrir að hér verði á ný til ástand, þar sem viðskiptalífið var vettvangur valdabaráttu lítilla klíkna, þar sem pólitík og viðskipti hrærðust rækilega saman í einn graut. Erlendir fjárfestar hafa ekki áhuga á slíkri valdabaráttu. Þeir hafa arðsemissjónarmið að leiðarljósi fyrst og fremst og eru ekki líklegir til að ganga í gömul valdabandalög. En ef við fáum ekkert framandlegt krydd sitjum við uppi með sama graut í sömu skál. Líkurnar aukast á að gömlu valdabandalögin verði endurreist í einu eða öðru formi.

Einhverra hluta vegna virðast aðstandendur núverandi ríkisstjórnar ekki sjá þessa stóru mynd. Það er engu líkara en að þeir hafi ruglað saman stefnunni varðandi vernd íslenzks gróðurríkis fyrir óæskilegum útlendum plöntum og stefnunni í fjárfestingum. Vilji vernda gamalgróin innlend sjávardýr eins og kolkrabbann, smokkfiskinn og frændur þeirra gegn útlendri ásælni.

Hér virðast íslenzkir vinstrimenn vera á góðri leið með að glopra úr höndum sér enn einu sögulegu tækifæri.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI UMRÆÐA

visir.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vildu allir leiða stjórnina

Sigurjón M. Egilsson þáttagerðarmaður fékk Þorstein Pálsson, fyrrverandi formann Sjálfstæðisflokksins, í viðtal í þáttinn Sprengisand í gær. Fór Þorsteinn yfir víðan völl á sínum ferli og vakti margt athygli. Til að mynda greindi Þorsteinn frá því að eftir þingkosningarnar 1987 hafi hann, Steingrímur Hermannsson og Jón Baldvin Hannibalsson allir gert kröfu um forsætisráðherrastólinn í stjórnarmyndunarviðræðum. Hann hafi síðan orðið fyrir valinu eftir að hafa fallið frá kröfunni og sagt Steingrími og Jóni Baldvini að ákveða hver hlyti stólinn.

Klókt bragð

Minnir þessi atburðarás óneitanlega á það hvernig embættinu var ráðstafað eftir þingkosningarnar 1978. Þá kröfðust þeir Benedikt Gröndal og Lúðvík Jósepsson báðir stólsins á meðan Ólafur Jóhannesson hafði hægt um sig í viðræðunum. Ólafur varð svo fyrir valinu þegar hinir tveir gátu ekki sætt sig hvor við hinn. Hér virðist því vera um ansi klókt bragð að ræða í stjórnarmyndunarviðræðum þriggja flokka; leyfa hinum formönnunum að rífast um stólinn þar til upp úr sýður og hljóta þá embættið á silfurfati.

Norrænir hægrimenn

Fregnir hafa borist af því að unnið sé að stofnun stjórnmálaflokks hægra megin við miðju sem ber vinnuheitið Norræni borgaraflokkurinn. Meðal þeirra sem taka þátt í þessari vinnu er verkfræðingurinn Friðrik Hansen Guðmundsson sem stofnaði einmitt stjórnmálaflokk sem ber nafnið Norræni íhaldsflokkurinn undir lok árs 2008. Lítið hefur heyrst frá þeim flokki frá stofnun en forvitnilegt verður að sjá hvort hinn nýi flokkur mun láta meira fyrir sér fara.

magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR

Ráðning forstjóra OR

Orkuveita Reykjavíkur

Haraldur Flosi Tryggvason
stjórnarformaður OR

Orkuveita Reykjavíkur er um margt sérstakt fyrirtæki. Hún var stofnuð með sérstökum lögum til að annast grunnþjónustu við almenning í sveitarfélögunum sem að henni stóðu. Á þeim grunni hóf sameignarfyrirtækið Orkuveita Reykjavíkur starfsemi sína en hefur síðan þanið út vængi sína og rekur nú ýmsa starfsemi, svo sem orkuframleiðslu og gagnaveitu, á hreinum viðskiptalegum forsendum. Sameignarfyrirtækið Orkuveita Reykjavíkur er því „opinbert“ fyrirtæki í þeim skilningi að opinberir aðilar eiga það og stærsti hluti rekstursins er almannaþjónusta. Á hinn bóginn er fyrirtækinu jafnframt ætlað að stunda samkeppnisrekstur á viðskiptalegum grunni.

Einhver gæti ályktað að þetta fyrirkomulag rekstrar Orkuveitu Reykjavíkur fæli í sér þverstæðu þar sem um ósamrýmanleg markmið væri að ræða. Aðrir telja að þetta rekstrarform geti leitt til verulegrar hagkvæmni og þar með fært íbúum þeirra sveitarfélaga sem að rekstrinum standa umtalsverðar hagsbætur. Sjálfsagt eru fleiri sammála síðarnefnda sjónarmiðinu þegar vel árar en færri þegar reksturinn er þungur.

En hvers vegna er þetta tíundað hér? Jú – starf forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur var nýlega auglýst laust til umsóknar. Við undirbúning þess verks vöknuðu ýmsar spurningar um eðli og inntak starfsins sem og forsendur ráðningarinnar almennt, umfram það sem almennt gerist um slíkar ákvarðanir. Leiðir þetta af því umhverfi sem rekstrinum er búið og áður er lýst.

Það er ekki að undra að til svo snúins verkefnis þarf að vanda sérstaklega til ráðningar. Stjórn OR hefur í samstarfi við starfsfólk mótað gagnsætt og vandað ráðningarferli í leit sinni að reyndum leiðtoga sem hefur áhuga á að nýta hæfileika sína í þágu mikilvægrar almannaþjónustu. Nýr forstjóri þarf í senn að láta almannahagsmunina svífa yfir vötnum og berjast á samkeppnismarkaði; þjóna íbúum á sama tíma og keppt er við suma þeirra.

Það er von mín að hæfileikaríkt fólk, sem uppfyllir þær hæfniskröfur sem til umsækjenda eru gerðar, sjái ögrun við sitt hæfi í verkefni sem þessu, kynni sér starfið og sæki um.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Haflíðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Vonin blíð

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Árni Bergmann rithöfundur skrifar á facebook-síðu sína nú um hátíðarnar: „Von er ekki spásögn um það sem verður. Von er stefna sem hugurinn tekur þegar hann hefur ákveðið að eitthvað sé hægt að gera í málunum. Það þarf nefnilega að hafa fyrir voninni. En án hennar gerir heldur enginn neitt.“

Fagnaðarerindið

Þetta er fagnaðarerindið í ár. Jólaguðspjallið. Holl áminning um hugarfar sem óskandi væri að við temdum okkur í ríkari mæli á nýju ári. Þar með er ekki sagt að við eigum öll að vera sammála um allt. Það er ekki hægt, allra síst þegar takast á voldugir hagsmunir og menn sem mikið eiga en fátt vilja láta af hendi eru enn jafn áhrifamiklir í samfélaginu og raun ber vitni. En megum við samt ekki biðja stórnmálamenn og önnur stórmenni valdsins um að fara betur með orð? Megum við ekki biðja um örlítið bærilegra andrúmsloft í samfélaginu? Þetta eilífa nag, niðurrif og neikvæðniraus, sífelld brigsl um svikráð og landráð; þetta eilífa jag – „illt er það allt og bölvað, skítt veri með það og svei því“ – sem tröllriðið hefur íslenskri þjóðmálaumræðu: eigum við ekki að bindast samtökum um að hætta að næra það, hætta að leggja eyrun við því, hætta að hossa þeim sem það iðka?

Enn erum við á ferð inni í dimmum göngum. Næsta ár verður mörgum ekki síður erfitt en það sem nú er að líða. Hagtölur kunna að vitna um að íslenskt samfélag sé að rétta úr kútnum og mikill árangur hafi náðst í viðreisn efnahagslífsins en atvinnuleysi verður hér áfram landlægt með tilheyrandi erfiðleikum fyrir marga við að fóta sig í tilverunni. Það verður ástæða til að steyta hnefann yfir ýmsu á næsta ári, rétt eins og þessu: óskiljanlegar og siðlausar afskriftir á skuldum kvótabraskara, fyrirtækjaflakkara og veðsetningafursta gætu haldið áfram þótt viðkomandi hafi marg-fyrirgert öllum rétti sínum til fyrirtækjarekstrar. Áfram þurfa skilanefndir og slitastjórnir og hvað þetta valdafólk kallar sig nú aðhald fjölmiðla og almennings því að ekki kemur það aðhald frá stjórnvöldum. Við munum oft hafa ástæðu til að verða reið. En við megum ekki láta þá reiði trylla okkur.

> Það eru kannski skuldir, flækjur, klúður og ómælt vesen og ekkert sem bendir til að ástandið batni. En einmitt þá kviknar kannski allt í einu vonin.

Aðildarviðræður að ESB verða áfram ásteytingarsteinn og skipta þjóðinni í tvær jafnstórar fylkingar þvert á stjórnmálaflokkana. Eigum við ekki að reyna að gera það að einu höfuðverkefni okkar á þessu ári að takast á við þennan ágreining, lifa með honum, ræða málið fram og til baka – því það hefur svo sannarlega ótal hliðar – án þess að láta þrasfíklunum eftir sviðið? Þau í þingflokki VG sem eindregnust eru í andstöðu sinni við þessar aðildarviðræður mættu til dæmis minnast þess stundum – og bera virðingu fyrir því – að stór hluti kjósenda flokksins styður aðild Íslands að ESB án þess að vera eitthvað verra fólk eða minni umhverfissinnar, jafnréttissinnar eða félagshyggjufólk en aðrir kjósendur flokksins – eða þau sjálf.

Og má ekki treysta því að úr því sem komið er þá verði reynt að ná sem hagstæðustum samningi við ESB – en ekki sem allra óhagstæðustum?

Samræður: samræði hugmynda

Höldum endilega áfram að takast á um æskilega skipan mála í þjóðfélaginu, því að þannig virkar opið þjóðfélag þar sem samræða er aðferð við að komast að einhverju nýju fremur en valdbeitingartæki. Fjölmiðlarnir, heimilin og kaffistofur fyrirtækjanna eru vettvangur þar sem hugmyndirnar mætast, renna saman, gliðna sundur, splundrast, ljóma. Leiðum hugmyndir okkar saman, leyfum þeim að æxlast, hafa blygðunarlaus mök hver við aðra, en stöndum ekki samanbitin hvert á sínum kalda og staka steini hvæsandi hvert á annað. Látum ekki hatarana stjórna umræðunni hér.

Von er stefna. Von er ákvörðun. Von er hugljómum. Hún fyllir okkur þegar við horfumst í augu við stöðu okkar. Hún vaknar þegar við hugsum.

Ekkert er jafn allslaust og vonin. Og samt er hún voldugasta afl í veröldinni. Enginn á hana. Enginn getur keypt hana og enginn getur selt hana – það er ekki einu sinni hægt að veðsetja hana og hún fæst ekki á kaupleigu.

Við horfum á stöðu okkar. Það eru kannski skuldir, flækjur, klúður og ómælt vesen og ekkert sem bendir til að ástandið batni. En einmitt þá kviknar kannski allt í einu vonin. Við finnum þegar það gerist, um vökunótt, eða í sturtu eða í göngutúr: eitthvað kemur allt í einu yfir okkur og vonin kviknar.

Hún kemur djúpt innan úr okkur. Hún kemur frá sálinni í okkur – þessu undarlega og ómælanlega afli innra með okkur sem er ódauðlegt.

AF NETINU

Vísindamaður ársins á Íslandi

Ég er kannski ekki fullkomnlega hlutlaus. En mér finnst allt of lítið fjallað um afrek íslenskra vísinda- og fræðimanna. Væri ekki tilvalið að taka upp þann sið að útnefna vísindamann ársins á Íslandi. Slík verðlaun hefðu sömu kosti og íþróttaverðlaunin. Ég er viss um að það er fullt af fólki sem hefði áhuga á því að lesa umfjöllun um „afrek“ 10 tilnefndra vísindamanna á þessum árstíma. Ekki síst væri gaman að geta gefið börnum og unglingum betri innsýn í það sem íslenskir fræðimenn eru að gera. Kannski myndi það vekja áhuga einhverra á vísindum og fræðimennsku.

pressan.is/pressupennar/Lesa_Jon_Steinsson

Jón Steinsson

1991

Hugsa æ oftar um hvernig væri fyrir okkur komið hefðu sjálfstæðismenn komist að annarri niðurstöðu á landsfundi 1991. Er viss um að staða okkar væri önnur og betri. Allir öfgar eru af hinu verra. Flokkarnir standa á tímamótum. Sjálfstæðisflokkurinn er illa staddur varðandi Evrópumálin, sama er að segja um Framsókn og VG. Sem á bágt yfir mörgu öðru, rétt einsog Samfylkingin.
Framundan kann að verða mikil uppbrot í stjórnmálunum. Flokkar geta klofnað, nýir orðið til, bæði flokkar sem byggjast á þeim sem fyrir eru og eins flokkar fjarri núverandi stjórnmálunum.

sme.midjan.is

Sigurjón M. Egilsson

Framfarastoð eða skálkaskjól

Evrópumál

Árni Páll Árnason
efnahags- og viðskiptaráðherra

Hugleiðingar um peningamálastefnu eftir höft

Seðlabankinn skilaði mér skýrslu rétt fyrir jólin undir heitinu „Peningastefnan eftir höft“. Þar fjallar bankinn frá sínu sjónarhorni um það úrlausnarefni sem er forsenda allrar hagstjórnar Íslands út úr kreppunni og inn í stöðugleika og farsæld á 21. öld: Valinu á peningamálastjórn og gjaldmiðli. Því verki verður hvorki skotið á frest né undan vikist. Spurningin er: Hafa stjórnarstofnanir, ríkisstjórn, Alþingi og stjórnmálaflokkarnir afl til að velja eða munum við kjósa að lúra í leysingum og bið?

Opið, varið hagkerfi

Um þessi áramót göngum við til móts við þriðja árið frá falli bankanna og hruni krónunnar. Ísland skar sig í upphafi kreppunnar úr í Evrópu og heiminum og fékk að kenna á viðleitni annarra til að setja þau ríki sem smita í sóttkví. Nú nýtur hins vegar sá neyðarréttur sem stjórnvöld beittu haustið 2008 til að vernda íslenskt samfélag en láta áhættusækna kröfuhafa bera hluta tjónsins, vaxandi virðingar og viðurkenningar á alþjóðavettvangi. Í haust vann Ísland einnig mikilvægan varnarsigur við samningaborðið andspænis Bretum og Hollendingum. Ríkin sem gátu bjargað sínum bönkum 2008 sjá skuldabyrði sína nú margfaldast og vita um leið að eignir lífvana bankanna kunna að vera eitraðar og falskar. Samfélögin eiga ekki að bera takmarkalaust tjón af válegu fjármálakerfi. Spurningin er: Hvernig verður efnahagslegt öryggi lítilla opinna hagkerfa tryggt?

Tuttugu ár með frjálsu fjármagni

Á árinu 2010 voru 20 ár liðin frá því fjármagn fór að flæða frjálst til Íslands. Það afmæli var haldið í kyrrþey – og ekki að ástæðulausu. Við stöðvuðum fall gjaldmiðilsins með gjaldeyrishöftum í nóvember 2008 og náðum þannig að skapa forsendur fyrir lækkandi verðbólgu og lækkun vaxta. Við höfum síðan tekist á við þá staðreynd að útgjöld ríkisins voru langt umfram tekjur, þegar bólugróðinn hvarf á einni nóttu. Þess vegna höfum við unnið að erfiðum niðurskurði ríkisútgjalda og fært útgjöldin til samræmis við það sem við höfum ráð á. Við höfum líka hækkað skatta, þótt hlutfall skattheimtu og skattaleg samkeppnisstaða okkar sé enn góð í samanburði við önnur Norðurlönd. Löggjöf til hagsbóta fyrir skuldugar fjölskyldur og stuðningur við þær er annars konar og miklu meiri en nokkru sinni áður hefur verið beitt hér á landi. Höggið nú verður þeim því léttara en það var svo mörgum heimilum í misgenginu 1982-4. Áætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins greiddi fyrir efnahagslegri endurreisn og varðstöðu um velferðarþjónustu. Áætlunin braut í blað í verklagi sjóðsins eins og Joseph Stieglitz lýsti og orðspor hennar ytra er að hún hafi reynst árangursrík.

En vandinn við peningamálastefnuna er enn óleystur. Ísland er eina opna hagkerfið sem þrátt fyrir smæð sína heldur í sjálfstæða mynt. Nú er minnt á að verðgildi krónunnar hefur rýrnað um 99,95% frá 1920 í samanburði við dönsku krónuna og að aldrei í sögunni hafi peningamálastefna stjórnvalda náð markmiðum sínum. Verðbólgumarkmið og sjálfstæði Seðlabanka 2001 átti að leysa verðbólguvandann. Sú stefna olli hrikalegum hliðarverkunum á áratugnum sem nú kveður: Háum vöxtum, innflæði fjármagns, háu gengi og viðskiptahalla. Á sama tíma beitti Seðlabankinn ekki tiltækum úrræðum til að afstýra þjóðarvá af bankakreppu.

Lokun landsins er ekki kostur

Víðkunnur erlendur blaðamaður skrifaði í hið heimsfræga tímarit Vanity Fair fyrir nokkrum misserum að Íslendingum væri hollast að snúa sér að fiskveiðum og -vinnslu og láta af öðru. Í þessu felst sýn sem er í senn yfirlætisfull og laus við skilning á grundvallarþáttum í efnahagsþróun ríkja. Sjávarútvegur er hefðbundinn lykilatvinnuvegur hér á landi en þar fjölgar ekki störfum. Þvert á móti hefur störfum fækkað jafnt og þétt í sjávarútvegi á undanförnum áratugum. Einmitt þess vegna er hagkvæmni meiri í sjávarútvegi hér á landi en í flestum öðrum löndum. Þess utan eru vaxtarmöguleikar sjávarútvegs takmarkaðir af fiskgengd. Eins er vexti í álvinnslu eða annari stóriðju hér á landi takmörk sett: Til að auka á framleiðslugetuna þarf að nýta takmarkaðar náttúruauðlindir sem okkur er ekki sama hvernig farið er með og geta falið í sér óafturkræf náttúruspjöll. Það er því ekki einfalt að fjölga til langframa störfum í þessum greinum.

Aukin umsvif í fjármálakerfinu á undanförnum árum mættu þessum vanda að nokkru leyti. Þau sköpuðu þúsundum manna góða vinnu, jafnt beint í fyrirtækjunum og í fjölda þjónustufyrirtækja sem sinntu þeim. Þessar þúsundir Íslendinga áttu þess því kost að auka við menntun sína og kusu sér búsetu hér á landi því hér var kostur á vel launuðum og krefjandi störfum. Framundan er barátta um að finna traustari grunn fyrir fjölbreytt atvinnulíf en bankastarfsemin reyndist vera. Ef sú barátta tapast verður Ísland ekki samt. Þeir sem komast, flytja burt. Eftir getur orðið verstöð sem reiðir sig á fábreytta atvinnuhætti og þolir lélegan gjaldmiðil, óstöðugleika og reglulega kjaraskerðingu. Við munum áfram geta boðið upp á takmörkuð uppbyggingartækifæri með frekari stóriðjuverkefnum, en vaxtarmöguleikar þess hagkerfis verða fáir til lengri tíma nema með rányrkju til lands og sjávar. Barátta fyrir samkeppnishæfu efnahagslífi er barátta um að halda Íslandi sem þjóð meðal þjóða og gera landið áfram að ákjósanlegum búsetukosti fyrir fólk með fjölbreytta þekkingu og hæfni. En hverjir eru þeir kostir sem bjóðast? Hvernig verjum við eitt allra smæsta þjóðhagkerfi heimsins fyrir sviptivindum alþjóðlegra markaða, en höldum líka frjálsum og óheftum milliríkjaviðskiptum og fjármagnsflutningum?

Þegar höftum léttir verður Ísland sem fyrr fullur þátttakandi á innri markaði Evrópusambandsins með þeim frjálsu fjármagnshreyfingum sem honum tilheyra. Af því höfum við næstum tveggja áratuga reynslu og enginn í íslenskum stjórnmálum talar af alvöru fyrir þeim valkosti að víkja af innri markaði Evrópuríkja. Ríkisstjórnin stýrir nú samningum um fulla aðild að ESB í umboði Alþingis og markmið þeirra er aðild að myntbandalagi og upptaka evru. Traustur gjaldmiðill sem stendur undir verðmætasköpun er ákjósanlegur, þótt hann myndi auðvitað reyna á aga í hagstjórn hér á landi. Við gætum með slíkum gjaldmiðli betur nýtt okkur ávinning af stórum alþjóðlegum heimamarkaði, þar sem gengisáhætta gagnvart helstu viðskiptalöndum heyrði sögunni til. Við ættum auðveldara með að laða til okkar erlenda fjárfestingu, en smæð og veikleiki gjaldmiðilsins hefur verið stærsta hindrunin í vegi erlendrar fjárfestingar um áratugi. Við myndum njóta aukins verðstöðugleika og lægri vaxta. Við gætum þar með búið í haginn fyrir vöxt arðsamra hátæknigreina hér innanlands, frekar en að tapa slíkum fyrirtækjum ávallt úr landi.

Óstöðugur gjaldmiðill fremur vandi en lausn

Á sama tíma er rétt og nauðsynlegt að velta fyrir sér hvort evran veiti nauðsynlegt skjól fyrir hreggviðrum í hinum alþjóðlega fjármálaheimi. Vandræði sumra evruríkjanna nú eru vissulega mikil, en þau eru ólík okkar. Vandi Grikklands er efnahagsstjórn af þeim toga sem við þekkjum dæmi um úr einstökum sveitarfélögum hér á landi, þar sem lifað hefur verið um efni fram: Eignir hafa verið seldar, lífeyrissjóðir skattlagðir og vandanum vísað á komandi kynslóðir. Vandi Íra er eðlislíkari okkar. Þeir höfðu stórt bankakerfi og ábyrgðust skuldbindingar þess. Gæfa okkar var sú að sá kostur var okkur ekki tiltækur. En þótt skuldsetning Íra sé nú miklu meiri en okkar er ekki ljóst hvernig fer á endanum. Tekjuhátt heimili ræður leikandi við miklu hærri skuldsetningu en tekjulágt heimili. Vegna aðildar að evrunni og þess aðgangs sem hún veitir að erlendri fjárfestingu gera Írar ráð fyrir hraðri endurgreiðslu skulda. Okkur hefur áratugum saman gengið bölvanlega að laða erlenda fjárfestingu að Íslandi og flest bendir til að tiltrú á íslensku krónuna verði engin um áratugaskeið í kjölfar hrunsins. Ef fjárfesting verður áfram döpur hér á landi kann hófleg skuldsetning að verða okkur vandasamara úrlausnarefni en miklar skuldir eru Írum.

Þótt sveigjanleiki sjálfstæðs gjaldmiðils hafi verið mikilvægur við lausn á efnahagsvanda í fortíðinni, er hann ein helsta ástæða þeirra erfiðleika sem þjóðin hefur nú ratað í. Jákvæð áhrif gengislækkunar krónunnar er reglulega ofmetin í almennri umræðu hér á landi og helgisagan um mikilvægi krónunnar fyrir sveigjanleika í efnahagslífinu hefur fengið á sig einhvers konar frumspekilega áru. Allir sannir Íslendingar eiga að taka undir með hinum háværa margradda kór um ágæti sveigjanleika krónunnar. Staðreyndirnar tala hins vegar sínu máli. Gengisfellingar gátu vissulega leyst tiltekin vandamál á fyrri tíð: Þær rýrðu kjör almennings og lækkuðu skuldir útflutningsgreina í lokuðu hagkerfi. Krónan var hins vegar lykilástæða fyrir vanda okkar í aðdraganda hrunsins og gengislækkun hennar í hruninu hefur búið til alvarlegasta efnahagsvanda þjóðarinnar, nú um stundir: Skuldavandann. Úrlausn á ofskuldsetningu atvinnulífs og heimila er stærsta vandamálið og stafar af því að þorri skulda er annað tveggja tengdur verðbólgu eða gengi. Þessar staðreyndir benda til að gjaldmiðillinn sé fremur hluti af vandanum en forsenda lausnarinnar. Þar við bætist sú staðreynd að traust á íslensku efnahagslífi og gjaldmiðlinum er nú í algeru lágmarki. Engar líkur eru á að fjárfestar vilji efna til áhættu í íslenskum krónum í fyrirsjáanlegri framtíð og engir munu ótilneyddir vilja lána í íslenskum krónum. Við vitum hvernig hörmunarsaga krónunnar hefur verið hingað til. Er eitthvað sem bendir til að eftirhrunskrónan verði betri og veikleikarnir minni?

Greining valkosta og þrek til að velja

Seðlabankinn setur í skýrslu sinni fram leið sem hann nefnir verðbólgumarkmið plús og felur í sér lítillega breyttar grunnforsendur verðbólgumarkmiðs í peningamálastjórn til skemmri tíma að viðbættum svonefndum þjóðhagsvarúðartækjum. Bankinn bjó á bóluárunum yfir ýmsum tækjum til að hefta útþenslu bankakerfisins í þágu efnahagsöryggis landsins, sem hann kaus að beita ekki. Ástæðu þess er ósvarað í skýrslunni. Heilbrigt endurmat á verklagi Seðlabankans við peningamálastjórn á undanförnum árum er nauðsynleg forsenda raunsæs mats á nýjum tillögum bankans. Um leið er morgunljóst að val um stjórn peningamála, um gjaldmiðil og um ríkisfjármál til skemmri og lengri tíma er ein heild og fjárhagsleg örlög kynslóða í húfi. Allir hugsandi Íslendingar sjá að þetta er höfuðverkefnið en of margir stjórnmálaflokkar hafa samt komist upp með að skila auðu. Um leið og vert er að fagna framlagi Seðlabankans er nauðsynlegt að lýsa því skýrt að mörkun stefnunnar krefst nýrrar hugsunar þar sem fleiri verða kallaðir að borðinu en áður.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið mun efna til víðtæks samráðs og umræðu í samfélaginu af þessu tilefni. Í verkefninu framundan þarf að fara saman raunsæi og metnaður. Við verðum að meta með raunsæjum hætti tjónið af íslenskri krónu til lengri tíma litið og setja okkur raunhæf markmið um afnám hafta, sem ekki leiða til efnahagslegrar kollsteypu. Við verðum líka að setja okkur metnaðarfull markmið um efnahagslegan stöðugleika og vaxtarmöguleika til lengri tíma, sem gera okkur kleift að keppa við nágrannalönd okkar um laun, hagvöxt, skattastig og gæði félagslegrar þjónustu. Til þess þurfum við ekki bara norræna velferð, heldur líka norræna samkeppnishæfni í efnahagsumgjörð og menntunarstigi og erlenda fjárfestingu til jafns við önnur norræn lönd.

Til skamms tíma þarf peningamálastefnan að greiða fyrir varkáru afnámi gjaldeyrishafta og til lengri tíma að auðvelda okkur upptöku evru ef okkur sem þjóð ber gæfa til að samþykkja aðild og losa okkur þar með við tjónið og óvissuna sem fylgir sjálfstæðri mynt. Til skemmri tíma munum við búa við krónu í einhvers konar höftum. Upptaka evru verður ekki einföld, en flest bendir til að valið verði milli hennar eða afturhvarfs til einhæfari viðskiptahátta og viðvarandi haftabúskapar. Við Íslendingar viljum vera þátttakendur í opnu og alþjóðlegu viðskipta- og efnahagslífi. Til þess þurfum við gjaldmiðil og skipan peningamála sem verja þau verðmæti sem almenningur skapar, en eyðir þeim ekki.

Í ljósi þessara markmiða þurfum við að stilla upp trúverðugri peningamálastefnu og skapa henni stofnanaumgjörð sem hentar og tryggir fagmennsku og lýðræðislegt aðhald og eftirlit. Peningamálastefna á ekki að vera skálkaskjól aðgerðaleysis eða kenningakerfa sem ekki styðjast við reynslurök. Hún á ekki heldur að byggja á kreddum á borð við goðsögnina um sveigjanleika krónunnar. Hún á að verða okkur öllum stoð fyrir hagsæld, framfarir og sjálfbæran hagvöxt og byggja á raunsæu mati á kostum okkar á óvissum tímum.

> Til skamms tíma þarf peningamálastefnan að greiða fyrir varkáru afnámi gjaldeyrishafta og til lengri tíma að auðvelda okkur upptöku evru ef okkur sem þjóð ber gæfa til að samþykkja aðild og losa okkur þar með við tjónið og óvissuna sem fylgir sjálfstæðri mynt. Til skemmri tíma munum við búa við krónu í einhvers konar höftum. Upptaka evru verður ekki einföld, en flest bendir til að valið verði milli hennar eða afturhvarfs til einhæfari viðskiptahátta og viðvarandi haftabúskapar.

ALLT AÐ
65%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM

NÝÁRS TILBOÐ

BAÐINNRÉTTINGAR

WLU 06a
120x48

CT-95
95 x 50

WLU 125 EIK

WLU 126

VERÐ FRÁ
15.900

TONA
LIVE CONCEPT

T-730
TEKK 117 x 48

B-1000
HNOTA EÐA TEKK
140x48

STURTUHORN
MEÐ BOTNI
RÚNNUÐ EÐA KÖNTUÐ



90x90 sm



90x90 sm

VERÐ FRÁ
19.900

WC Í GÓLF EÐA VEGG
MJÚKLOKANDI SETUR

VERÐ FRÁ
15.900

BLÖNDUNARTÆKI

VERÐ FRÁ
3.900

Rýmum fyrir nýjum vörum!

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

tímamót

timamot@frettabladid.is

MARLENE DIETRICH, ÞÝSK LEIKKONA (1901-1992) fæddist þennan dag.
„Ég hef aldrei viljað verða kvikmyndastjarna, að leika einhvern annan en sjálfa mig, þurfa alltaf að vera falleg og hafa einhvern stanslaust að greiða úr augnhárunum.“

†

Eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi

Jón Smári Friðriksson
Grundargerði 5e Akureyri,

lést að heimili sínu miðvikudaginn 15. desember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 29. desember kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Heimahlynningu á Akureyri og Krabbameinsfélag Akureyrar njóta þess.

María Daníelsdóttir
Dýrleif Jónsdóttir
Dýrleif Jónsdóttir
Kolbrún Jónsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Rúnar Jónsson
og barnabörn

Ármann Guðmundsson
Kristinn Hreinsson
Sölvi Ingólfsson
Brynja Rut Brynjarsdóttir

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi

Jónas Helgason
frá Stórólfshvoli,
Núpalind 4 í Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Áskirkju miðvikudaginn 29. desember kl. 15.00.

Guðrún Árnadóttir
Særún Jónasdóttir
Helgi Jónasson
og barnabörn

Kjartan Sigurðsson
Bodil Mogensen

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Einar Gunnarsson
stýrimaður, Eyrarholti 6, 220 Hafnarfirði,

andaðist að heimili sínu sunnudaginn 19. desember. Útför hans fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði þriðjudaginn 28. des. kl. 13.00.

Sólveig Guðmundsdóttir
Sigríður Einarsdóttir
Gunnar Einarsson

Sigurveig Sjöfn Einarsdóttir
Þór Jakob Einarsson
Halldóra Einarsdóttir
Málfríður Hrund Einarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Þórir Úlfarsson
Sigríður Erla Guðmundsdóttir
Kristján Sigurðsson

Guðmundur Sveinbjörnsson
Þór Sigurðsson

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir

Halldór Bjarnason
Hjúkrunarheimilinu Mörk,

lést á Landspítalanum, Fossvogi aðfaranótt laugardagsins 18. desember. Útförin fer fram frá Langholtskirkju, miðvikudaginn 29. desember kl. 15.00.

Sigurlaug Halldórsdóttir
Helga Halldórsdóttir
Anna Björk Bjarnadóttir
Guðrún Harpa Bjarnadóttir
Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir
Halldór Heiðar Bjarnason
Guðjón Már Magnússon
Sigrún Ásta Magnúsdóttir
Hákon Örn Magnússon
langafabörn og systkini hins látna.

Bjarni H. Johansen

Tómas Holton
Erlendur Pálsson

Lilián Pineda

Steinar Már Sveinsson

ÞETTA GERÐIST: 27. DESEMBER 2007

Benazir Bhutto ráðin af dögum

Pakistanski stjórnarandstöðuleiðtoginn Benazir Bhutto, fyrrverandi forsætisráðherra Pakistans, lést þennan dag árið 2007 í skot-og sprengjuárás í Rawalpindi. Bhutto hafði nýlokið sinni síðustu ræðu og var að koma af fjölmennum kosningafundi Þjóðarflokks Pakistans þegar ódæðið var framið. Um sjálfsmorðssprengjutilræði var að ræða og létu þar að minnsta kosti fimmtán aðrir lífið. Íslamskir öfgamenn, bandamenn talibana, voru taldir standa á bak við ódæðið.

Pervez Musharraf, fordæmdi verknaðinn strax og hvatti til stillingar. Þjóðarleiðtogar heimsins sendu þjóðinni samúðarkveðjur. Þeirra á meðal var forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson. Í ummælum flestra leiðtoganna var lof borið á hugrekki Bhutto og hversu staðráðin hún var í að berjast fyrir lýðræðisumbótum í landi sínu.

BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR: TEKUR VIÐ REKTORSSTÖÐUNNI Á BIFRÖST

Kreppufrítt svæði á Bifröst

Nokkur styr hefur staðið um Háskólann á Bifröst og hugsanlega sameiningu hans og Háskólans í Reykjavík. Sameiningin var að lokum blásin af og nýr rektor ráðinn frá og með 1. janúar. Sú sem valdist til starfans er Bryndís Hlöðversdóttir, dósent og deildarforseti lagadeildar við Bifröst og fyrrverandi alþingiskona. Ráðningin átti sér ekki langan aðdraganda en verkefnið var of spennandi til að hafna því að hennar mati.

„Tækifærin koma ekki alltaf þegar maður pantar þau. Ég var búin að taka aðra stefnu í lífinu, hafði nýlega hafið doktorsnám við Óslóarháskóla og ætlaði að einbeita mér að því á næstu árum og rannsóknum því tengdu,“ segir Bryndís, en námið sneri að eftirliti Alþingis með framkvæmdarvaldinu, en viðfangsefnið hefur verið hugarefni hennar síðan hún sat á Alþingi. „Það fær að bíða en verkefnið núna er mjög spennandi og ég mæti því full af bjartsýni.“

Verkefnið sem bíður Bryndísar er ærið, skólinn á tímamótum og ekki allir á eitt sáttir með hvernig samningaviðræðurnar fóru. „Það kom bara mjög skýr krafa úr baklandi skólans að hann starfi áfram sem sjálfstæð eining í Borgarfirði. Við fundum fyrir gríðarlega miklum áhuga og velvild í garð skólans í hollvinahópi okkar meðan á samningaviðræðunum stóð. Hópurinn lýsti í raun miklum vilja til að koma að því að efla skólann bæði faglega og fjárhagslega sem sjálfstæða einingu.“

Bryndís vill geyma allar stefnuyfirlýsingar þar til hún hefur formlega tekið við skólanum, en segir þó að námsframboðið verði með svipuðum hætti og hefur verið en áherslur og sérstaða skólans verði skerpt. „Skólinn byggir á rótgrónum aðferðum við að koma fræðslunni á framfæri sem hefur sannað sig,“ segir hún.

Nú stunda 1.100 nemendur nám við Bifröst í öllum deildum, bæði í Borgarnesi og í fjarnámi. Skólinn er því ekki stór en í því felst styrkur að mati Bryndísar. „Við getum gert margt með litlum hópum sem ekki væri hægt í 200 manna hópum. Hér er líka þétt samfélag, því skólinn er ekki síður samfélag en bara menntastofnun. Margt fjölskyldufólk sem er að snúa aftur til náms hefur kosið að koma hingað vegna þess að hér er rólegt og stutt í alla þjónustu og mun auðveldara en að vera í skutlinu og stressinu í borginni,“ segir Bryndís. „Ég hef heyrt nemendur okkar segja að Bifröst sé eiginlega kreppufrítt svæði vegna þess að hér sé svo mikil ró. Allir séu að einbeita sér að því sama, sem er að vera í skólanum, sem er ákjósanlegt að mörgu leyti.“

tryggvi@frettabladid.is

BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR Verðandi rektor á Bifröst segir að fallið hafi verið frá öllum áformum um sameiningu skólans við Háskólann í Reykjavík, enda hafi krafan úr samfélaginu verið skýr um áframhaldandi sjálfstætt starfandi Bifröst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Himnesk barnajól Hörpu

Á dögunum var hátíðleg stund meðal forskólanemenda Tónskóla Sigursveins á sérstakri jólastund í sal skólans, þegar Ágústu Bergrós Jakobsdóttur, átta ára tónskólanemanda, var afhent sérstök viðurkennig frá Hörpu, en teikning hennar af tónlistarhúsinu var valin til að skreyta jólakort sem Harpa sendir frá sér um þessi jól.

Tilurð jólakortsins var sú að forskólanemendur Elfu Lilju Gísladóttur hjá Tónskóla Sigursveins fengu það verkefni að teikna tónlistarhúsið Hörpu og reyndist þrautin þyngri að velja úr öllum þeim glæsilegu og litríku tillögum sem bárust.

Allir nemendur fengu jólaglaðning frá Hörpu sem þakklætisvott fyrir þátttökuna.

SANNKALLAÐ LISTAVERK Teikning Ágústu Bergrósar hefur yfir sér töfraljóma þar sem himinninn ljómar yfir litríkri Hörpu og jólatré, snjókorn og snjókarl svífa um loftin.

SIGURVEGARI Steinunn Birna Ragnarsdóttir, tónlistarstjóri Hörpu, afhenti stoltri Ágústu Bergrós viðurkenningu fyrir fegursta jólakortið í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

4BLS
BÆKLINGUR

ÚTSALA ÁRSINS

TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI

50% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

RISA FLUGELDAPAKKI
FYLGIR ÖLLUM PACKARD BELL FARTÖLVUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

0% VEXTIR
ALLAR TÖLVUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

OPNUM 12:00 Í DAG

OPNUNARTÍMAR

MÁNUDAG	12:00 - 19:00
ÞRIÐJUDAG	10:00 - 19:00
MIÐVIKUDAG	10:00 - 19:00
FIMMTUDAG	10:00 - 19:00
GAMLÁRSDAG	9:00 - 12:00

LOKAÐ 1-2 JAN 2010
OPNUM AFTUR 3. JAN KL 10:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Tilboð gilda dagana 28-31 desember eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur

TILBOÐ

ALLIR MP3 SPILARAR Á TILBOÐI

DLP3D

BenQ

MS510

3D READY SKJÁVARPI

- DLP 3D Ready skjávarpi (tilbúin fyrir 3D)
- Upplausn 800x600 og 4000:1 skerpa
- Með Ansi birtustig 2700 lumens
- Sérstakur sparnaðar 6000 klst lampi
- HDMI, VGA, S-Video, Video RCA ofl
- Stílhrein hönnun, fjarstýring fylgir
- Einstaklega hljóðlátur og vandaður

84.900

SKJÁVARPAR FRÁ KR.74.900

BenQ

HV373T

1.5TB

FULL HD MEDIA PLAYER

Nýi Argosy FULL HD margmiðlunarspilarinn spilar allar 1080P HD kvikmyndir og er með 1080P upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum.

- **Ný kynslóð 1080P FULL HD spilara**
- **Tengist beint í sjónvarp eða græjur**
- **1080P HD kvikmynda afspilun H.264**
- **Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD**
- **Spilar af USB flökkurum og minnislyklum**
- **Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir**
- **HDMI, USB, RCA, RGB, ljósleiðari ofl.**

ARGOSY

29.900

AÐEINS Á ÚTSÖLU ÁRSINS!

1.5TB

SAMSUNG HARÐDISKUR

- 1.5TB Samsung Spinpoint F2
- SATA2 tengi með 3Gb/s hraða
- 5400RPM og sérstök afritunarhröðun
- AAM/NCQ tækni fyrir enn meiri hraða
- 32MB buffer fyrir hámarks afköst
- Ótrúlega hljóðlátur með SilentSeek
- Einstaklega hljóðlátur og öflugur

9.990

500GB 6.990 • 2TB 14.900

TURNKASSAR

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

ÖFLUG SKJÁKORT

ÚTLITSGALLAÐAR PAKKNINGAR

MÓÐURBORÐ

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

MÝS Í ÚRVALI

LANDSINS MESTA ÚRVAL!

MÚSARMOTTUR

20% AF ÖLLUM MÚSARMOTTUM

PRENTARAR

PRENTARAR, SKANNAR, FJÖLNOTATÆKI

Söfnun í brennur Reykjavíkurborgar hefst á miðvikudaginn. Hætt verður að taka við efni þegar brennurnar eru orðnar hæfilega stórar eða í síðasta lagi klukkan 12 á föstudag. Best er að fá hreint timbur og bretti á brennurnar. www.rvk.is

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

MEIRI GLAMÚR

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. VÍSIR.IS

Linhai 520
- ÞJARKUR
990.000 kr.
788.845 kr. án vsk.

Innifalið:
Fjórhjólataska og spil að verðmæti 79.800 kr.

VDO Offroad Line
Borgartún 36
105 Reykjavík
Sími 588 9747

Systurnar Sigríður Bína og Olga Hrönn Olgeirsdætur fara saman í gömlu hverfisblómabúðina sína

Fersk blóm og greni á hátíðaborðinu

„Við ólumst upp við grenigreinar í vasa en höfum tekið upp þann sið að hafa lifandi blóm með þeim,“ segja þær Sigríður Bína og Olga Hrönn Olgeirsdætur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Við systurnar erum vanar því að hafa vasa með lifandi blómum og greni til að skreyta matarborðin með um hátíðarnar,“ segir Olga Hrönn Olgeirsdóttir. Hún stendur í afgreiðslunni í Ísblómi í verslunarmiðstöðinni Miðbæ við Háaleitisbraut, ásamt systur sinni Sigríði Bínu. Valið á blómabúðinni bendir til að fortíðarþráin blundi í þeim systrum. „Við ólumst upp í Háaleitishverfinu og finnst svo vinalegt að koma í þessa búð sem hefur ótrúlega mikið að bjóða,“ segja þær brosandi. Aðspurðar segja þær fersk blóm um hátíðarnar þó ekki tilheyra hefðum frá foreldrahúsum. „Við ólumst upp við grenigreinarnar en höfum tekið upp þann sið að hafa lifandi blóm með þeim eftir að við stofnuðum okkar eigin heimili,“ upplýsir Sigríður Bína. *- gun*

Jeppa- og vélsleðafólk sem á leið um Landmannalaugar og Veiðivötn um jólin getur nú nýtt bæði farsíma og tölvur til gagnaflutninga. Ástæðan er sú að Síminn hefur gangsett nýja 3G-farsímastöð á Snjóöldu.

Þórarinn Ívarsson ásamt hópi sjálfboðaliða Veraldarvina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjálfboðaliðar frá tuttugu og tveimur þjóðlöndum

Áttatíu manns frá 22 þjóðlöndum dvelja á Íslandi yfir jól og áramót á vegum Veraldarvina. Þeir hafa skenkt vegfarendum á Laugavegi kakó fyrir jólin og munu skemmta á dvalarheimilum næstu daga.

„Við Veraldarvinir erum nú með áttatíu manna alþjóðlegan hóp sjálfboðaliða sem ætlar að dvelja hér um jól og áramót. Hópurinn mun fara inn á dvalarheimili aldraðra með smá skemmtidagskrá auk þess sem hann hefur staðið vaktina og gefið vegfarendum á Laugavegi heitt súkkulaði undanfarin kvöld," segir Þórarinn Ívarsson, framkvæmdastjóri Veraldarvina.

„Við höfum lagt áherslu á það í gegnum tíðina að vinna að umhverfisverkefnum," segir Þórarinn. „En í ár fórum við út í fjölbreyttari verkefni. Við höfum sinnt betur verkefnum sem tengjast fræðslu og skemmtun. Þessi hópur samanstendur af fólki alls staðar að úr heiminum, hér eru einstaklingar frá 22 þjóðlöndum. Þeir komu hingað til að vinna að þessum tveimur verkefnum, skemmtunum á dvalarheimilum aldraðra og kakóútdeilingunni á Laugaveginum. Kakóútdeilingin er búin núna en á milli jóla og nýárs fara þau á nokkur dvalarheimili með skemmtidagskrá sem þau hafa æft stíft."

Veraldarvinir reka verslun á Hverfisgötu 59 og taka auk þess á móti frjálsum framlögum. Í hvað fara peningarnir? „Við erum núna að safna fyrir verkefni sem Veraldarvinir standa fyrir á eyjunni Tierra Bomba í Karíbahafinu undan ströndum Kólumbíu," segir Þórarinn. „Á eyjunni er gríðarleg fátækt og er markmið Veraldarvina að létta undir með íbúum eyjunnar sem eru fjögur þúsund talsins. Við munum til að mynda ráðast í gerð brunna næsta sumar en á eyjunni er ekkert ferskt vatn í dag. Menntun íbúa er mjög ábótavant og lítið sem bíður unga fólksins í framtíðinni annað en vændi og önnur sölumennska."

Þessi hópur sjálfboðaliða er sá stærsti sem hingað hefur komið á vegum Veraldarvina. Kom það ekkert á óvart að svo margir vildu koma til fjarlægs lands um jólin? „Við byrjuðum með þetta verkefni um jólin í fyrra," segir Þórarinn. „Þá komu hingað 35 sjálfboðaliðar svo þessi mikli fjöldi núna kom svolítið flatt upp á okkur. En það er greinilegt að Ísland hefur mikið aðdráttarafl, líka um jól og áramót. Ég er sannfærður um að það væri hægt að laða hingað miklu fleiri ferðamenn á þessum árstíma en gert er."

fridrikab@frettabladid.is



Öll trúarbrögð, lönd og menningarsvæði hafa sín tímatöl og oftast eru áramótin mikilvægur þáttur í menningarhefðinni. Gjarnan fylgja stórar hátíðir áramótunum sem geta staðið yfir í marga daga fyrir eða eftir áramótin. Þau eru stundum tengd árstíðum og byggir tímasetning þeirra á trúarlegum grunni.

Heimild: www.wikipedia.org

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

Hreint timbur á áramótabrennur

Brennur eru fastur liður í hátíðahaldi margra um áramót. Undirbúningur að brennunum hefst miðvikudaginn 29. desember þegar starfsmenn Reykjavíkurborgar taka við efni í brennuna. Brennukösturinn er þó ekki ruslahaugur sem henda má hverju sem er á.

Miðvikudaginn 29. desember hefst söfnun á efni í áramótabrennurnar hjá Reykjavíkurborg. Tekið verður við efni á öllum brennustöðunum frá klukkan 8 um morguninn til klukkan 19 um kvöldið. Þorgrímur Hallgrímsson, brennukóngur og rekstrarstjóri á hverfastöð Framkvæmda- og eignasviðs borgarinnar, hefur sinnt því starfi í bráðum 30 ár. Hann segir efnissöfnunina ekki vera tækifæri fyrir fólk til að losa sig við dót úr geymslum. Það eigi ekki allt efni erindi á brennurnar.

„Það má einungis fara hreint timbur á brennuna. Ekkert unnið timbur eins og parket, málaðar hillur eða plasthúðaðar innréttingar. Það eru því helst fyrirtæki að koma með vörubretti, umbúðakassa og því um líkt úr hreinu timbri. Það eru mörg ár síðan reglur voru settar um þetta fyrirkomulag og nú er til dæmis harðbannað að brenna dekkjum eins og var gert hér í gamla daga.“

Starfsmenn hefjast svo handa við að hlaða brennuna og er unnið að því fram á gamlársdag en efnissöfnun lýkur á hádegi á gamlársdag. Þá er haldinn fundur með brennukóngum borgarinnar þar sem farið er yfir veðurspá og útlit fyrir kvöldið en lögreglan gefur leyfi fyrir brennu ef veðurútlitið er gott. „Það hefur komið fyrir að við höfum orðið að fresta brennunum vegna veðurs, fram á kvöld á nýársdag. En það eru nokkur ár síðan það gerðist síðast,“ segir Þorgrímur. Brennustjóri kveikir svo í brennunni klukkan 20.30 á gamlárskvöld ef leyfi hefur fengist. Hlutverk brennustjóra er að vakta brennusvæðið til miðnættis en starfsmenn borgarinnar mæta síðan á svæðið kukkan tvö á nýársnótt með vatnsbíla og slökkva í brennunni. „Þann þriðja janúar þarf svo að hreinsa allt sem eftir hefur orðið á brennusvæðinu, svo sem nagla og annað sem liggur eftir,“ segir Þorgrímur.

Brennurnar eru misstórar að sögn Þorgríms en það ræðst af aðstæðum á hverjum stað. Brennurnar í ár verða á sömu stöðum og í fyrra og rétt eins og þá eru stóru brennurnar alls fjórar talsins og þær minni alls fimm.

heida@frettabladid.is

Brennur eru fastur liður í hátíðahöldum borgarbúa um áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

BRENNUR Í BORGINNI UM ÁRAMÓT

1) Við Ægisíðu, stór brenna.
2) Við Suðurhlíðar, neðan við Fossvogskirkjugarð, lítil brenna.
3) Geirsnef, stór brenna.
4) Við Suðurfell, lítil brenna.
5) Gufunes, við gömlu öskuhaugana, stór brenna.
6) Kléberg á Kjalarnesi, lítil brenna.
7) Skerjafjörður gegnt Skildinganesi 48-52, lítil brenna.
8) Vestan Laugarásvegar móts við Valbjarnarvöll, lítil brenna.
9) Fylkisbrennan, við Rauðavatn, stór brenna.

Nýársdagur er talinn elsti hátíðisdagur í heimi og má rekja hátíðina allt til Babýlóníumanna 2000 árum fyrir Krist. Þá voru áramótin 23. mars og fylgdu vorkomu. Í þá daga fögnuðu menn áramótunum í ellefu daga samfleytt. Rómverjar héldu þeim sið að halda áramót. Á dögum Cesars voru þau færð til 1. janúar.

Heimild:www.doktor.is

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

Bílabúð Benna
ÓDÝRARI VARAHLUTIR AUKAHLUTIR
Komdu og láttu okkur gera tilboð í varahluti í bílinn þinn!
GMC
Bílabúð Benna
Stofnað 1975
www.benni.is
590 2000

Bílabúð Benna ehf.
Bíldshöfða 10,
Sími: 587 1000
www.benni.is

Hringiðan
INTERNETÞJÓNUSTA
ADSL-, LJÓSLEIÐARA- OG ÞRÁÐLAUSAR TENGINGAR
DNS-, LÉN- OG VEFHÝSINGAR
Verð frá 998.- kr.
HRINGDU NÚNA Í SÍMA: 525 2400
WWW.VORTEX.IS

ATH. ERUM FLUTT AÐ SKÚLAGÖTU 19

Hringiðan Internetþjónusta
Skúlagata 19, 101 Reykjavík
Sími: 525 2400
WWW.HRINGIDAN.IS

100 bílar bílasala
100bilar.is

VW Touareg R5 dísel, árg. 2008, ek. 38þús.km, leður, krókur, 2xfelgurgangar, nýleg heilsársdekk, Gullfallegur umboðsbíll og vel búinn!! Ásett verð aðeins 7390þús.kr! bíllinn er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

bílaborg.is

Til sölu Atvinnuhúsnæði á krókháls 12 C.A 120 FM Verð 26.000.000. Ákv. Lán 14.000.000. Rnr.132620 Uppl síma 517-1111 eða 696-1001. www.bilaborg.is

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

0-250 þús.

Að morgni 15 des var 4 Iroc dekkjum 39,5" á 15" felgum stolið frá Suðurhellu 6 Hafn. Fundarlaun: Sími 897-1420

Skoda Felicia árg. 98, ek. 90. þ. Ný skoðaður, vetrar og sumardekk. Í góðu standi. V. 180 þ. S. 662 6958.

Bílar óskast

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250Þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810.

Vantar bíl, 0-200 staðgr.
Vantar bíl á verðinu 0-200. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vinnuvélar

Til sölu 28 tonna beltavél ,97 ek. ca. 7400 tíma. Skipti á 12 - 20 tonna payloader. Einnig furukafa fleygur, 2.3 tonn og ca. 12-15 ára gamlir og montabert 501, ca. 1 tonn. S. 892 5309.

Lyftarar

Innfluttir notaðir TOYOTA rafmagnslyftarar 1,0-2,5 T. Gámagengir. Lyftihæð allt að 4,7 mtr. Til afgreiðslu strax. Orkuver ehf. Smiðjuvegi 11 Kópavogi. s. 534 34 35 myndir á: www.orkuver.is

Varahlutir

Hringbraut.is Varahlutasala
Eigum til notaða bílavarahluti. MMC, VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda, Renault ofl . hringbraut.is S.420-1200

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

NET-PARTAR
PARTASALA NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Partabilar.is 770-6400 Lónsbraut 6 Haf.
Erum að rífa bmw525d 02 lanos 98-02 carvan97 neon01 mondeo98 jeep grand 00 kia sportage 99 mazda323 96 m.benz e 1980 almera 99 terrano 01 vectra 99 twingo 99 felisia97 swift 05-2010 xl7 05yaris 05 vw lt 35 98 kango 99 primera diesel 99 fiesta 98.balleno 99 caddy 02 Kaupum bíla í niðurrif eða uppgerðar.

Renault traffic árg'06 , VW Fox árg'06, Fiet Pundo árg'07, Honda Crv árg'00, Nissan Patrol árg'96, VW Caddy árg'00-08, Skoda Octavia árg'98-08, Mercedez Benz árg'05 og margir fleiri bílar. Partahúsið S. 555 6666

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Smíðum eftir máli!
Gluggar • Fög • Útihurðir
Svalahurðir • Bílskúrshurðir
Sérhæfð trésmiðja!
Hurðir & gluggar
Kaplahraun 17 • Hafnarfjörður
Sími: 565 4123 • eijo@internet.is
www.hurdiroggluggar.is

Viðhalds Verk ehf

Húsaviðgerðir
Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

PVC - U PLAST GLUGGAR & HURÐIR
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Selhellu 13 Hafnarfirði
Sími: 554 2800
www.kjarnagluggar.is

VIÐHALD fasteignaviðgerðir
Jólatilboð
Gefðu þér og baðherberginu jólagjöf
Ódýr endurnýjun á baðherbergi með öllu allt að 6m², gólfflísi
Nýjum flísum á gólf og veggi, innréttingu,spegli með ljósi, wc og sturtubotni, sturtuklefa,blöndunartækjum og full málað loft.
Allt innifalið rif og förgun á gamla baðherberginu
Aðeins kr. 500.000. og 60.000 kr. endurgreiðsla frá skatti samtals 440.000 kr. nýtt bað 6 dagar í vinnslu.
Fáðu uppl. S. 567 6699
kristjan@vidhald.is

VIÐHALD fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir
• málningarvinnu • trésmiðavinnu • pípulagnir • raflagnir
• flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Náttúruvæn Loftstokkahreinsun

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

Stíflupjónusta

Stíflulosun Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr. án VSK
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Nudd

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

Líkamsnudd !
Frábær þjónusta. Tilboð í dag. S. 693 0348 eða 661 8272.

2 fyrir 1 tilboð
En skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, fótaðgerðir, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Uppl. - pantanir s. 611 6078. Gjafabréf. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Spádómar

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Spásími 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður, draumar.

Hvað viltu vita.
Opið frá 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMIÐILL
-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR
Sími 618 3525
www.engill.is

Hanna s. 555 2927
Spá Draumar Fyrirbænir
Opið alla virka daga
tek einnig í einkatíma

Dulspekisíminn 908-6414
Símaspá og draumaráðningar. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Önnur þjónusta

Páskaferð til Jerúsalem og Landsins helga 15. til 26. apríl nk. Örfá sæti laus. Verð nálægt 3000US$. Nánari upplýsingar í síma 8980359 eða borgtor.kjaernestedqgmail.com

KEYPT & SELT

Til sölu

ÖRYGGISSKÁPAR
SecureLine
Öryggiskápar fyrir heimili og fyrirtæki
OPTIMA
Vinlandsleið 6-8 - S: 588 9000
www.optima.is

Öryggis- og peningaskápar 15% afsláttur af skápum til áramóta.

Til sölu IKEA Koja B140xL200cm. Silvur Verrð 20.000 kr - Einnig barnarúm fyrir 6-12 ára (tvær stórar skúffur undir) 8000 kr upplýsingar í s. 895 2000 / 822 0102.

Linsur - Hagstætt verð
Dagslinsur 2.490 kr pk. Optic Reykjavík ehf. Hamrahlíð 17 í Húsi Blindrafélagsins s:552 2002 Láttu aðra vita!

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI AFÞREYING
m.visir.is Fáðu Vísi í símann og iPad!
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
Meiri Vísir.
visir.is

FASTEIGNIR.IS

52. TBL. 27. DESEMBER 2010

VÍSIR.IS FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASALAN fasteign.is

SÍMI 5 900 800

Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali.

VILTU SELJA
VILTU KAUPA
VILTU LEIGJA
MIKIÐ FRAMBOÐ GÓÐRA
EIGNA HJÁ FASTEIGN.IS

Ólafur B Blöndal lgf.

Starfsfólk fasteign.is þakkar viðskiptin á árinu og óskar landsmönnum gleðlegrar hátíðar og farsælla fasteignaviðskipta á komandi ári

Ólafur B Blöndal, lgf. • Íris Hall lögg.leigumiðlari • Gísli Rafn Guðfinnsson sölufulltrúi • Helgi Snorrason sölufulltrúi. SÍMI 5 900 800



Gleðileg jól

Heimili fasteignasala óskar viðskiptamönnum sínum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Áfram sem áður tileinkum við okkur drengskap og gjörvileika í okkar vönduðu vinnubrögðum.
Með áreiðanleika og bjartzýni heilsum við nýju ári og nýjum og gömlum viðskiptamönnum.

heimili FASTEIGNASALA

Skipholti 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is

maggi@12ogS.is

Húsið er 580 fermetrar og býður upp á ýmsa möguleika.

Einbýli á skógi vaxinni lóð

Fasteignamarkaðurinn er með á skrá 580 fermetra einbýlihús við Sogaveg 75 í Reykjavík.

Komið er inn í parketlagða forstofu. Hol er parketlagt og í tveimur svefnherbergjum eru dúkur og parket á gólfi. Eldhús er með hvítlakkaðri innréttingu og góðri borðaðstöðu. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf, búið sturtuklefa með glerlokun. Stofur eru samliggjandi og parketlagðar.

Á efri hæð er parketlögð stofa með útgengi á vestur svalir, parketlögð gestasnyrting, þrjú parketlögð svefnherbergi, skápar í tveimur. Hjónaherbergi er parketlagt og með útgengi á svalir í norður. Geymsla er með hillum og dúkur er á gólfi.

Í kjallara er dúklagt þvottaherbergi og þrjú parketlögð herbergi; í einu eru allar lagnir fyrir eldhús. Íþróttaherbergi er í kjallara, með heitum potti, gufubaði og sturtu. Snyrting og tveir samliggjandi salir, plastparket á gólfi, loft viðarklædd. Undir hluta af sölunum er geymsluplass með um það bil 1,95 metra lofthæð.

Lóðinni fylgir 3.700 fermetra skógi vaxin lóð.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Jökulhæð 1 - 210 Garðabær

Mjög fallegt 207 m2 einbýlishús á einni hæð með rúmgóðum bílskúr við Jökulhæð í Garðabæ. Húsið var mikið endurnýjað fyrir 5 árum síðan. Húsið skiptist í 3-4 svefnherbergi, stóra stofu, tvö baðherbergi, eldhús með góðum borðkrók, þvottahús og tvíbreiðan bílskúr. Lóðin er gróin og falleg með timburverönd og hellulögðu bílaplani. **V. 54,9 m.** **Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

Draumahæð 6 - 210 Garðabæ

Mjög fallegt 159,1 m2, endaraðhús með innbyggðum bílskúr við Draumahæð 6 í Garðabæ. Á neðri hæðinni er forstofa, forstofuherbergi, gestasnyrting, stofa, borðstofa, eldhús og þvottahús, innangengt í 22,2 m2 bílskúr, Efri hæð skiptist í sjónvarpshol, tvö svefnherbergi, baðherbergi og risloft. Fallegur og gróinn garður með timburverönd, stórt hellulagt bílaplan fyrir framan húsið. Vinsæll staður, stutt er í alla þjónustu, skóla, leikskóla, verslanir ofl.
Eignin er laus til afhendingar strax. V. 39,5m. 5070
Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

Miðholt - 2ja herbergja
Falleg 47,5 m2, 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í þriggja hæða fjölbýli við Miðholt í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofuhol, baðherbergi, svefnherbergi, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir geymsla á sömu hæð með glugga. Íbúðin er staðsett í hjarta Mosfellsbæjar og er örstutt í alla þjónustu, samgöngur og skóla.
Eignin er laus til afhendingar strax! V. 12,9 m. 5052

Völuteigur - Atvinnuhúsnæði
Gott iðnaðarhúsnæði við Völuteig 1 í Mosfellsbæ sem er búið að skipta í tvær einingar og eru inngangar í það vestan og austan megin húsins. Samtals er húsnæðið skráð samkvæmt Fasteignaskrá Íslands 160,8 m2. Stórar innkeyrsludyr og góð birta. Samkvæmt mælingu eiganda þá skiptist húsnæðið vestan megin í ca. 65 fm vinnslusal og ca 18 fm milliloft. En austan megin í 45 fm vinnslusal og 36 fm milliloft. Ath. að þessar stærðir eru gólfflatarmál að innan, en ekki birt flatarmál. **V. 19,9 m.** 5076

Völuteigur - 270 Mosfellsbær
1.400 m2 iðnaðarhúsnæði á 6.172 m2 afgirtri og malbikaðri lóð við Völuteig í Mosfellsbæ. Aðalbyggingin er 1.105,5 að grunnfleti, en sambyggt húsinu er 296,2 m2 þjónustubygging á tveimur hæðum. Í aðalbyggingunni er stór vinnslusalur með sex stórum innkeyrsluhurðum. Í öðrum enda salarins er vélsmiðja með tveimur innkeyrsluhurðum. jög stórt útisvæði er við húsið, öll lóðin er malbikuð og afgirt með hárri girðingu. **V. 143,0 m.** 5084

Kvíslartunga 39 - Parhús

250,6 m2 parhús á tveimur hæðum með bílskúr við Kvíslartungu í Mosfellsbæ. Húsið er skráð samkvæmt Fasteignamati ríkisins 217,7 m2 og bílskúrinn 32,9 m2. Húsið sem er timbureiningahús er tæplega fokhelt í dag og afhendist í núverandi ástandi. Byggingarefni og einangrun sem er í húsinu og fylgir það með í kaupunum.
Eignin er laus til afhendingar strax
V. 23,9 m. 5009

Leirvogstunga - Einbýlishús

Fallegt 199,2 m2 einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Leirvogstungu 2 í Mosfellsbæ. Bjart og rúmgott hús með fallegum innréttingum og gólfefni. Mikil lofthæð með fallegri lýsingu er í húsinu.
Eignin er laus til afhendingar strax.
V. 44,9 m. 5078

Hofakur 1 - 2ja herb.m/stæði í bílageymslu

Mjög falleg 2ja herbergja, 118,9 m2 íbúð á jarðhæð ásamt stæði í bílageymslu, við Hofakur 1 í Garðbæ. Rúmgóð og glæsileg íbúð með fallegum innréttingu.
Parket er á öllum gólfum nema í forstofu, þvottahúsi og baðherbergi, þar eru flísar. Áhvílandi er ca. 23,5 milljón kr. lán frá Íbúðalánasjóði. **Íbúðin er nýmáluð og laus til afhendingar strax. V. 25,7 m.** 5069

EIGNAMIÐLUN
Reykjavík

S: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík

Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali · Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali · Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali · Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali · Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali · Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali · Magnús Geir Pálsson, sölumaður · Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali · Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri · Elín Þorleifsdóttir, ritari

Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

www.eignamidlun.is

Sólvallagata - mikið endurnýjuð sérhæð

Mjög góð fimm herbergja íbúð á tveimur hæðum með sér inngang í vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin hefur mikið verið endurnýjuð. Þrjú góð svefnherbergi og eitt minna.
V. 36,0 m. 6247

Dofrakór - glæsileg eign

Um að ræða glæsilegt tvílyft 410 fm einbýlishús á tveimur hæðum við Dofrakór í Kópavogi. Húsið er innst í botnlangagötu með fallegu útsýni til vesturs yfir borgina. Húsið er nánast fullbúið, vandaðar innréttingar og tæki. Ljósastýringarkerfi, gólfhiti. Rúmgóður tvöfaldur bílskúr. Lóð er ófrágengin. Húsið er laust strax. **V. 84,0 m.** 6246

Hávallagata 38 - eftirsótt staðsetning

Um er að ræða tölvert endurnýjað 183,4 fm parhús sem er tvær hæðir auk kjallara. 29,3 fm bílskúr fylgir húsinu. Á miðhæð er forstofa, hol, eldhús, og stofur. Í kjallara eru forstofa, tvö svefnherbergi, lítið eldhús, salerni, hitakompa/þvottahús Á efri hæð eru þrjú herbergi og baðherbergi. Mjögulegt er að leigja út kjallarann sér. **Húsið er laust strax.**
V. 49,0 m. 6237

Einbýli

Kvíslartunga - jaðarlóð
1.015,1 m2 jaðarlóð fyrir einbýli/tvíbýli á besta stað við Kvíslartungu 34 í Mosfellsbæ. Púði undir sökkla er kominn á lóðina. Samkvæmt deiliskipulagi er heimilt að hafa 60 m2 aukaíbúð í húsinu. Gatnagerðargjöld innifalin
V. 9,7 m. 4759

Unnarstígur 8 - allt húsið
Virðulegt einbýlishús rétt við Landakot. Húsið er járnklætt timburhús á steyptum kjallara og byggt árið 1907. Húsið þarfnast standsetningar. Húsið skiptist þannig 1.hæð anddyri, tvö herbergi, eldhús og tvær stofur. Í kjallara eru tvö herbergi, snyrting, þvottahús og geymsla. Í risi eru tvö herbergi og baðherbergi. **Óskað er eftir tilboðum.** 6213

Garðaflót 17 - einbýli á einni hæð
Gott og vel við haldið einbýlishús á flötunum í Garðabæ. Húsið er skráð 173,7 fm og þar af er bílskúrinn skráður 27,3 fm. Garðurinn er sérstaklega gróðursæll og fallegur. Yfirbyggður sólskáli með heitum potti. **V. 45,0 m.** 6172

Dverghamrar - á einni hæð
Gott 171 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr á rólegum og skjólsömum stað við Dverghamra. Hellulagt plan er við bílskúr. Garðurinn er mjög gróinn.
V. 39,5 m. 5834

Parhús

Grundarhvarf - við Elliðavatn
Fallegt og mjög vandað, samtals 171,1 fm parhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Húsið stendur á stórri lóð rétt við Elliðarvatnið. Garðurinn er gróinn og fallegur með afgirtri timburverönd. **V. 48,0 m.** 6228

Raðhús

Vesturás - sérhannað raðhús
Glæsilegt vandað raðhús á mjög góðum stað í Árbænum. Húsið er á einni hæð með sérhönnuðum vönduðum innréttingum og flísum á gólfum, 3-4 svefnherbergjum, glæsilegu baðherbergi, þvottaherbergi og innbyggðum bílskúr. Hátt til lofts. Mjög góður afgirtur garður. **V. 43,9 m.** 6222

Einarsnes 20 - endaraðhús
Glæsilegt endaraðhús með innbyggðum bílskúr samtals um 174,5 fm. á mjög eftirsóttum stað í Skerjafirðinum. Húsið hefur allt verið endurnýjað á sl. árum að innan og utan. Glæsilegur garður. **V. 50,0 m.** 6127

Hæðir

Flókagata - hæð í sérflokki
Glæsileg mikið endurnýjuð 152,0 fm efri hæð og ris ásamt 26,3 fm bílskúr sem er nýlega innréttaður sem stúdíóíbúð og er hún í útleigu. Nýlegar innréttingar, gólfefni, raflagnir, bæði baðherbergin, eldhús o.fl. Húsið að utan er mikið endurnýjað m.a. endursteinað, nýlegt þak, gluggar nýmáladir að utan, o.fl. Mjög góð staðsetning í grónu hverfi. Góður ræktaður garður.
V. 50,0 m. 6218>

Viðimelur - efri hæð
Góð ca 105 fm efri sérhæð. Hæðin skiptist í forstofu, gang, baðherbergi, eldhús, svefnherbergi og tvær stofur á neðri hæð. Svo er rishæð yfir íbúðinni sem gengið er í úr stofu. Risið getur verið nýtt sem herbergi eða stofa. Sér geymsla og sameiginlegt þvottahús eru í kjallara. Hæðin hefur töluvert verið endurnýjuð. **V. 28,5 m.** 6243

Efstasund - laus strax.
Góð 60,2 fm 3ja herbergja neðri hæð í góðu tvíbýli. Stór lóð. Gott skipulag. Sam. þvottahús. Mjög góð staðsetning. Laus strax. Lyklar á skrifstofu. **V. 16,9 m.** 6205

Strandgata HF. - endurnýjuð eign.
Falleg mikið endurnýjuð hæð sem nýtt hefur verið sem skrifstofuhúsnæði. Mikið endurnýjuð eign á frábærum stað. Sérinngangur. Nýl. Gólfefni, raflagnir, ofnar og ofnalagnir ásamt innihurðum, o.fl. Húsið er frábærlega staðsett í miðbænum. Teiknað sem 3ja herbergja íbúð. **V. 18,5 m.** 6250

4ra-6 herbergja

Breiðvangur - endurnýjuð
Vönduð talsvert endurnýjuð 144,2 fm endaíbúð á 2.hæð í góðu fjölbýli í Norðurbæ Hafnarfjarðar. Fjögur svefnherbergi, stofa og sjónvarpshol. Endurnýjað baðherbergi, eldhús og þvottahús. Mjög gott skipulag. Laus strax. 6244

Fróðengi - 5-6 herb. ásamt bílskýli.
Glæsileg 5-6 herbergja 145 fm íbúð sem er á tveimur hæðum ásamt stæði í bílageymslu samtals skráð 169,5 fm. 4 svefnherbergi, tvö baðherbergi. Tvennar svalir. Glæsilegt útsýni. Laus strax. **V. 27,5 m.** 6252

Vatnsstígur - Glæsileg íbúð með þakgarði
Fullbúin og glæsileg 4ra herbergja 142,1 fm íbúð í Skuggahverfinu. Íbúðin er staðsett á 3. hæð með 40, 3 fm þakgarði. Íbúðin er mjög björt með hærri lofthæð en almennt gerist. Glæsileg íbúð. **V. 47,5 m.** 4594

3ja herbergja

Mjóahlíð - rúmgóð
Björt og rúmgóð 3ja herbergja íbúð í kjallara við Mjóuhlíð í Reykjavík. Eignin skiptist í hol, baðherbergi, eldhús, 2 samliggjandi stofur og herbergi. Sér geymsla er í kjallara svo og sameiginlegt þvottahús. Sérverönd út af stofu. **V. 18,5 m.** 6233

2ja herbergja

Gyðufell
2ja herbergja 67,3 fm íbúð á annarri hæð. Húsið hefur verið klætt að utan og svalir yfirbyggðar. **V. 11,9 m.** 6245

Vegghamrar - sérinngangur
Góð áhvílandi lán sem hægt er að yfirtaka. Björt 2ja herbergja 62,5 fm íbúð með sér inngangi. Aðeins einn strætisvagn alla leið að Háskóla Íslands. **V. 15,9 m.** 6197

Miklabraut - falleg íbúð
Falleg og björt 2ja herbergja 64,0 fm íbúð á 1. hæð. Íbúðin skiptist í hol, stofu, baðherbergi, rúmgott svefnherbergi og eldhús. Í kjallara fylgir sérgeymsla ásamt sameignar þvottaherbergi. Snyrtileg sameign.
V. 15,5 m. 6192

Atvinnuhúsnæði

Steinhella - langtíma leigusamningur

Nýlegt fullbúið 2612 fm atvinnuhúsnæði í langtímaleigu. Góður fjárfestingarkostur. Húsið stendur á 6500 fm afgirtri lóð. Húsnæðið er leigt til Thor Data Center sem rekur gagnaver í húsnæðinu og er leigusamningurinn til 10 ára.
Mánaðarleiga er 2,1 millj. án vsk. **V. 260,0 m.** 6065

Héðinsgata - skrifstofubygging
Skrifstofubygging (allt húsið) á þremur hæðum samtals u.þ.b. 1.000 fm á þremur hæðum. Mjög góð staðsetning og mikið útsýni. Aðkoma góð og næg bílastæði. Mjög hagstætt verð. **V. 99,0 m.** 5199

Hvaleyrarbraut - glæsilegt
Einstaklega vandað og snyrtilegt 698,2 fm iðnaðarhúsnæði við Hvaleyrarbraut 27 í Hafnarfirði. Húsnæðið sem er að grunnfleti samtals 630 fm að stærð auk tveggja millilofta og er annað þeirra skráð 68,2 fm en hitt er óskráð. Fimm góðar innkeyrsluhurðar. Malbikað og upphitað bílaplan.
V. 79,0 m. 6235

Dalshraun - laust strax - gott verð
Atvinnuhúsnæði sem er 115,7 fm að stærð og skiptist í flísalagðan vinnusal og snyrtingu. Góð lýsing. Innkeyrsluhurð sem er ca 2,4 metrar á hæð og inngönguhurð við hliðina.
V. 9,8 m. 6238

Grandatröð
Nýlegt 191,2 fm atvinnuhúsnæði á góðum stað í Hafnarfirði. Mjög stórar innkeyrsludyr eru á bilinu auk 2ja útgöngudyra. Laust strax. Sölumenn sýna. **V. 21,5 m.** 6034

Gjáhella - gott húsnæði
Mjög gott iðnaðarhúsnæði við Gjáhellu 5 á Völlunum í Hafnarfirði. Húsnæðið sem er samtals 204,4 fm að stærð er á tveimur hæðum og skiptist í 105,8 fm vinnusal og 98,6 fm óinnréttaðan skrifstofusal á efri hæð. Einnig er til sölu eining við hlið þessarar, jafnstór og í sama ástandi. **V. 18,0 m.** 6042

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

ÓSKUM EFTIR ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM EIGNA Á SÖLUSKRÁ

Starhólmi-Kópavogi

Vel skipulagt 196,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á fallegum stað innst í botnlangagötu. Eignin er mikið endurnýjuð nýlega m.a. hefur verið skipt um nánast öll gólfefni, innréttingu og tæki í eldhúsi, baðherbergi á efri hæð endurnýjað, raflagnir o.fl. Stórar samliggjandi stofur, sjónvarpsstofa (2 herb á teikn.), 3 herbergi og 2 baðherbergi. Hús nýlega málað að utan. Ræktuð lóð með stórri verönd til suðurs og gróðurhúsi. **Verð 52,9 millj.**

Hagaflöt – Garðabæ

Fallegt og vel skipulagt 137,5 fm einbýlishús auk um 18,0 fm sólskála, 45,0 fm bílskúrs og um 7,5 fm sólstofu á þessum eftirsótta stað. Húsið hefur verið nokkuð endurnýjað og skiptist m.a. í samliggjandi stofur með útgangi í sólskála, eldhús með nýlegum innréttingum, 4 herbergi og baðherbergi. Á baklóð eru stórar hellulagðar – og viðarverandir með skjólveggjum og rúmgóðri geymslu. Innkeyrsla og stéttar fyrir framan hús eru nýlegar. **Verð 47,9 millj**.

Kirkjusandur- „penthouseíbúð"- 2 sér stæði í bílageymslu.

Glæsileg 195 fm íbúð á efstu hæð auk 35,0 fm sér geymslu og tveggja sér bílastæða í bílakjallara. Íbúðin er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt. Glæsilegar rúmgóðar stofur, arinstofa og borðstofa, sjónvarpshol, vel útbúið eldhús, 2 herbergi og baðherbergi auk gesta w.c. Tvennar flísalagðar svalir.
Útsýni yfir borgina, sundin og víðar. Húsvörður. Eign sem vert er að skoða.

Grandavegur - 4ra herb. eldri borgarar

4ra herb. 114,8 fm. útsýnisíbúð á 6.hæð auk sér stæðis í bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, sjónvarpshol, eldhús, samliggjandi stórar og bjartar stofur, 2 herbergi, baðherbergi og þvottaherbergi. Stórar yfirbyggðar svalir til vesturs. Útsýni er yfir borgina til suðurs, að Reykjanesfjallgarði og víðar. Sameiginlegur matsalur á 10. hæð. Húsvörður.
Verð 31,9 millj.

Kristnibraut. 4ra herb. með bílskúr.

Mjög falleg 105,3 fm 4ra herb.ásamt sér geymslu og 26,2 fm bílskúr í góðu fjölbýli í Grafarholtinu. Rúmgóð og björt stofa/borðstofa með útgengi á suðursvalir. Ljósar viðarinnréttingar í eldhúsi og 2 rúmgóð herbergi. Hús í góðu ástandi að utan og sameign til fyrirmyndar. **Verð 27,5 millj.**

Bergstaðastræti

Fallegt 194,3 fm. einbýlishús, tvær hæðir og ris auk um 35 fm. þakgarðs á þessum eftirsótta stað í Þingholtunum. Húsið var mikið endurnýjað árið 1997 og var þá m.a. skipt um járn á húsi og þaki auk þess sem skipt var um gler og glugga. Tvennar svalir eru á húsinu. Full lofthæð er í kjallara. Um 35 fm. viðbygging er við húsið sem nýtt hefur verið sem vinnuaðstaða. **Eignarlóð með sér bílastæði. Verð 69, 0 millj.**

Gerðavellir- Grindavík

Fallegt og þó nokkuð endurnýjað 171,3 fm. raðhús með innb. 31,8 fm. bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, forstofuherb., rúmgóða stofu með útg. á lóð, eldhús, 3 svefnherb., vandað eldhús og baðherb. Húsið er í góðu ástandi að utan, nýmálað og með nýlegum þakkanti.
Verð 22,9 millj.

Marteinslaug- 5 herb.

Falleg og vel skipulögð 137,4 fm 5 herb. íbúð á jarðhæð að meðt. sér geymslu og stæði í bílsk. Íbúðin skiptist í forstofu, saml. opna stofu, borðst. og eldhús, 3 góð herb., fatah., sjónvarpsh., rúmgott bað., og þvottah. Lagt fyrir síma/tölvu og sjónvarpi í öll svefnherbergi. Glæsilegur um 35 fm sólpallur með lýsingu. **Stutt í græn svæði, skóla og leiksk. Verð 35,9 millj.**

Skeiðarvogur. 2ja herb.

2ja herb. 55,5 fm. íbúð með sérinngangi í kjallara í góðu tvíbýlishúsi í Vogahverfinu. Íbúðin skiptist í forstofugang, eldhús, 1 svefnherb., rúmgóða stofu og baðherbergi. Geymsla innan íbúðar. Húsið var viðgert og málað á þessu ári.
Verð 14,9 millj.

Boðagrandi- 2ja herb.

Falleg og vel skipulögð 61,6 fm íbúð í góðu fjölbýli vesturbænum auk sér geymslu í kjallara. Eldhús er opið í stofu. Svalir í suðaustur út af stofu. Þvottaaðstaða á baðherbergi.
Verð 16,2 millj.

Vindás – 3ja herb.

Vel skipulögð 85,2 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð með skjólgóðum suðursvölum og sér stæði í bílageymslu. Rúmgóð stofa, sjónvarpshol og 2 góð svefnherbergi. Sér geymsla innan íbúðar og sameiginlegt þvottaherb. á hæðinni.
Verð 17,9 millj.

Grandavegur – eldri borgarar. 2ja herb. –laus strax.

51,4 fm 2ja herb. íbúð á 4. hæð í þessu eftirsótta lyftuhúsi fyrir eldri borgarar auk sér geymslu í kjallara. Svalir til suðurs út af stofu. Þvottaaðstaða á baðherbergi. Húsvörður og sameiginlegu matsalur á 10. hæð.
Verð 14,9 millj.

Efstihjalli-Kópavogi. 4ra herb.

Falleg 4ra herb. 102,9 fm íbúð á jarðhæð með sér inngangi. Íbúðin skiptist í forstofu, rúmgott hol, rúmgóða og bjarta stofu, eldhús með borðkrók, 3 svefnherbergi og baðherbergi með þvottaaðstöðu. Lítill reitur framan við íbúð þar sem möguleiki er að setja sólpall. Hús málað að utan sl. sumar.
Verð 21,9 millj.

Langalína- Sjálandi Garðabæ. 3ja herb.

Falleg og vönduð 115,5 fm. 3ja herb. íbúð á 3. hæð í vel staðsettu fjölbýli í Sjálandinu. Sér stæði í bílageymslu. Stórt opið eldhús með eyju. Rúmgóð og björt stofa. Flísalagðar svalir til austurs. 2 svefnherbergi með góðum skápaum. Næturlýsing í gólfum og veggjum. Innfelld lýsing í loftum að hluta.
Verð 32,9 millj.

Gvendargeisli- 4ra sér inngangur. Yfirb. svalir.

138,3 fm glæsileg íbúð með sérinngangi auk um 10 fm yfirbyggðra opnanlegra svala og sér stæðis í bílageymslu. Rúmgóð og björt stofa, eldhús með fallegum eikarinn., 3 svefnherbergi auk sjónvarpsh. og flísalagt baðherbergi. Hús að utan og sameign til fyrirmyndar. **Verð 29,9 millj.**

Hraunbær – 4ra herb.

92,7 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð ásamt 5,3 fm geymslu í kjallara. Rúmgóð stofa með útgengi á svalir til vesturs. 3 svefnherbergi. Eldhús með góðri borðaðstöðu.
Laus til afhendingar fljótlega. Verð 18,9 millj.

Skúlagata – 2ja herb. útsýnisíbúð

Falleg og vel skipulögð 63,6 fm íbúð á 8.hæð með sér stæði í bílageymslu fyrir 60 ára og eldri. Yfirbyggðar opnanlegar svalir til vesturs. Gríðarlegt útsýni til vesturs yfir borgina og að Snæfellsjökli. Þvottaherb./geymsla innan íbúðar
Verð 19,9 millj.

Safamýri. 2ja herb.

59,3 fm 2ja herb. íbúð á 4. hæð með stórum suðvestursvölum. Íbúðin skiptist í hol, rúmgóða stofu, opið eldhús við hol, 1 svefnherbergi og baðherbergi.
Laus til afhendingar strax.
Verð 15,3 millj.

Freyjugata- 3ja herb.

69,2 fm endurnýjuð 3ja herb. íbúð með sérinngangi í Þingholtunum. Íbúðin skiptist í forstofu/gang, eldhús með nýlegri innréttingu, 2 herbergi og endurnýjað baðherbergi auk geymslu. Baklóð me timburverönd.
Verð 19,5 millj.

Sólheimar- 3ja herb. útsýnisíbúð.

Vel skipulögð 87,8 fm 3ja herb. íbúð á 8. hæð að meðt. 2,6 fm. sér geymslu í kj. og 2,2 fm. sér geymslu á 8. hæð. Íbúðin er nýmáluð að innan og skiptist í forstofu/gang, eldhús, 2 herbergi, stofu og baðherbergi. Svalir til suðurs og austurs.
Einstakt útsýni. Verð 21,9 millj.

Grettisgata.

Endurnýjuð 151 fm íbúð á tveimur hæðum í miðbænum. Eignin skiptist m.a. í 2 skiptanlegar stofur, eldhús, 3 herbergi, baðherbergi og 2 geymslur. Aukin lofthæð og fallegir gifslistar og rósettur í loftum. Eyja í eldhús, klætt grásteini. Hringstigi milli hæða.
Verð 31,9 millj.

Vesturgata- eldri borgarar. 2ja herb.

68,9 fm íbúð á 3. hæð auk 8,1 fm sér geymslu í húsi eldri borgara við Vesturgötu. Þjónustumiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar auk sameiginl. matsalar og mötuneytis.
Laus til afh. strax.
Verð 22,5 millj.

Stíflusel – 3ja herb.

Góð 95,1 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli þ.m.t. sér geymsla í kjallara. Suðursvalir út af stofu. 2 rúmgóð svefnherbergi. Baðherbergi flísalagt í gólf og veggi. Hús í góðu ásigkomulagi hið ytra og sameign góð.
Verð 19,9 millj.

Hverfisgata – 3ja herb.

Góð 78,6 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð með suðursvölum í litlu fjöleignarhúsi. Íbúðin skiptist í gang, eldhús með uppgerðum innréttingum, 2 herbergi, rúmgóð og björtstofaannað nýtt sem sjónvarpsherbergi og baðherbergi með þvottaaðst. Lítil sér geymsla fyrir framan íbúð.
Verð 18,7 millj.

Óskast keypt

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is

í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga

Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Vélar og verkfæri

Verslun

HEILSA

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstill - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Þjónusta

Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Kennsla

Viltu verða stílisti?
The Academy of Colour and Style býður upp á nám í bæði fatastíl & litgreiningu og innanhússtílistanámi. Nánari upplýsingar í síma 533-5101. www.utlit.is

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HEIMILIÐ

Dýrahald

Ný námskeið hefjast á nýju ári. Hundajóla kveðja www.hundaskoli.net Uppl.897 1992.

Hundagalleríið auglýsir
Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is
Hundaræktun með starfsleyfi.
S. 566 8417 Tökum visa/euro

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Til leigu ný, glæsileg 2. herb. 54 m2 íb. í einb. í norðurbæ Hafnarfj. Sér inng. Leigut. minnst eitt ár. Leigist eing. barnl. reglus. einstakl. eða pari. Engin gæludýr. Reykl. íbúð. Verð kr. 98 þús. m/hita og rafm. Enginn hússj. Laus strax. Sjón er sögu ríkari. Uppl. í s. 822 1216.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Stutt í Iðnskólann og bónus. S. 892 5309.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu hæð 93 fm í einbh í Vesturbæ 3ja herb m húsgögn fyrrih árs 2011 Upplýs 8411778/8680594

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Einkamál

Spjalldömur 908 5500
Erum við meira enn áður.

Fasteignir

ALLT ATVINNA

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Viðar Ingi Pétursson vip@365.is 512 5426 Hrannar Helgason hrannar@365.is 512 5441

VÍSIR.IS

Félagsráðgjafi/Þroskaþjálfi

Félagsþjónusta Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga

Óskar eftir að ráða félagsráðgjafa / þroskaþjálfa til starfa.
Að auki er leitað að starfsmanni í afleysingar til eins árs.

Starfssvið félagsráðgjafa/þroskaþjálfa
- Málefni fatlaðra
- Almenn félagsþjónusta og barnavernd
- Þátttaka í þróunarstarfi á sviði málefna fatlaðra

Hæfniskröfur:
- Próf í félagsráðgjöf eða þroskaþjálfun
- Reynsla af störfum á sviði málefna fatlaðra.
- Sjálfstæði, skipulagshæfileikar, frumkvæði og færni í mannlegum samskiptum.

Starfssvið afleysingastöðu
- Almenn félagsþjónusta og barnavernd
- Málefni fatlaðra

Hæfniskröfur:
- Próf í félagsráðgjöf.
- Reynsla af störfum á sviði velferðarþjónustu.
- Sjálfstæði, skipulagshæfileikar frumkvæði og færni í mannlegum samskiptum.

Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 27. desember 2010

Atvinnuumsókn ásamt ferilskrá má senda á netfangið kristin@sandgerdi.is
Frekari upplýsingar veitir Kristín Þ. Þorsteinsdóttir, félagsmálastjóri í síma 420-7555, netfang; kristin@sandgerdi.is

STARFATORG.IS

Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Nýtt			
Sálfræðingur	Félags- og tryggingamálar.	Reykjavík	201012/057
Stuðningsfulltrúi	Sv.skrifst. mál. fatl. í Reykjavík	Reykjavík	201012/056
Dönskukennari	Fjölbrautaskóli Suðurlands	Selfoss	201012/055
Kennari	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Garðabær	201012/054
Skólahjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201012/053

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

Starfatorg.is

Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir laust til umsóknar starf forstjóra.
Leitað er að reyndum leiðtoga sem hefur áhuga á að nýta hæfileika sína í þágu mikilvægrar almannaþjónustu.

Um starfið:
- Forstjóri OR stýrir daglegum rekstri fyrirtækisins og gætir jafnvægis milli samfélagslegra, fjárhagslegra og umhverfislegra sjónarmiða.
- Forstjóri hrindir í framkvæmd stefnu fyrirtækisins og framtíðarsýn.
- Forstjóri ber ábyrgð á áætlanagerð, eftirfylgni áætlana, gæðastjórnun, fjármálastjórnun, þekkingar- og starfsmannastjórnun.
- Forstjóri ber ábyrgð á framkvæmdum á vegum OR og að umgengni við auðlindir sé samkvæmt viðmiðum um sjálfbæra þróun.
- Forstjóri ber ábyrgð á samskiptum við viðskiptavini, starfsmenn, lánastofnanir og aðra hagsmunaaðila.
- Forstjóri fer með eignarhluti OR í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Áhersluatriði í starfi forstjóra næstu misserin eru fjárhagsleg endurskipulagning og fjárhagslegt jafnvægi, stefnumótun og endurskoðun á innri ferlum og stjórnun.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfinu.
- Reynsla úr yfirstjórn í stóru fyrirtæki eða stofnun er mjög æskileg.
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfileikar auk færni í að móta og innleiða framtíðarsýn.
- Hæfni í að styðja öflugan hóp samstarfsmanna til ábyrgðar og nýta hæfileika allra starfsmanna með samráði og upplýsingaflæði.
- Þekking á sviði fjármála og fjármögnunar fyrirtækja, reynsla af flókinni samningagerð og stýringu áhættu.
- Samskipta- og tjáskiptahæfileikar, greiningarhæfni, metnaður, frumkvæði og heilindi.

ÍSLENSKA/SÍA.IS/ORK 52809 12/10

Launakjör taka mið af úrskurðum kjararáðs um laun í sambærilegum störfum. Nánari upplýsingar um starfið gefur Skúli Waldorff starfsmannastjóri (sími: 516 6000, netfang: skuli.waldorff@or.is). Umsóknum skal skilað til Orkuveitu Reykjavíkur á netfangið **umsokn@or.is í síðasta lagi 4. janúar 2011**. Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið. Hæfnisnefnd mun meta umsækjendur með faglegu hæfnismati og gera tillögu til stjórnar OR. **Sjá nánar um ráðningarferlið á www.or.is**.

Orkuveita Reykjavíkur er þjónustufyrirtæki sem veitir íbúum og atvinnulífi grunnþjónustu með veitu- og virkjanarekstri og tryggir öruggan aðgang að heitu og köldu vatni og rafmagni, auk fráveitu og gagnaveitu. Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki þriggja sveitarfélaga á suðvesturhorni Íslands og þjónar um 200.000 notendum. Hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur er að tryggja á hagkvæman og sjálfbæran hátt lífsgæði og hæfni samfélagsins.

Grunngildi OR eru virðing, hagsýni, heiðarleiki, eldmóður, traust og sveigjanleiki.

www.or.is

Gagnavarslan ehf. óskar eftir að ráða aðalbókara í fullt starf.

Gagnavarslan ehf. er óháð þekkingarfyrirtæki sem veitir ráðgjöf og heildarlausnir í stýringu upplýsinga og varðveislu. Markmið Gagnavörslunnar er að aðstoða viðskiptavini við að ná hagræðingu í rekstri með aukinni yfirsýn og skilvirkari ferlum. Hjá Gagnavörslunni vinnur mjög fjölbreyttur, metnaðarfullur og öflugur hópur sérfræðinga með víðtæka menntun og reynslu.

Helstu verkefni aðalbókara:
- Bókhald
- Áætlanagerð
- Launavinnsla
- Afstemmingar
- Mánaðarleg uppgjör
- Innheimta
- Innkaup og umsýsla
- Önnur bókhaldstengd verkefni

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun
- Góð reynsla af bókhaldsstörfum er skilyrði
- Þekking á Navision viðskiptahugbúnaði
- Skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði, stundvísi og áreiðanleiki
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til 10. janúar, umsóknir sendist til Gagnavörslunnar ehf. Bæjarhrauni 22, 220 Hafnarfirði eða með tölvupósti á umsoknir@gagnavarslan.is

Heilsugæslulæknir
Heilsugæslan Efra Breiðholti

Laus er til umsóknar staða heilsugæslulæknis við Heilsugæsluna Efra Breiðholti, Hraunbergi 6, 111 Reykjavík Staðan veitist frá 1. febrúar 2010 eða eftir nánara samkomulagi.

Heilsugæslan Efra Breiðholti er hverfisstöð og er fyrst og fremst ætlað að þjóna íbúum Efra Breiðholts.

Leitað er eftir umsækjanda sem hefur sérfræðimenntun í heimilislækningum. Einnig kemur til greina að ráða lækni, sem hefur áhuga á að leggja fyrir sig framhaldsnám í heimilislækningum, tímabundið til starfa.

Nánari upplýsingar um stöðuna veitir Þórður G. Ólafsson, yfirlæknir í síma 513 1550 eða á netfangi: thordur.g.olafsson@heilsugaeslan.is

Umsóknir ásamt staðfestum upplýsingum um læknismenntun, læknisstörf og vísinda- og rannsóknarstörf sendist til starfsmannasviðs Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins Álfabakka 16, 109 Reykjavík, fyrir 18. janúar 2010.

Sækja um starfið á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins • Álfabakka 16 • 109 Reykjavík • www.heilsugaeslan.is

Framkvæmdastjóri Markaðsstofu Vesturlands

Markaðsstofa Vesturlands auglýsir eftir framkvæmdastjóra í fullt starf. Stofan, sem er samstarfsverkefni sveitarfélaga og ferðaþjónustuaðila á Vesturlandi, annast markaðssetningu og kynningu Vesturlands sem áfangastaðar í ferðaþjónustu. Skrifstofa og starfsstöð Markaðsstofu Vesturlands er í Borgarnesi og þarf framkvæmdastjóri að vera búsettur á Vesturlandi. Markaðsstofa Vesturlands flytur í nýtt húsnæði í byrjun febrúar.

Helstu verkefni
- Markaðssetning ferðaþjónustu á Vesturlandi
- Dagleg stjórnun og rekstur stofunnar og upplýsingamiðstöðvar Vesturlands
- Samstarf og samvinna við aðrar markaðsstofur, stofnanir og aðila í ferðaþjónustu
- Samvinna við sveitarfélög í málum er varða ferðaþjónustu
- Miðlun þekkingar og upplýsinga til ferðaþjónustuaðila og samstarfsaðila stofunnar

Hæfniskröfur
- Menntun og/eða starfsreynsla í markaðsmálum
- Reynsla og/eða þekking á rekstri
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta og þekking á Netinu
- Gott vald á íslensku og ensku, önnur tungumál eru kostur
- Staðbundin þekking á Vesturlandi og áhugi á ferðaþjónustu

Umsóknir skal senda á rafrænu formi ásamt ferilskrá á markadsstofa@vesturland.is

Umsóknarfrestur er til 31. desember nk.

vesturland.is

Umsjónarmaður gæðahandbókar

Matvælastofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling á áhættumats- og gæðastjórnunarsvið til að ritstýra gæðahandbók stofnunarinnar. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst, en um er að ræða fullt starf í tímabundinni ráðningu á aðalskrifstofu MAST á Selfossi til og með 31. desember 2011.

Helstu verkefni:
- Ritstjórn Focal-gæðahandbókar
- Verkstjórn innri úttekta á gæðakerfinu
- Verkstjórn umbótaverkefna í gæðakerfinu
- Innleiðing nýrra ferla og vinnulýsinga
- Viðhald gæðakerfis
- Ytri úttektir
- Önnur tilfallandi verkefni sem starfsmanni eru falin

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun eða önnur framhaldsmenntun sem nýtis í starfi
- Reynsla æskileg af vinnu við gæðakerfi byggt á ISO 9001
- Þekking á Focal–gæðakerfi er kostur
- Góð tölvukunnátta er skilyrði
- Gott vald á íslensku og ensku
- Samskipta- og skipulagshæfileikar
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Nánari upplýsingar um störfin veita Sigurborg Daðadóttir (sigurborg.dadadottir@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) í síma 530-4800. Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum „Sérfræðingur-gæðahandbók" eða með tölvupósti á mast@mast.is. Umsóknarfrestur er til og með 29. desember 2010. Öllum umsóknum verður svarað. Upplýsingar um Matvælastofnun má nálgast á **www.mast.is.**

Sérfræðingur
Eftirlit með framleiðendum sjávarafurða

Matvælastofnun óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf frá og með 1. febrúar 2011 sem tengist eftirliti með framleiðslu sjávarafurða á aðalskrifstofu MAST á Selfossi. Starfið er tvískipt, annars vegar lýtur það að þjálfun, fræðslu og samræmi í störfum eftirlitsmanna og hins vegar að beinu eftirliti með framleiðendum sjávarafurða. Starfið mun útheimta nokkur ferðalög innanlands

Matvælastofnun mun frá 1. mars 2011 taka yfir allt eftirlit með framleiðendum sjávarafurða sem að hluta til hefur verið í höndum faggiltra skoðunarstofa.

Helstu verkefni:
- Skipulag og þátttaka í þjálfun og fræðslu eftirlitsmanna
- Skipulag og aðgerðir til samræmingar í störfum eftirlitsmanna
- Umsjón með úttektum vegna leyfisumsókna
- Úttektir á innra eftirliti (HACCP) hjá leyfishöfum
- Skoðanir hjá leyfishöfum, þ.e. landvinnslum, vinnslu-, frysti- og öðrum fiskiskipum
- Eftirlit með löndunaraðstöðu og aflameðferð
- Samskipti við leyfishafa
- Skýrslugerð og frágangur gagna í gagnagrunn
- Úrvinnsla gagna vegna eftirlits
- Önnur tilfallandi verkefni sem starfsmanni eru falin

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun eða önnur framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði eftirlits með framleiðslu sjávarafurða byggt á HACCP aðferðafræðinni
- Þekking á HACCP, lögum og gerðum EES um matvæli og fóður
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veita Sigurður Örn Hansson (sigurdur.hansson@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) og í síma 530-4800.

Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum „Sérfræðingur-Sjávarafurðir" eða með tölvupósti á mast@mast.is en umsóknarfrestur er til og með 29. desember 2010. Öllum umsóknum verður svarað. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Nánari upplýsingar um stofnunina er hægt að nálgast á vefsíðu hennar, **www.mast.is.**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Starfsfólk vantar á heimili fyrir geðfatlaða

Félagsþjónustan í Hafnarfirði óskar eftir að ráða til starfa starfsfólk í félagslega liðveislu við heimili geðfatlaðra í Hafnarfirði.

Félagsleg liðveisla
Starfið felur í sér að aðstoða skjólstæðinga við að öðlast félagslega færni og auðvelda þátttöku í daglegu lífi. Um vaktavinnu er að ræða.

Starfið gerir kröfu til jákvæðs viðmóts, mannúðlegra viðhorfa og góðra hæfileika í mannlegum samskiptum. Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru nauðsynlegir.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Verkalýðsfélagsins Hlífar við launanefnd sveitarfélaga.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um framangreind störf.

Umsóknum skal skilað í þjónustuíbúð á Hverfisgötu 29. 220 Hafnarfjörður eða rafrænt á netfangið rakelr@hafnarfjordur.is.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Fræðslusvið Hafnarfjarðar Skólastjóri grunnskóla

Staða skólastjóra Hraunvallaskóla er laus til umsóknar.

Í Hraunvallaskóla er sérstök áhersla lögð á samvinnu leik- og grunnskóla en þar eru nemendur á báðum skólastigum og tveir skólastjórar.

Í skólanum er starfað samkvæmt hugmyndafræði hins opna skóla, einstaklingsmiðuðu námi og fjölbreyttum kennsluháttum. Þá er mikil áhersla lögð á samvinnu, teymisvinnu, skapandi hugsun og starfsgleði.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Kennarapróf og kennslureynsla
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- eða kennslufræði
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sé reiðubúinn að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Hafi reynslu og/eða menntun til að leiða skólastarfið í átt að einstaklingsmiðuðu námi og opnum skóla

Umsókn skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna skólastjórastarfi.
Upplýsingar um starfið veitir Magnús Baldursson, sviðsstjóri fræðslusviðs í síma 585 5800, netfang magnusb@hafnarfjordur.is
Umsóknir berist Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður fyrir
31. desember 2010.
Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. apríl 2011 eða eftir nánara samkomulagi.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um stöðuna. Laun og kjör eru samkvæmt samningum KÍ og launanefndar sveitarfélaga.

Sviðsstjóri fræðslusviðs

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið

Heilbrigðisfulltrúi – Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Laust er til umsóknar starf heilbrigðisfulltrúa hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar er eitt af fagsviðum borgarinnar og samanstendur af skrifstofum Samgöngumála, Neyslu og úrgangs og Náttúru og útivistar, auk Staðardagskrár 21, Bílastæðasjóði og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur sem skiptist í tvær deildir: Umhverfiseftirlit og Matvælaeftirlit auk þess sem Heilbrigðiseftirlitið sér um vöktun umhverfisgæða og hundaeftirlit.

Leiðarljós Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er að tryggja borgarbúum heilnæm lífsskilyrði og vernda heilnæmt og ómengað umhverfi.

Starf í boði er hjá Umhverfiseftirliti sem sér um eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum í fyrirtækjum og stofnunum, útgáfu starfsleyfa, umsagnir, fræðslu og sinnir kvörtunum, ásamt öðrum verkefnum. Deildarstjóri er næsti yfirmaður.

Starfið felst m.a. í:
- Að hafa reglubundið eftirlit með starfsleyfisskyldum fyrirtækjum í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um matvæli nr. 93/1995 og lög nr. 52/1988 um eituefni og hættuleg efni og reglugerðum skv. þeim.
- Að sinna skráningum, skýrslugerð og bréfaskriftum, sinna kvörtunum og annast fræðslu. Beita þvingunarúrræðum í samráði við deildarstjóra.
- Sinna öðrum verkefnum samkvæmt fyrirmælum deildarstjóra.
- Að vinna með hópi sérfræðinga Heilbrigðiseftirlitsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, raunvísinda, umhverfisfræða eða sambærileg menntun.
- Afburðahæfni í mannlegum samskiptum, sveigjanleiki og samstarfshæfni. Viðkomandi þarf að geta unnið vel undir álagi.
- Jákvæðni, samviskusemi og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfileikar.
- Réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúi eru æskileg.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga og Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veitir Rósa Magnúsdóttir, deildarstjóri Umhverfiseftirlits, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hjá Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, frá kl. 9-16 í síma 411 1111.

Umsóknir skulu berast til deildarstjóra Umhverfiseftirlitsins, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, netfang rosa.magnusdottir@reykjavik.is eigi síðar en 10. janúar 2011.

Reykjavík 27. desember 2010.

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar/ Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Tide Buss er eitt af stærri rútu og strætisvagna félögum í Noregi sem einnig sérhæfir sig í ferju og fjarðarsiglingum í Noregi , sem og allri almennri ferðaþjónustu. Félög innan Tide hafa ca 3500 starfsmenn, 1300 rútur og strætisvagna , ásamt 80 ferjum og hraðbátum. Félagið hafði veltu uppá 3,5 milljarða nrk árið 2009. Tide Buss er skráð á Osló hlutabréfamarkaðnum. Tide Buss er dótturfélag Tide ASA. Tide Buss sér einnig um áætlunnar akstur í Hordaland, Nord – Rogaland og Danmörku , ásamt því að sér félagið um skipulagðar hraðferðir og rútuferðir. Félagið er með veltu uppá 1.9 milljarða nrk og er með 2300 starfsmenn. Tide Buss er eigandi af dótturfélaginu Tide Buss Danmark og Tide Buss Haugasund og tekur virkan þátt í allri samkeppni og útboðum í Noregi. Félagið hefur öll réttindi er varða ISO 9001.

Tide Buss i Bergen óskar eftir fleiri Íslenskum

STRÆTISVAGNABÍLSTJÓRUM

Tide Buss í Fana sem er staðsett í suður Bergen óska eftir strætisvagnabílstjórum í 100 % starf. Umsóknaraðilar verða að hafa réttindi með ökuskírteini D (meiraprót)

Starfsstöð okkar hjá Tide Buss Fana er með ca 120 nýja strætisvagna og eru starfsmenn ca 250. Margir af okkar starfsmönnum koma frá Íslandi. Tide Buss er félag í miklum vexti og vonumst við eftir að fá fleiri nýja starfsmenn frá Íslandi til okkar.

Við leitumst eftir að þú:
- Getir starfað sjálfstætt og haft frumkvæði.
- Hafir vilja og getu til að vinna á krefjandi vinnustað.
- Hafir áhuga á því að vinna með öðru fólki.
- Hafir ríka þjónustulund.
- Hafir skilning á dönsku eða norsku og sért tilbúin að læra norsku.

Við getum boðið þér uppá góðan vinnustað og góða möguleika til að vaxa í starfi hjá félaginu.

Allar nánari upplýsingar getur þú fengið hjá Starfsmannastjóra Trond Knoop í síma +47 950 82 888.

Umsóknin þarf að skilast á dönsku/norsku eða ensku og sendist á jobb@tide.no.
Viðtöl við umsækjendur verða í Reykjavík eftir nánara samkomulagi.

tide.no

tide
Tide Buss AS

Capacent Ráðningar
KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS
capacent

Sætren Installasjon er alhliða rafvertakafyrirtæki sem er staðsett í Måløy sem er á vesturstönd Noregs. Fyrirtækið þjónustar Nordfjord, Bremanger og Suður Sunnmøre.

Sætren Installasjon sérhæfir sig í vinnu við lágspennu, síma og fjarskipti og iðntölvustýringar. Fyrirtækið er meðlimur í Elfag keðju sem er stærsta rafvirkja-keðja í Noregi, með yfir 180 fyrirtæki yfir allt landið. Við leitum eftir:

Rafvirkja með meistara/ sveinsbréf eða einstakling með góða þekkingu á Iðntölvustýringum (PLS)

Um stöðuna:
- Fjölbreytt vinna í öllu sem snýr að rafmagni
- Þjónusta við iðnað, vinna við nýbyggingar, viðhald og iðntölvustýringar
- Rétti einstaklingurinn getur fengið að skipuleggja og stýra verkefnum

Við bjóðum upp á:
- Stöðugan og skipulagðan vinnutíma
- Góð laun og starfsumhverfi
- Verkfæri, vinnuföt og bíl
- Möguleiki á að taka út frí fyrir unna aukatíma í viku/ mánuði
- Góðan lífeyri

Hefur þú spurningar, getur þú haft samband við Einar Rune Sætren í síma: 0047-57853613 eða Árna K. Skaftason sími: 0047-92492500 eða 4992203 (íslenskt númer) milli 17:00- 20:00.

Umsóknir sendist til Sætren Installasjon, stílað á Einar Rune, Pósthólf 253, 6701 Måløy eða á tölvupósti: einar@saetren.no

Tenglar sem vert er að skoða:
www.saetren.no
www. vivest.no

Sætren Installasjon AS

Postboks 253
6701 Måløy
Noregi
www.saetren.no

elfag.no - Når du trenger elektriker

elfag

Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmanna-mála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Námskeið

Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafiðngrein, raf- eða rafvélavirkjun, rafveituvirkjun eða rafeindavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að hafa ekki lokið sveinsprófi?
Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 31 þriðjudaginn 4. janúar 2010 kl. 17:00.

"Ertu í stuði?" er verkefni sem ætlað er að finna leiðir til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í námi og starfi.
Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.fsraf.is - Raunfærnimat eða í síma 580 5252

VIGTARMENN

Námskeið til löggildingar vigtarmanna verða haldin hjá Neytendastofu, Borgartúni 21., dagana 17., 18. og 19. janúar 2011. Endurmenntunarnámskeið verður haldið 24. janúar.

Skráning á námskeiðin fer fram á heimasíðu Neytendastofu, www.neytendastofa.is undir hlekknum *Skráning á námskeið* (ekki þörf á innskráningu) eða undir *Mælifræðisvið*.

Athygli er vakin á því að gerðar eru kröfur um íslenskukunnáttu þar sem öll kennsla fer fram á íslensku – það gildir einnig um skriflegar spurningar á prófi og svör við þeim.

Löggildingar vigtarmanna gilda í 10 ár frá útgáfu skírteina.

Allar nánari upplýsingar, svo og aðstoð við skráningu þátttakenda, eru á heimasíðu Neytendastofu og í síma 510 1100. Skráningu lýkur 7. janúar 2011.

NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100 • Bréfasími 510 1101
postur@neytendastofa.is • www.neytendastofa.is

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

G2420

24”LCD

BENQ FULL HD 1080P

Stórglæsilegur 24” LCD FULL HD skjár frá BenQ með 1920x1080 upplausn ásamt SensEye tækni sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt á ótrúlegu tilboðsverði

- 24” FULL HD 1080P 16:9 LCD skjár
- 40.000:1 DCR og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye tækni tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

29.900

HVERGI BETRA VERÐ Á 24”

30% AFSLÁTTUR

2011

INTERNET SECURITY

- Vírusvörn og öflug vírusleitarvél
- Enn hraðvirkari Trend 2011 leitarvél
- Öflugur eldveggur ver heimanet
- Ver þráðlausa netið gegn árásum
- Vörn gegn ruslpósti og Spyware
- Aðgangsstýring barna á netinu
- Má setja upp á 3 tölvur

3.490

MEST SELDA VÍRUSVÖRN Á ÍSLANDI

4GB ÖRSMÁR SILICON POWER USB MINNISLYKILL 995

AÐEINS 1.STK Á MANN

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MINNIS-LYKLUM

TILBOÐ

ALLIR MINNISLYKLAR Á TILBOÐI

22% AFSLÁTTUR

LACIE

320GB

ÖRSMÁR RIKIKI FLAKKARI

- 320GB LaCie hágæða flakkari
- 33% meiri hraði með USB boost
- Örsmár í lófa og aðeins 158gr.
- Þarf ekki straumbreyti
- Öryggis- og afritunar hugbúnaður
- Höggvarið og glæsilegt álhús

9.990

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

ALLT AÐ 37% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LACIE FLÖKKURUM

LACIE

LACIE

FLOTTUR 1TB FLAKKARI

Stórglæsilegur harðdiskflakkari með 1TB af geymsluplássi frá LaCie sem er þekkt fyrir glæsilega hönnun og hámarks gæði.

- 1TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af Neil Poulton
- reddot og fleiri hönnunar verðlaun
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi undir flakkaranum
- 1-Click afritunarhnappur
- Tengist beint í USB2.0

11.900

1.5TB 14.900 • 2TB 19.900

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MINNIS-KORTUM

MINNISKORT

50% AF ÖLLUM MINNISKORTUM

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

HÝSINGAR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FARTÖLVU TÖSKUM

FARTÖLVUTÖSKUR

20% AF ÖLLUM FARTÖLVUTÖSKUM

20% AFSLÁTTUR

MYNDARAMMAR

20% AF ÖLLUM MYNDARÖMMUM

10% AFSLÁTTUR

BLEK & PAPPÍR

10% AF ÖLLU BLEKI OG PAPPÍR

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU SATZUMA USB GLINGRI

USB GLINGUR

20% AF ÖLLU SATZUMA GLINGRI

4BLS BÆKLINGUR

ALLT AÐ 25 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PACKARD BELL!

RISA FLUGELDAPAKKI FYLGIR ÖLLUM PACKARD BELL FARTÖLVUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

JO010

TM85

FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ein öflugasta fartölvan í dag með ofur öflugan Intel Core i5 örgjörva, alvöru DX11 leikjaskjákorti, örþunn og fislétt aðeins 2.6kg

- Intel Core i5-430M 2.53GHz Turbo
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 512MB ATI HD5470 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

packard bell

144.900

PACKARD BELL FARTÖLVUR FRÁ 79.900

14R

ÖFLUG SKOTKAKA FYLGIR TOSHIBA FARTÖLVUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

ALLT AÐ 20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM TOSHIBA

L505

- Intel Core i3-330M 2.13GHz 3MB
- 3GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED TruBrite 1366x768
- 1GB ATI Radeon HD5165 skjákort
- 54Mbps þráðlaust net, Bluetooth
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

129.900

FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

ÖFLUG SKOTKAKA FYLGIR HP FARTÖLVUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

ALLT AÐ 20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HP FARTÖLVUM

G62

- Athlon II Dual Core X2 P320 2.2GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD LightScribe DL skrifari
- 15.6" HD LED BrightView 1366x768
- 512MB ATI HD5470 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

119.900

HP FARTÖLVUR FRÁ 69.900

0% VEXTIR ALLAR TÖLVUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

AÐEINS 50 STK FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

AÐEINS 2 STK FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

AÐEINS 8 STK FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

packard bell

RB004

TM81

FARTÖLVA Á TILBOÐI

Nýjasta kynslóð fartölva frá Packard Bell hlaðin allri nýjustu tækni, glæsileg hönnun örþunn og fislétt aðeins 2.6kg

- Athlon II Dual Core X2 P320 2.1GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 512MB ATI HD4250 skjást.
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

109.900

FÆST Í 3 LITUM

ALLT AÐ 40 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ACER FARTÖLVUM

10" FISTÖLVUR Í ÚRVALI FRÁ KR. 44.900

BOX BORÐTÖLVUR Í ÚRVALI FRÁ KR. 49.900

ALLT AÐ 25 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PACKARD BELL!

NÝTT POINT OF VIEW SPJALDTÖLVUR 29.900

VERÐ FRÁ 39.900 SÝNINGARTÖLVUR Á RÝMINGARVERÐI

19" GLÆSILEGAR 19" BORÐTÖLVUR 69.900

ALLT AÐ 30 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF SONY, LENOVO OG FLEIRI FARTÖLVUM

13" 13" MACBOOK FARTÖLVUR FRÁ 139.900

iPAD 16GB iPAD WiFi SPJALDTÖLVUR 79.900

OPNUNARTÍMAR

MÁNUDAG	12:00 - 19:00
ÞRIÐJUDAG	10:00 - 19:00
MIÐVIKUDAG	10:00 - 19:00
FIMMTUDAG	10:00 - 19:00
GAMLÁRSDAG	9:00 - 12:00

LOKAÐ 1-2 JAN 2010
OPNUM AFTUR 3. JAN KL 10:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

ÚTSALA

Á JÓLAVÖRUM HEFST Í DAG

50%

AFSLÁTTUR

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Afsláttur á útsölu gildir ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" enda höfum við þegar lækkað þær vörur í lægsta verð sem við getum boðið á viðkomandi vöru.

HÚSASMIÐJAN

krossgáta



LÁRÉTT
2. nautasteik, **6.** fíngerð líkamshár, **8.** fornafn, **9.** bókstafur, **11.** gelt, **12.** slagorð, **14.** urga, **16.** rás, **17.** til viðbótar, **18.** óðagot, **20.** tveir eins, **21.** auma.

LÓÐRÉTT
1. munnvatn, **3.** kringum, **4.** græðgi, **5.** af, **7.** ólaglegur, **10.** framkoma, **13.** atvikast, **15.** sál, **16.** iðka, **19.** tvö þúsund.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** buff, **6.** ló, **8.** mér, **9.** eff, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** iskra, **16.** æð, **17.** enn, **18.** fum, **20.** dd, **21.** arma.

LÓÐRÉTT: **1.** slef, **3.** um, **4.** fegirnd, **5.** frá, **7.** öfriður, **10.** fas, **13.** ske, **15.** anda, **16.** æfa, **19.** mm.

Flöskujól

BAKÞANKAR
Júlíu Margrétar Alexandersdóttur

Þar sem jólin eru hátíð barnanna er barnið í manni oft ansi nærri á þessum árstíma. Án þess að sú sé endilega ætlunin, rifjast upp glefsur hér og þar – myndskeið ekki endilega bara tengd jólum. Misstórir munnbitar hrökkva upp fyrirvaralaust. Ég mundi til dæmis skyndilega eftir því í fyrradag þegar faðir minn framkvæmdi það stórkostlega töfrabragð að draga lakkrísreimar út úr naflanum á sér.

ÉG er heppin að eiga góðar jólaminningar og ég er þakklát þeim sem eiga þar heiður að, foreldrum mínum. Meyr og klökk sem ég er þó fyrir á þessu kvöldi. Þetta eru forréttindi því gleðitíminn jólin er í reynd oft á tíðum harðbrjósta. Jafnvel þeim sterkustu er hrollkalt milli skinns og hörunds. Gamlar vondar tilfinningar hola sér niður við jólatréð að því er virðist hundrað árum síðar. Þeir sem burðast með rispuð og úldin, gömul barnajól á bakinu, hrista þau ekki svo auðveldlega af sér.

VOND eða góð jól snúast ekki um efnivið þeirra heldur annann. Vínandann þá oft á tíðum. Vinur minn hatar jólin, hann fékk nóg af gjöfum en mamma var full. Tók góðan slurk af flöskunum meðan hún matbjó. Það passaði að þegar bjöllurnar hringdu jólin inn var hún farin að henda pökkunum sínum fram af svölunum. Sjálf get ég aldrei gleymt sumarfríinu á Mallorca, leikfélögum mínum í næstu hótelíbúð, sem földu sig aftast í rútunni í einni skoðunarferðinni. Pabbi þeirra, þessi rólyndismaður alla jafna, hafði fengið sér aðeins neðan í því áður en lagt var í hann. Hann öskraði á konuna sína, hótaði fararstjóranum, hló að hinum farþegunum. Þau reyndu að láta sig hverfa af skömm.

BÖRNIN geta litlu breytt, þau ráða ekki sínum jólum sjálf. Mörg þurfa að vinna úr vondu jólunum löngu síðar. Djákni, sem ég talaði við fyrir um tveimur árum, sagði mjög algengt að fólk ætti um sárt að binda á þessum tíma vegna minninga. Hann sagði að það hefði gefist mörgum vel að skapa sér jól á eigin forsendum og með öðrum hefðum. Ekki halda í það gamla. Sleppa. Fara jafnvel bara til útlanda, gera eitthvað alveg nýtt en ekki endurvarpa gömlu jólunum á nýja skjáinn.

ÞEIR sem eru hins vegar að skapa hátíðina í dag, með börnunum sínum, geta svo haft það bak við eyrað að kannski eru þeir að skapa andrúmsloft sem leitast verður við að endurskapa langt eftir þinn dag. Varla viltu verða eltihrellandi draugur barnanna þinna hver þeirra fullorðinsjól?

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Auglýsing um álagningu vanrækslugjalds árið 2011

Álagning vanrækslugjalds vegna þeirra ökutækja sem skráð eru hérlendis og ekki hafa verið færð til aðalskoðunar frá og með 1. október 2010 hefst 4. janúar 2011. Gjaldið byggir á 37. og 38. gr. reglugerðar nr. 8/2009 um skoðun ökutækja með síðari breytingum, sbr. 67. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. Miðast álagning gjaldsins, með þeim undantekningum sem tilgreindar eru, við endastaf á skráningarmerki ökutækis og leggst það á sem hér segir:

4. janúar á ökutæki með 0 sem endastaf og færa átti til skoðunar í október 2010.
1. apríl á ökutæki með 1 sem endastaf.
3. maí á ökutæki með 2 sem endastaf.
1. júní á ökutæki með 3 sem endastaf.
1. júlí á ökutæki með 4 sem endastaf.
3. ágúst á ökutæki með 5 sem endastaf.
1. september á ökutæki með 6 sem endastaf.
3. október á ökutæki með 7 sem endastaf.
1. nóvember á ökutæki með 8 sem endastaf.
1. desember á ökutæki með 9 sem endastaf.
3. ágúst leggst gjaldið á ökutæki með einkamerki sem ekki enda á tölustaf.
3. október leggst gjaldið á fornbifreiðar, húsbifreiðar, bifhjól, þar með talin fornbifhjól og létt bifhjól, hjólhýsi (fellihýsi) og tjaldvagna.

Vanrækslugjald leggst á þau ökutæki sem ekki hafa verið færð til endurskoðunar skv. ákvæðum reglugerðarinnar þegar liðinn er mánuður frá lokum þess mánaðar er ökutækið skyldi fært til endurskoðunar samkvæmt ákvörðun skoðunarmanns.

Tveimur mánuðum eftir álagningu vanrækslugjaldsins hefst innheimta þess hafi ökutækið ekki verið fært til skoðunar og gjaldið greitt innan þess tíma.

Bolungarvík, 23. desember 2010.
Sýslumaðurinn í Bolungarvík

ILVA
einfaldlega betri kostur

40% afsláttur

LEGUBEKKUR + 2JA SÆTA
99.900,-

3JA SÆTA
59.900,-

2JA SÆTA
49.900,-

SEPIA. Sófalína. Slitsterkt áklæði, stálfætur. Legubekkur + 2ja sæta. Verð 169.900,- **NÚ 99.900.-** 3ja sæta. Verð 99.900,- **NÚ 59.900.-** 2ja sæta. Verð 89.900,- **NÚ 49.900.-** Einnig fáanlegt í kaffibrúnu.

© ILVA Ísland 2010

ÚTSALA - ÚTSALA

50% afsláttur af TORRES borðstofuhúsgögnum

TORRES. Borðstofusett, gegnheil hvítþvegin eik. Borðstofustóll. Verð 12.900,- **NÚ 6.450,-** Borðstofuborð. 180x95x75 cm. Verð 79.900,- **NÚ 39.950,-** Skenkur. 180x95x75 cm. Verð 129.900,- **NÚ 64.950,-**

40% afsláttur

GEYMSLUBOX. Plast.
60 x 37,5 x 17 cm. Verð 1.495,- **NÚ 895,-**
79 x 36 x 17 cm. Verð 1.995,- **NÚ 1.195,-**
79 x 56 x 17 cm. Verð 2.995,- **NÚ 1.795,-**
60 x 45 x 35 cm. Verð 1.995,- **NÚ 1.195,-**



TULIP. Fatastandur. H. 172 cm. Verð 9.900,-/stk **NÚ 4.900,-/stk**

30% afsláttur

CURTAIN. Strimlagardýnur. Hvítt/svart. 100x250 cm. Verð 4.995,-/stk **NÚ 3.495,-/stk**
Einnig fáanlegt í fleiri stærðum.

30% afsláttur

FELLIKOLLUR. Ýmsir litir. Verð 995,-/stk **NÚ 690,-/stk**

LIFT. Grjónapúði. Ýmsir litir. Verð 12.900,-/stk **NÚ 8.900,-/stk**

30% afsláttur af öllum sængurverum

SPRING. Sængurver. 140x200 cm. Verð 6.900,- **NÚ 4.830,-**

30% afsláttur öllum PLAIN borðbúnaði

PLAIN. Borðbúnaður. Matardiskur. Ø30 cm. Verð 545,- **NÚ 380,-** Forréttardiskur. Ø23 cm. Verð 495,- **NÚ 345,-** Súpudiskur. Ø22,5 cm. Verð 495,- **NÚ 345,-** Skál. Ø23 cm. Verð 895,- **NÚ 625,-** Skál. Ø28 cm. Verð 1.195,- **NÚ 835,-** Sósukanna. Verð 1.695,- **NÚ 1.185,-** Kanna. 1l. Verð 1.595,- **NÚ 1.115,-**

50% afsláttur af FABRIGAS borðstofuhúsgögnum

FABRIGAS. Borðstofusett, gegnheil hnota. Borðstofustóll. Verð 14.900,- **NÚ 7.450,-** Borðstofuborð. 180x95x75 cm. Verð 149.900,- **NÚ 74.950.-** Skenkur 180x95x75 cm. Verð 169.900,- **NÚ 84.950,-**

60% afsláttur

TIME. Svefnbekkur grá bómull. Svampur. Ø40 cm. Verð 49.900,- **NÚ 19.900,-**

50-80% afsláttur af völdum málverkum

SARA. Málverk túrkís/jarðlitir. 100 x 100 cm. Verð 32.900,- **NÚ 19.700,- C.O. SIMONSEN.** Málverk. 50 x 50 cm. Verð 8.900,- **NÚ 6.600,-**

30% afsláttur

CURTAIN. Screen rúllugardýnur. Hvítt/svart. 100x250 cm. Verð 7.995,-/stk **NÚ 5.595,-/stk**
Einnig fáanlegt í fleiri stærðum.

40% af öllum FRAME myndarömmum

FRAME. Myndarammar, ýmsar stærðir. Eik. 24x30 cm. Verð 1.695,- **NÚ 995,-** Eik. 20x25 cm. Verð 1.295,- **NÚ 745,-** Svartur. 18x24 cm. Verð 1.195,- **NÚ 695.-** Svartur. 13x18 cm. Verð 895,- **NÚ 535.-**

JELLYFISH. Loftkollur. Ýmsir litir. 51x47/57x57 cm.
Verð 9.900,-/stk **NÚ 6.900,-/stk**
Verð 12.900,-/stk **NÚ 8.900,-/stk**

IMAGE. Skermur. Ø45 cm. Verð 9.995,-/stk **NÚ 7.995,-/stk**

ILVA kaffi

Súpa og brauð. Verð 695.-

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

sendum um allt land

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ilva.is
mánudag - fimmtudag 11-18:30
gamlársdag 9-12, nýársdag LOKAÐ, sunnudag 12-18

shop online

FARTÖLVUR
SÝNINGARVÉLAR
ÓTRÚLEGT VERÐ

ALLT AÐ 80%

Í DAG BYRJAR SPRENGJAN • ÓTRÚLEGUR AFSLÁTTUR • AÐEINS Í NO

Logitech

VEF MYNDAVÉL

Logitech WebCam C160
Vefmyndavél með VGA myndbandsupplausn og hljóðnema. Smellur á skjái og fartölvur. Virkar með Skype, MSN ofl.

1.990
FULLT VERÐ KR. 2.990

CORSAIR

4GB VINNSLUMINNI

Corsair 4GB 2x2GB DDR3 1333MHz CL9 Value

8.990
FULLT VERÐ KR. 11.990

Acer S231HLBD
23" Full HD LCD LED skjár með 1920x1080p upplausn, 12.000.000:1 dýnamískri skerpu, 5ms svartíma, VGA og DVI-D tengi með HDCP.

27.990
FULLT VERÐ KR. 34.990

BLEKSPRAUTUPRENTARI

EPSON

Epson S22
Bleksprautuprentari sem prentar A4 í 5760 x 1440p upplausn og allt að 28 bls. á mín. USB. Windows, Mac ofl.

7.490
FULLT VERÐ KR. 8.490

A.C.Ryan

HÁSKERPUSPILARI

AC Ryan Playon!HD Mini
H.264 háskerpu 1080p sjónvarpsflakkari með HDMI, Component, Composite, optical tengi. Spilar efni af USB lyklum og kortum. Halar niður beint á diskinn af Bittorent ofl. NAS fyrir heimanet. Fullkomin fjarstýring.

1080P
HDMI
H.264
LAN

19.990
FULLT VERÐ KR. 29.990

TÖLVU TILBOÐ

ACE SPRENGJUTILBOÐ 1

- Svartur ACE Special edition álkassi og nær hljóðlaus 460W aflgjafi
- AM3 DualCore Phenom II 555 3.2GHz örgjörvi
- MSI 770-C45 - 4xDDR3 1600 móðurborð
- 4GB DDR3 1333MHz, 2x2GB Corsair minni
- 1000GB WD Blue SATA 3 diskur
- DVD og CD skrifari
- 1GB MSI GeForce N450S 4GHz DDR5 skjákort
- 64bita Windows 7 Home Premium með Aero 3D tækni

99.990

ACE SPRENGJUTILBOÐ 2

- Svartur ACE Special edition álkassi og nær hljóðlaus 460W aflgjafi
- Intel Core i5 750 2.66GHz, 8MB cache, EIST, XD, VT, EM64T örgjörvi
- MSI H55M-E33, i3/i5/i7, 4xDDR3 1333 móðurborð
- 4GB DDR3 1333MHz, 2x2GB Corsair minni
- 1000GB WD Blue SATA 3 diskur
- DVD og CD skrifari
- 1GB AMD Radeon HD6850, 4GHz GDDR5 skjákort
- 64bita Windows 7 Home Premium með Aero 3D tækni

129.990

FARTÖLVU TILBOÐ

Toshiba Satellite L500D-16N

- 2.2Ghz AMD Turion II Dual Core Mobile M500
- 4GB DDR2 800MHz minni
- 500GB SATA diskur
- 15.6" WXGA LED breiðskjár
- DVD og CD-RW skrifari
- VGA myndavél í skjá
- 512MB ATI Radeon HD 4570 skjákort
- Windows 7 Home Premium

AMD

99.990
FULLT VERÐ KR. 119.990

ALLAR STÆRÐIR
TÖLVUSKJÁIR
MIKIL VERÐLÆKKUN

GÓÐ KAUP
HÁTALARAKERFI
ALLT AÐ 40% AFSL.

FJÖLBREYTT ÚRVAL
HEYRNARTÓL
SPRENGJUVERÐ

ÞREMÆGUÁ

% AFSLÁTTUR

ÓKKRA DAGA • ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU • OPNUM KL 12:00

32MB BUFFER

SAMSUNG

1 TB HARÐUR DISKUR

Samsung SA103SJ
1 Terabyte Samsung Spinpoint F1 harður diskur, með 7200rpm SATA2 tengi og 32MB Buffer.

8.490
FULLT VERÐ KR. 11.990

2,5"

TOSHIBA 500GB FLAKKARI

Toshiba StorE Art 2.5
500GB 2,5" USB flakkari sem tekur straum gegnum USB tengið.

9.990
FULLT VERÐ KR. 14.990

NÝJAR FARTÖLVUR
–70.000kr.
ALLT AÐ 70.000kr. AFSL.

MIKILL AFSLÁTTUR
SKJÁKORT
MIKILL AFSLÁTTUR

OPNUNARTÍMI	
Mán.	27. des. 12-19
Þri.	28. des. 9-19
Mið.	29. des. 9-19
Fim.	30. des. 9-19
Fös.	31. des. 9-12

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU

TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17
SÍMI 414 1700

GLERÁRGÖTU 30
SÍMI 414 1730

MIÐVANGI 2-4
SÍMI 414 1735

HAFNARGÖTU 90
SÍMI 414 1740

AUSTURVEGI 34
SÍMI 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
SÍMI 414 1750

RISA ÚTSALA

Gæða rúm á góðu verði

LYSTADÚN Marco

í 60 ár

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Opið í dag frá kl. 12–18

RISA ÚTSALA

Vogue

20-70% afsláttur -

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Opið í dag frá kl. 12-18

6 svefnherbergi eru í glæsivillunni sem körfuboltastjarnan LeBron James festi nýlega kaup á í Miami. Í vilunni má einnig finna vínkjallara, bókasafn, bíósal og loks er gestahús í garðinum.

Einkaflugmannsnám
10 vikna kvöldnámskeið hefst í janúar 2011
Skráning er hafin á
www.flugskoli.is
Flugskóli Íslands
Tækniskólinn
www.flugskoli.is

DÍSA LJÓSÁLFUR Í AUSTURBÆ
DÍSA ljósálfur
Sýning miðvikudag 28. desember kl. 14
Sýning sunnudag 9. janúar kl. 14
Miðasala á midi.is. Næg bílastæði í Stjörnuporti
„Ég vildi óska þess að sem flest börn ættu þess kost að kynnast Dísu ljósálf í Austurbæ."
Bryndís Schram – Pressan.is

Bestu óskir um gleðilega hátíð.
Þökkum innilega samstarfið á árinu.
Hlökkum til að hitta ykkur á nýju ári.

SöngLisT
Söng- og leiklistarskóli
Borgarbörn
BARNA- OG UNGLINGALEIKHÚS

FJÖLSKYLDUSTUND Hrafnhildur Lúthersdóttir, Ingibjörg Ragnarsdóttir, Auðunn Lúthersson og Lúther Sigurðsson mættu á frumsýningu myndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjölmennt á sýningu Gauragangs

Kvikmyndin Gauragangur var frumsýnd í síðustu viku og var margt góðra gesta á sýningunni. Kvikmyndin er í leikstjórn Gunnars Guðmundssonar og með hlutverk Orms Óðinssonar fer hinn ungi og efnilegi Alexander Briem. - sm

Hera Björk Brynjarsdóttir og Arnheiður Sveinsdóttir nældu sér í poppkorn og gos fyrir sýninguna.

Þeir Birnir Birnisson og Sigurður Salómon Guðlaugsson mættu hressir á frumsýningu Gauragangs.

Linda Rós og Elín Bára voru á meðal gesta.

Grímur Lúðvíksson og Kári Gíslason létu sig að sjálfsögðu ekki vanta á frumsýninguna.

Björn Óskarsson, Ólöf Ásgeirsdóttir, Hekla Wium og Guðrún Fríða biðu í rólegheitum eftir frumsýningunni.

Katy lumar á góðum ráðum í rúminu

Bandaríska söngkonan Katy Perry segist luma á nokkrum góðum ráðum til að halda glóðinni við í hjónabandinu, en hún er gift gamanleikaranum Russell Brand.

„Ég luma á nokkrum ráðum og leyndarmálum. Ég get ekki deilt þeim með ykkur því ég vil ekki að allir viti af þeim. En við skulum bara segja að ég sé alveg laus við feimni. Og ég klæðist aldrei joggingfötum. Aldrei," sagði Perry í viðtali við tímaritið Grazia. Hún segist jafnframt passa upp á að þau eyði nægum tíma saman á milli þess sem þau sinna vinnu sinni.

„Ég passa upp á að eyða nægum tíma með honum. Við erum bæði mjög upptekin en hjónabandið skiptir miklu máli. Ég er heppin að geta ráðið vinnutíma mínum og ég gæti þess að taka pásur inni á milli. Ég skipti helgunum á milli Russell og vinkvenna minna. Ég vil ekki týna sjálfri mér í frægðinni og öllu sem henni fylgir."

RÁÐAGÓÐ Katy Perry segist luma á góðum ráðum til að halda hjónabandi þeirra Russells Brand gangandi. NORDICPHOTOS/GETTY

Söngkonan og eiginmaður hennar búa í Los Angeles en hún segist vel geta hugsað sér að setjast að á Englandi. „Mig langar að eignast heimili í London. Mig langar í breskt vegabréf."

NÝÁRSDANSLEIKUR

Pops

Gunni Þórðar

Biggi Hrafns

Maggi Kjartans

Jonni Ólafs

Óttar Felix

Óli Sig

Á Kringlukránni Nýárskvöld

Laugardaginn 01.01.2011

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA HEFST ÞRIÐJUDAGINN 28. DESEMBER Á MIÐI.IS
OG Á KRINGLUKRÁNNI SÍMI: 568 0878. VERÐ KR. 3.000

RADIOHEAD Hljómsveitin Radiohead á bestu plötu síðustu 25 ára að mati lesenda tímaritsins Q.

OK Computer valin besta platan

OK Computer með Radiohead er besta plata síðustu 25 ára samkvæmt lesendum tónlistartímaritsins Q.

OK Computer með bresku hljómsveitinni Radiohead hefur verið kjörin besta plata síðustu 25 ára af lesendum breska tímaritsins Q. Lög á borð við Karma Police og Paranoid Android er að finna á þessari mögnuðu plötu frá árinu 1997, sem hefur í gegnum tíðina komist ofarlega á hina ýmsu vinsældalista.

Þrjár hljómsveitir eiga tvær plötur á listanum, en það eru Radiohead, Oasis og U2.

Í öðru sæti lenti Nevermind með Nirvana og í því þriðja og fjórða voru plötur Oasis, (What´s the Story) Morning Glory? og Definitely Maybe. Vinsældir Oasis í Bretlandi koma engum á óvart en þessar tvær plötur hafa löngum verið taldar þær bestu úr herbúðum sveitarinnar.

Frumburður Arctic Monkeys, Whatever People Say I Am, That´s What I´m Not, lenti í fimmta sæti og The Joshua Tree með írsku rokkurunum U2 í því sjötta. The Stone Roses á plötuna í sjöunda sæti, sem er samnefnd sveitinni, og The Bends með Radiohead náði áttunda sætinu. U2 og Muse eiga síðan tvær síðustu plöturnar á listanum.

BESTU PLÖTUR SÍÐUSTU 25 ÁRA

1. Radiohead - *OK Computer*
2. Nirvana - *Nevermind*
3. Oasis - *(What´s the Story?) Morning Glory*
4. Oasis - *Definitely Maybe*
5. Arctic Monkeys - *Whatever People Say I Am, That´s What I´m Not*
6. U2 - *The Joshua Tree*
7. The Stone Roses - The *Stone Roses*
8. Radiohead - *The Bends*
9. U2 - *Achtung Baby*
10. Muse - *Black Holes and Revelations*

Faðir í fyrsta sinn

Leikarinn David Schwimmer á von á sínu fyrsta barni með eiginkonu sinni, breska ljósmyndaranum Zoe Buckman. Ekki er langt síðan parið lét pússa sig saman við leynilega athöfn fjarri kastljósi fjölmiðla. Schwimmer og Buckman kynntust árið 2007 í London. Þau ku vera í skýjunum með væntanlega fjölgun í fjölskyldunni.

Ekki hefur mikið borið á Schwimmer síðan sjónvarpsþættirnir Friends runnu sitt skeið á enda en hann hefur helst léð rödd sína í teiknimyndir.

Í SKÝJUNUM David Schwimmer og kona hans Zoe Buckman eiga von á sínu fyrsta barni.
NORDICPHOTOS/GETTY

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

TRON LEGACY-3D	kl. 3:20 - 5:50 - 8 - 10:40 - 11	10
TRON LEGACY	kl. 2 - 5:20 - 8 - 10:40	VIP
MEGAMIND-3D M/ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
MEGAMIND-3D Ótextuð M/ensku. Tali	kl. 8:30	L
THE LAST EXORCISM	kl. 10:40	16
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:40	L
HARRY POTTER	kl. 2 - 5 - 8 - 11	10
DUE DATE	kl. 5:50 - 8	10
ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ísl. Tali	kl. 1:30	L
KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40	7
FURRY VENGEANCE	kl. 1:30	L

SÝNINGARTÍMARNIR GILDA 27,28,29. DESEMBER

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

TRON: LEGACY-3D	kl. 12.15 - 2.45 - 5.20 - 8 og 10.40	10
MEGAMIND-3D M/ísl. Tali	kl. 12.15 - 2.45 og 5.20	L
MEGAMIND-3D Ótextuð M/ensku. Tali	kl. 10.30	L
LITTLE FOCKERS	kl. 2.45 - 5.20 - 8 - 10.10 og 11	12
NARNIA-3D	kl. 12.15 - 2.45 - 5.20 og 8	L
HARRY POTTER	kl. 8	10
ÆVINTÝRI SAMMA-3D M/ísl. Tali	kl. 12.15	L

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

TRON LEGACY-3D	kl. 5:20 - 8 - 10:10	10
LITTLE FOCKERS	kl. 5:50 - 8 - 10:40	12
MEGAMIND-3D M/ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40	L
HARRY POTTER	kl. 2 - 5 - 8	10
RED	kl. 10:40	12
ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D ísl. Tali	kl. 3:30	L
KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali	kl. 1:30	7

SAMBÍÓIN AKUREYRI

MEGAMIND-3D M/ísl. Tali	kl. 2 - 4	L
MEGAMIND-3D enskt tal	kl. 6	L
TRON : LEGACY-3D	kl. 8 - 10:40	10
HARRY POTTER	kl. 2	10
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 5	L
THE LAST EXORCISM	kl. 8 - 10:10	16

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	Nánar á Miði.is
LITTLE FOCKERS	KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
GAURAGANGUR	KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	7
GAURAGANGUR LÚXUS	KL. 1 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	7
MEGAMIND 3D ÍSL. TAL	KL. 1 (950kr.) - 3.20 - 5.50	L
MEGAMIND 3D ENSKT TAL	KL. 1 (950kr.) - 8 - 10.10	L
NARNIA 3 3D	KL. 1 (950kr.) 3 - 5.30 - 8 - 10.30	7
NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA	KL. 1 (700KR.)	L

HÁSKÓLABÍÓ	Nánar á Miði.is	
LITTLE FOCKERS	KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
GAURAGANGUR	KL. 2 - 4 - 6 - 8 - 9.30 - 10.10	7
NARNIA 3 3D	KL. 2 (950kr.) - 4.30 - 7	7
FASTER	KL. 8 - 10.10	16
NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA	KL. 2 (700KR.) - 4 - 6	L

BORGARBÍÓ	Nánar á Miði.is	
LITTLE FOCKERS	KL. 6 - 8 - 10	12
GAURAGANGUR	KL. 6 - 8 - 10	7
NARNIA 3 3D	KL. 1.40* (900kr.) - 3.50**	7
NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA	KL. 2 (700kr.)	L

* Aðeins annan í jólum ** 27.12. - 30.12.

ATH: SÝNINGARTÍMAR GILDA 26. - 27. DESEMBER

GLEÐILEG JÓL! Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is GLEÐILEGT NÝTT BÍÓÁR! facebook/smarabio • Sími 564 0000

SÝNINGARTÍMAR

LITTLE FOCKERS	2(650 kr), 5.50, 8 og 10.10	12
GAURAGANGUR	5.50, 8 og 10.10	7
MEGAMIND - ISL TAL	1.30(950 kr) og 4	L
NÍKO	2(650 kr) og 4	L
THE NEXT THREE DAYS	5.40 og 8	12
NARNIA	3.30(950 kr)	7
PARANORMAL ACTIVITY 2	10.30	16

IT'S A WONDERFUL LIFE(L)	20:10
THE APARTMENT(L)	22:00
RARE EXPORTS(12)	18:00, 20:00, 22:10
THE KILLER INSIDE ME(16)	18:00, 20:00, 22:40
MEÐ HANGANDI HENDI(L)	18:00
INSIDE JOB(L)	20:10
ENTER THE VOID(16)	22:30
GNARR(L)	18:00

ÚTSALAN ER HAFIN

ALLT AÐ 70%

AFSLÁTTUR

DRESS MANN

www.dressmann.com

sport

sport@frettabladid.is

17 DAGAR

GRÆNLENDINGAR eru ekki beint þekktir fyrir afrek sín á handboltavellinum en Grænland hefur engu að síður tekið þátt í HM þrisvar sinnum. Því geta þjóðir eins og Úkraína, Kína, Makedónía, Búlgaría, Grikkland, Ítalía og Holland ekki státað af.

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin:

ASTON VILLA - TOTTENHAM HOTSPUR 1-2
0-1 Rafael van der Vaart (23.), 0-2 Rafael van der Vaart (66.), 1-2 Marc Albrighton (81.).

BLACKBURN ROVERS - STOKE CITY 0-2
0-1 Robert Huth (50.), 0-2 Marc Wilson (92.).

BOLTON - WEST BROMWICH ALBION 2-0
1-0 Matthew Taylor (39.), 2-0 Johan Elmander (85.).

FULHAM - WEST HAM UNITED 1-3
1-0 Zoltan Gera (10.), 1-1 Carlton Cole (36.), 1-2 Frederic Piquionne (45.), 1-3 Carlton Cole (72.).

MANCHESTER UNITED - SUNDERLAND 2-0
1-0 Dimitar Berbatov (4.), 2-0 Dimitar Berbatov (56.).

NEWCASTLE UNITED - MANCHESTER CITY 1-3
0-1 Gareth Barry (1.), 0-1 Gareth Barry (1.), 0-2 Carlos Tevez (4.), 1-2 Andy Carroll (71.), 1-3 Carlos Tevez (81.).

WOLVES - WIGAN ATHLETIC 1-2
0-1 Hugo Rodallega (8.), 0-2 Tom Cleverley (19.), 1-2 Steven Fletcher (86.)

STAÐAN:

Man. United	**17**	**10**	**7**	**0**	**38-16**	**37**
Man. City	19	10	5	4	28-16	35
Arsenal	**17**	**10**	**2**	**5**	**34-19**	**32**
Chelsea	17	9	4	4	31-12	31
Tottenham	**18**	**8**	**6**	**4**	**27-23**	**30**
Bolton	19	7	8	4	32-25	29
Sunderland	**19**	**6**	**9**	**4**	**21-20**	**27**
Stoke City	18	7	3	8	23-22	24
Newcastle	**18**	**6**	**4**	**8**	**28-29**	**22**
Liverpool	17	6	4	7	21-22	22
Blackpool	**16**	**6**	**4**	**6**	**24-29**	**22**
WBA	18	6	4	8	24-31	22
Blackburn	**19**	**6**	**4**	**9**	**23-30**	**22**
Everton	18	4	9	5	20-21	21
Aston Villa	**18**	**5**	**5**	**8**	**20-30**	**20**
Wigan Athletic	18	4	7	7	15-29	19
Birmingham	**17**	**3**	**9**	**5**	**17-20**	**18**
Fulham	18	2	10	6	17-23	16
West Ham	**19**	**3**	**7**	**9**	**19-32**	**16**
Wolves	18	4	3	11	19-32	15

NÆSTU LEIKIR:

Arsenal-Chelsea	Mán. 27. desember
Man. City-Aston Villa	Þri. 28. desember
Stoke-Fulham	Þri. 28. desember
Sunderland-Blackpool	Þri. 28. desember
Tottenham-Newcastle	Þri. 28. desember
WBA-Blackburn	Þri. 28. desember
West Ham-Everton	Þri. 28. desember
Birmingham-Man. Utd	Þri. 28. desember
Chelsea-Bolton	Mið. 29. desember
Wigan-Arsenal	Mið. 29. desember
Liverpool-Wolves	Mið. 29. desember

MARKAHÆSTIR:

Dimitar Berbatov, Man. Utd	13 mörk
Carlos Tevez, Man. City	12
Andy Carroll, Newcastle	11
Tim Cahill, Everton	9
Johan Elmander, Bolton	9
Samir Nasri, Arsenal	8
Kevin Nolan, Newcastle	8
Rafael van der Vaart, Tottenham	8

Berbatov afgreiddi Sunderland

Dimitar Berbatov skoraði bæði mörk United gegn Sunderland í gær og hefði hæglega getað skorað fjögur eða fimm mörk í leiknum. United hefur ekki enn tapað leik í deildinni og situr í góðri stöðu á toppnum.

FÓTBOLTI Dimitar Berbatov var settur á bekkinn hjá Man. Utd eftir að hafa skorað fimm mörk í leiknum þar á undan. Hann kom aftur í lið United í gær gegn Sunderland og svaraði fyrir sig með því að skora tvö mörk og tryggja United þrjú stig. Hann er nú búinn að skora 13 mörk í vetur og United hefur ekki tapað í 17 leikjum í röð í deildinni.

Þó svo Berbatov hafi skorað tvö mörk horfa margir til þess að Wayne Rooney tókst ekki að skora en stuðningsmenn félagsins bíða enn eftir því að enski framherjinn reimi á sig markaskóna eftir að hafa þvingað fram risasamning við félagið.

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, hefur þó litlar áhyggjur af markaþurrð framherjans.

„Hann átti tvær góðar tilraunir í þessum leik. Hann var mjög óheppinn með vippuna sína í leiknum og svo varði markvörðurinn vel frá honum. Hann er alltaf að styrkjast og færast nær sínu gamla formi. Það mikilvæga er að hann spili vel," sagði Ferguson en hans lið lék vel í gær og hefði að ósekju mátt vinna með meiri mun.

„Ég var vonsvikinn að vera aðeins 1-0 yfir í hálfleik. Við óðum í færum og skutum í markstangirnar á milli þess sem markvörðurinn þeirra varði vel. Þetta var mjög spennandi fótbolti hjá okkur en síðan virtumst við setja í þriðja gír. Berbatov var góður en hann hefði hæglega getað skorað fjögur eða fimm mörk miðað við færin sem hann fékk í leiknum," sagði Ferguson en United mætir Birmingham á morgun en leikmenn Birmingham verða úthvíldir þar sem leik þeirra í gær var frestað.

„Liðið er komið í gott form. Spilamennskan í síðustu leikjum hefur verið hressileg og við erum að ná upp þeim stöðugleika sem við erum þekktir fyrir. Sérstaklega er kominn góður stöðugleiki í varnarleikinn hjá okkur og það veit á gott. Við munum mæta fersku liði Birmingham og það er alltaf erfitt að sækja liðið heim. Við erum meðvitaðir um það. Ég mun gera smávægilegar breytingar á liðinu svo liðið verði ferskt."

HEITIR SAMAN Berbatov virðist spila betur með Rooney á vellinum og Rooney lagði upp fyrra mark Berbatovs í gær. NORDIC PHOTOS/GETTYIMAGES

Steve Bruce stýrir liði Sunderland og hann þekkir vel til á Old Trafford eftir að hafa leikið með félaginu í mörg ár. Honum líst vel á lið Ferguson þessa dagana.

„Ég hef heyrt því fleygt að United sé ekki að spila vel. Liðið hefur samt ekki tapað leik í hálft ár. Það er ekki amalegt hjá liði sem þykir ekki spila vel," sagði Bruce.

„United er á toppi deildarinnar og á leiki inni. Sagan segir okkur síðan að United spilar alltaf betur eftir áramót. Ég myndi ekki veðja gegn því að United myndi standa uppi sem meistari."

Eiður Smári Guðjohnsen sat á tréverkinu hjá Stoke City í gær eins og venjulega er liðið vann góðan sigur á Blackburn.

Stjóri liðsins, Tony Pulis, var að vonum himinlifandi með sigur sinna manna.

„Það var erfitt að sætta sig við tapið gegn Blackpool um daginn og það var þeim mun mikilvægara að fá jákvæð úrslit í þessum leik og mér fannst við eiga sigurinn skilinn," sagði Pulis.

„Við vorum ekki nógu beittir í fyrri hálfleik en stigum upp í þeim síðari. Ég get því ekki verið annað en kátur."

Steve Kean var að stýra Blackburn í fyrsta skipti og hann hefur þegar tekið fyrirliðabandið af Christopher Samba sem vill komast frá félaginu þar sem Sam Allardyce var rekinn sem stjóri liðsins.

„Christopher gat ekki leikið vegna meiðsla en ef hann hefði spilað þá hefði hann ekki verið fyrirliði. Ég get ekki verið með fyrirliða sem vill ekki vera hjá félaginu. Ef honum snýst hugur þá endurskoðum við kannski málið," sagði Kean.

Mark Hughes á undir högg að sækja hjá Fulham og stuðningsmenn félagsins kröfðust þess að hann yrði rekinn í gær er Fulham tapaði gegn West Ham. Fulham hefur nú leikið átta leiki í röð án þess að vinna.

„Þegar við töpum heimaleikjum þá hafa stuðningsmennirnir fullan rétt á því að láta í sér heyra. Ég held samt að meirihluta stuðningsmannanna skilji hvað við erum að reyna að gera með þetta lið. Það tekur sinn tíma og menn verða að sýna þolinmæði. Þetta er samt leiðinlegt því við erum klárlega með betra lið en taflan sýnir,"sagði Hughes. **henry@frettabladid.is**

Argentínumaðurinn Carlos Tevez var lykillinn að sigri City á Newcastle:

Tevez færist nær fyrirgefningu

FÓTBOLTI Þótt stuðningsmenn Manchester City hafi enn ekki tekið Carlos Tevez fullkomlega í sátt þá steig Argentínumaðurinn skref í átt að því í gær. Tevez var lykillinn að sigri City á Newcastle 3-1.

Hann lagði upp fyrsta markið fyrir Gareth Barry og kom svo sjálfur City í 2-0. Newcastle minnkaði muninn og átti nokkrar hættulegar sóknir áður en Tevez innsiglaði sigur heimamanna með sínu öðru marki.

Roberto Mancini, stjóri City, eyddi þó meira púðri í að hrósa James Milner sem átti stjörnuleik. „Það er erfitt að kljást við Newcastle. Þeir leita mikið að Andy Carroll en mér fannst við ná að verjast honum vel þrátt fyrir markið sem hann skoraði. Það var mikilvægt að ná þessum sigri og allir stóðu sig vel. En sá sem skaraði fram úr var James Milner," sagði Mancini eftir leik.

MAÐUR MEÐ SNUÐ Tevez fagnaði með því að stinga upp í sig snuði. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

„Við eigum fjóra leiki á tíu dögum og ljóst að ég verð að gera nokkuð mikið af breytingum fyrir næsta leik. Nú reynir mikið á breidd leikmannahópsins."

Alan Pardew, stjóri Newcastle, segir að slæm byrjun hafi gert það að verkum að hans lið tapaði. „Ef við hefðum byrjað leikinn eins og við eigum að gera á heimavelli hefðum við getað unnið þennan leik. Það er samt erfitt að mæta jafn sterku liði og Manchester City er," sagði Pardew. **- egm**

SJÁUMST Jermain Defoe fékk að líta rauða spjaldið í gær en það kom ekki að sök. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Tottenham sýndi mikinn styrk gegn Aston Villa:

Villa réð ekki við tíu leikmenn Spurs

FÓTBOLTI Hollendingurinn Rafael van der Vaart var enn eina ferðina hetja Tottenham er liðið lagði Aston Villa, 2-1, á útivelli þrátt fyrir að vera manni undir í rúman klukkutíma.

„Við vissum alltaf að þetta yrði erfitt enda er Villa með gott lið. Það var frábært að ná útisigri með aðeins tíu leikmönnum. Þetta var gríðarlega erfitt en við stóðum okkur vel og börðumst fram á síðustu mínútu," sagði Hollendingurinn sem var sérstaklega ánægður með seinna markið. „Seinna markið var gríðarlega mikilvægt og þá fékk ég á tilfinninguna að við myndum vinna." **- hbg**

Flugfreyju- og flugþjónanám

10 vikna kvöldnámskeið hefst í janúar 2011

Skráning er hafin á www.flugskoli.is

Flugskóli Íslands
Tækniskólinn

www.flugskoli.is

Dagana 27. - 31. desember

Dúndur áramóta afsláttur!

Með dúndur áramóta afslætti á öllum notuðum bílum hjá Bílabúð Benna fylgir glæsilegur flugeldapakki og flugeldaterta frá Hjálparsveitum skáta

Toyota Landcruiser 120 VX bensín, 7 manna, 09/2003, ek. 120 þús., 5 dyra, ssk., ABS,dráttarbeisli, leður o.fl.
Verð 3.890 þús.

Subaru Legacy 2,5 Outback 01/2004, ek. 174 þús., 5 dyra, ssk. ABS, álfelgur, CD, hiti í sætum o.fl.
Verð 1.560 þús.

Chevrolet Lacetti 1,8 CDX 06/2008, ek. 43 þús., 4 dyra, 5 gíra, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, CD magsín, kastarar o.fl.
Verð 1.850 þús.

Ford Focus 1,6 Trend 11/2004, ek. 96 þús., 5 dyra, ssk. ABS, fjarstýrðar samlæsingar, dráttarbeisli, CD.
Verð 1.330 þús.

Peugeot 206 1400 S-line, 06/2006 ek. 92 þús., 5 dyra, 5 gíra, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, CD, nýleg tímareim.
Verð 1.250 þús.

Toyota Yaris Terra 1,0 vvti, 06/2004, ek. 102 þús., 5 dyra, 5 gíra, ABS, CD.
Verð 990 þús.

Chevrolet Lacetti 1,8 CDX s/d, 04/2006, ek. 85 þús, 4 dyra, ssk., ABS, fjarstýrðar samlæsingar, CD magasín, kastarar o.fl. Nýleg tímareim. Verð 1.390 þús.

Chevrolet Kalos 1,4 SE 06/2008, ek. 56 þús., 5 dyra, ssk. ABS, fjarstýrðar samlæsingar, CD o.fl.
Verð 1.590 þús.

Suzuki Grand Vitara 2,0 sport, 06/2007, ek. 85 þús., 5 dyra, 5 gíra, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, CD.
Verð 2.660 þús.

Toyota Rav-4 2,0 vvt-i 07/2005, ek. 105 þús., 5 dyra, ssk. ABS, fjarstýrðar samlæsingar, dráttarbeisli, CD, kastarar o.fl.
Verð 1.980 þús.

Dodge Stratus 2,4 SXT 02/2004, ek. 64 þús., 2 dyra, ssk, ABS, álfelgur, CD, hiti í sætum, Cruise control o.fl.
Verð 1.390 þús

Chevrolet Aveo LS 1400, 07/2008, ek. 35 þús., 4 dyra, 5 gíra, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, CD o.fl.
Verð 1.850 þús.

BB. 7 des 2010 Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Sölustaðir Hjálparsveit skáta í Reykjavík
Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23 / Risaflugeldamarkaður HSSR, Malarhöfða 6 / Spöngin, Grafarvogi
Grafarholt v/Húsasmiðjuna / Mjóddin, Breiðholti / Skátaheimili Skjöldunga, Sólheimum 21a

HJÁLPARSVEIT SKÁTA REYKJAVÍK

Flugeldapakki og terta fylgir hverjum bíl!

Bílabúð Benna
Notaðir bílar

Bílabúð Benna, traustur styrktaraðili Hjálparsveit skáta í Reykjavík.

Bíldshöfða 10 - 587 1000 - notadirbilar@benni.is - www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og Laugardaga frá kl. 12 - 16. Athugið opið gamlársdag 10 -12.

ÚRSLIT

Þýska úrvalsdeildin:

Flensburg-Wetzlar 42-22
Kári Kristján Kristjánsson skoraði eitt mark fyrir Wetzlar.

Friesenheim-Kiel 29-39
Aron Pálmarsson skoraði 5 mörk fyrir Kiel. Alfreð Gíslason þjálfar lið Kiel.

Rheinland-TuS N Lubbecke 25-24
Sigurbergur Sveinsson skoraði 4 mörk fyrir Rheinland og Þórir Ólafsson skoraði 4 mörk fyrir Lubbecke.

Fuchse Berlin-Hannover 36-28
Alexander Petersson skoraði 6 mörk fyrir Berlin. Vignir Svavarsson skoraði 4 mörk fyrir Hannover, Hannes Jón Jónsson eitt en Ásgeir Örn Hallgrímsson komst ekki á blað. Dagur Sigurðsson þjálfar lið Berlin en Aron Kristjánsson er þjálfari Hannover.

Grosswallstadt-Ahlen Hamm 26-24
Einar Hólmgeirsson lék ekki með Ahlen-Hamm en Sverre Andreas Jakobsson spilaði fyrir Grosswallstadt en komst ekki á blað..

Rhein-Neckar Löwen-Balingen 36-30
Ólafur Stefánsson og Róbert Gunnarsson skoruðu báðir 2 mörk fyrir Löwen en Guðjón Valur Sigurðsson komst ekki á blað. Guðmundur Guðmundsson er þjálfari Löwen.

Melsungen-Magdeburg 29-29
Gummersbach-Lemgo 23-28

STAÐAN:

Hamburg	**18**	**17**	**0**	**1**	**585-471**	**34**
Fuchse Berlin	18	15	1	2	513-457	31
THW Kiel	**18**	**14**	**1**	**3**	**588-452**	**29**
RN Löwen	18	13	2	3	573-514	28
Göppingen	**18**	**12**	**2**	**4**	**502-466**	**26**
Flensburg	18	12	0	6	557-491	24
Gummersbach	**18**	**9**	**2**	**7**	**530-516**	**20**
Magdeburg	18	9	2	7	518-487	20
Lemgo	**18**	**7**	**4**	**7**	**502-485**	**18**
Grosswallstadt	18	9	7	2	480-492	18
Lubbecke	**18**	**5**	**2**	**11**	**506-519**	**12**
Wetzlar	18	5	1	12	440-513	11
Balingen	**18**	**4**	**3**	**11**	**491-561**	**11**
Melsungen	18	4	2	12	466-530	10
Hannover	**18**	**4**	**1**	**13**	**468-534**	**9**
Friesenheim	18	3	3	12	486-554	9
Ahlen-Hamm	**18**	**3**	**2**	**13**	**488-552**	**8**
Rheinland	18	3	0	15	435-523	6

Aron Pálmarsson fékk lítið jólafrí vegna anna í handboltanum og þurfti að spila útileik í gær:

Ekki kynnst hinum fræga Krauma

HANDBOLTI Aron Pálmarsson og félagar í Kiel voru í eldlínunni í þýska handboltanum í gær. Jólafríið var því stutt hjá Aroni en leikmenn Kiel fengu frí á Þorláksmessu og aðfangadag. Þeir fóru síðan á æfingu á jóladag og spiluðu svo leik í gær sem vannst örugglega.

„Ég var svo lánsamur að fá mömmu, pabba, systur mína og frænda minn í heimsókn yfir jólin og þau verða hjá mér þar til ég fer heim til Íslands 30. desember. Ég gat aðeins notið jólanna með þeim því Alfreð gaf frí á Þorláksmessu og aðfangadag sem var ótrúlegt," sagði Aron léttur og hló við. „Það var ekkert sérstaklega gaman að rífa sig upp í æfingu á jóladag og leik á annan í jólum en það var gott að koma aftur heim þar sem mamma og þau bíða."

Kiel átti heimaleiki um síðustu jól þannig að Aron gat notið jólanna betur þá en núna en hann er ekkert að láta það á sig fá.

„Það gefur manni heilmikið að hafa fólkið sitt hjá sér og gaman að hafa frænda minn líka á staðnum en krakkar hressa svo upp á jólin. Mega ekkert vera að því að borða því þau vilja komast í pakkana. Ég var því mjög ánægður með jólin. Hamborgarhryggurinn hjá mömmu klikkaði líka ekkert frekar en venjulega," sagði Aron en mamma hans kom með fulla tösku af mat. Mátti þar einnig finna hreindýr og lambakjöt þannig að Aron verður í veislu næstu daga. „Það er gaman að koma heim og sjá alla íisskápana troðfulla. Það er ekki venjulega þannig hjá mér."

HEITUR Í GÆR Aron skoraði fimm mörk fyrir Kiel í gær og jólahamborgarhryggurinn sat ekki í honum. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Kiel á heimaleik gegn Dormagen 29. desember og eftir það er Aron farinn í stutt frí. Hann byrjar svo að undirbúa sig með landsliðinu fyrir HM þann 3. janúar næstkomandi.

Síðustu vikur hafa verið erfiðar fyrir Kiel en liðið er án margra sterkra leikmanna og hefur verið að tapa dýrmætum stigum. Vilja margir meina að liðið sé búið að missa af titlinum en Aron er ekki sammála því.

„Síðasti mánuður hefur verið skelfilegur og lélegur. Höfum spilað illa, tapað illa og unnið leiki naumt. Þetta hefur alls ekki verið nógu gott. Við eigum að vinna leikinn 29. desember og svo komum við með heimsliðið okkar í febrúar og látum til okkar taka," sagði Aron en Kiel klúðraði leiknum gegn Hamburg á grátlegan hátt og þar fóru mikilvæg stig.

„Það var hrikalegt að klúðra því eftir að hafa verið yfir nánast allan leikinn. Það er hellingur eftir af þessu móti og við munum ekki gefast upp," sagði Aron. Þjálfarinn hans, Alfreð Gíslason, er sagður vera harður í horn að taka og óhræddur við að nota hárblásarameðferðina á leikmenn. Strákarnir í landsliðinu voru um tíma farnir að kalla hann „Krauma" þar sem það kraumaði í honum eftir tapleiki. Hvernig hefur hann plumað sig í þessu mótlæti?

„Ég hef ekki enn fengið að kynnast þessum fræga Krauma. Ég hef heyrt frægar sögur af honum en ekki fengið að upplifa þær. Ég hef séð hann mjög reiðan en ekkert í líkingu við þennan heimsfræga Krauma sem strákarnar hafa oft talað um," sagði Aron kátur á leið heim til mömmu og pabba eftir sigurleik.

- hbg


Boot cAmp
Boot Camp óskar landsmönnum gleðilegs nýs árs
með þökkum fyrir samfylgdina á liðnum árum. Við
hlökkum til að hitta gamla vini á komandi ári
sem og að taka á móti nýjum félögum.
Hátíðarkveðjur,
Starfsfólk Boot Camp

> Julia Roberts

„Ég hefði getað valið það að verða tannlæknir og þá hefði aldrei neitt slæmt birst um mig á prenti, en þannig kaus ég ekki að lifa lífinu. Því frægari sem maður verður, því oftar er maður undir smásjánni."

Julia Roberts leikur fræga kvikmyndastjörnu sem kemur við í lítilli bókabúð í Notting Hill en þar kynnist hún bóksalanum William Thacker sem leikinn er af Hugh Grant í kvikmyndinni Notting Hill sem sýnd er á Stöð 2 kl. 22.30 í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON MINNIST LIÐINNA JÓLA

Skröggur hringir inn jólin

Í kringum jólahátíðina á ég það til að verða svolítið meyr. Maður á margar góðar, fallegar minningar frá jólum bernskunnar sem streyma fram við ákveðið jólalag eða ilminn af smákökum og barri.

Ég man vel eftir því að hafa flýtt mér á fætur á aðfangadag og plantað mér á gólfið beint fyrir framan sjónvarpið til að horfa á jólateiknimyndir á meðan foreldrar mínir lögðu lokahönd á allan jólaundirbúning. Við systkinin sátum þarna þrjú og drukkum í okkur jólaboðskapinn sem var að finna í hverri einustu teiknimynd; ekki vera vondur á jólunum, gefið með ykkur og í guðanna bænum trúið á jólasveininn – annars fer illa. Að áhorfinu loknu gafst svolítill tími til að skipta um föt og koma sér í stellingar fyrir jólasteikina, möndlugrautinn og pakkana. Uppáhaldsteiknimyndin mín, ár eftir ár, var án efa sú sem fjallaði um illmennið Skrögg sem hataði jólin. Þá var alveg sama hvort Skröggur væri í gervi Jóakims aðalandar eða einhvers annars, sagan var jafn skemmtileg fyrir það og í raun var það Skröggur sem hringdi inn æskujólin.

Nú er öldin önnur og það er langt um liðið síðan ég sat síðast og horfði á teiknimyndir á aðfangadag en ég man enn hvað mér þótti þessi morgunstund ómissandi hluti af jólunum. Það er skrítið að hugsa til þess hvernig sumar hefðir halda áfram á meðan aðrar hverfa líkt og blessað teiknimyndaáhorfið. Minningin lifir þó áfram.

SJÓNVARPIÐ

17.00 Hvalsneskirkja
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Landinn
18.00 Nonni og Manni (26)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Kattakonur Kanadísk heimildamynd um fjórar konur sem allar hafa safnað um sig fjölda katta.
21.05 Tónaflóð Upptaka frá stórtónleikum Rásar 2 á Arnarhóli í Reykjavík á Menningarnótt í ágúst.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Lukkubær (3:8) Bandarísk þáttaröð. Aðstoðarlögreglustjóri í smábæ í Minnesota situr uppi með nokkur óupplýst barnaránsmál frá liðnum árum.
23.00 Samkomuhúsið Elín Hirst tekur á móti gestum í Sjónvarpssal í tilefni 80 ára afmælis RÚV. Tónlist, viðtöl og skemmtum fyrir alla fjölskylduna í þessari afmælis- og jólaveislu. Umsjónarmaður er Elín Hirst. Stjórn upptöku. Benedikt Nikulás Anes Ketilsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi. (e)
00.00 Kastljós
00.20 Fréttir
00.30 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 The Santa Clause 2
10.00 A Christmas Carol
12.00 Algjör Sveppi og leitin að Villa
14.00 The Santa Clause 2
16.00 A Christmas Carol
18.00 Algjör Sveppi og leitin að Villa
20.00 A Little Trip to Heaven
22.00 Curious Case of Benjamin Button
00.40 The Tiger and the Snow
02.30 The Things About My Folks
04.05 Curious Case of Benjamin Button

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Í fínu formi
08.30 Oprah
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Lie to Me (6:22)
11.00 White Collar
11.45 Jamie Cooks Christmas
12.35 Nágrannar
13.00 Frasier (15:24)
13.25 The U.S. vs. John Lennon
15.05 ET Weekend
15.50 Barnatími Stöðvar 2
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.58 The Simpsons (15:22)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (19:19)
19.45 How I Met Your Mother (9:22)
20.10 Glee (7:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu.
20.55 Undercovers (4:13) Skemmtilegir spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrrum CIA-njósnarar og reka nú litla veisluþjónustu í Los Angeles.
21.45 The Deep End (3:6) Áhrifaríkt þáttaröð um fimm unga og ákafa lögfræðinga og þeirra baráttu.
22.30 Notting Hill Rómantísk gamanmynd. William Thacker er bóksali í Notting Hill í Lundúnum en Anna Scott er bandarísk kvikmyndastjarna. Þau virðast eiga fátt sameiginlegt en þegar þau hittast fyrir tilviljun taka hlutirnir óvænta stefnu.
00.30 Modern Family (4:24)
00.55 Chuck (6:19)
01.40 Burn Notice (2:16)
02.25 The U.S. vs. John Lennon
04.05 Glee (7:22)
04.55 The Simpsons (15:22)
05.20 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

18.05 Spænsku mörkin
19.00 Champions Tour 2010 - Year in Rev
20.00 NBA körfuboltinn. L.A. Lakers - Miami
21.50 Mike Tyson - Lennox Lewis Mike Tyson er einn af bestu boxurum allra tíma. Hann er yngsti þungavigtarmeistari sögunnar en hefur verið sjálfum sér verstur eins og dapurlegt einkalíf hans vitnar um. Í þessum magnaða þætti eru sýndar gamlar myndir með Tyson en snemma varð ljóst að þar væri afburðaboxari á ferðinni.
22.45 Til síðasta manns (6:8) Raunveruleikaþáttaröð þar sem fylgst er með hópi ungra íþróttamanna sem sérhæfa sig í ólíkum bardagalistum.
23.40 Main Event Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Blackpool - Liverpool
12.35 Fulham - West Ham
14.20 Aston Villa - Tottenham
16.05 Everton - Birmingham
17.50 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara.
18.50 Premier League Review 2010/11
19.50 Arsenal - Chelsea Bein útsending frá stórleik Arsenal og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
22.00 Premier League Review 2010/11
23.00 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
23.30 Arsenal - Chelsea

SKJÁR EINN

08.00 Dr. Phil (77:175)
08.45 Rachael Ray (153:175)
09.30 Pepsi MAX tónlist
15.50 How To Look Good Naked (5:12)
16.40 Rachael Ray (154:175)
17.25 Dr. Phil (78:175)
18.10 Top Chef (17:17)
19.00 Judging Amy (19:23)
19.45 America's Funniest Home Videos (38:46) .
20.10 90210 (8:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills.
20.55 Life Unexpected (4:13) Bandarísk þáttaröð sem vakið hefur verðskuldaða athygli.
21.45 CSI:New York (21:23) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
22.35 Hæ Gosi (3:6) Íslensk gamanþáttaröð sem fékk frábærar viðtökur í sumar.
23.05 Jay Leno (168:260) Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
23.50 United States of Tara (12:12) Skemmtileg þáttaröð um húsmóðir með klofinn persónuleika.
00.20 Saturday Night Live (23:24) Stórskemmtilegur grínþáttur sem hefur kitlað hláturtaugar áhorfenda í meira en þrjá áratugi.
01.45 Life Unexpected (4:13)
02.30 Pepsi MAX tónlist
06.00 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

11.15 Golfing World (59:70)
16.20 Golfing World (59:70)
17.10 European Tour - Highlights 2011 (2:45)
18.00 World Golf Salutes King Bhumibol Útsending frá skemmtilegu golfmóti sem haldið er í Taílandi.
22.25 Ryder Cup Official Film 2008 Upprifjun á Ryder-bikarnum árið 2008.
23.40 PGA Tour Yearbooks (6:10)
00.25 ESPN America
06.00 ESPN America

EXTRA

19.10 American Dad (4:20) Fimmta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans.
19.35 The Doctors Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar, sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum, sitja fyrir svörum.
20.15 E.R. (8:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Impact (1:2) Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Öll heimsbyggðin fylgist með stórkostlegu stjörnuhrapi en loftsteinn rekst á tunglið og brot úr því stefnir nú á ógnarhraða til jarðar. Sérfræðingar hafa fáeina daga til þess að koma í veg fyrir að hættuástandið breytist í heimsendi.
23.25 Impact (2:2) Seinni hluti þessarar hörkuspennandi framhaldsmyndar.
01.00 American Dad (4:20)
01.25 E.R. (8:22)
02.10 The Doctors
02.50 Fréttir Stöðvar 2
03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Tveir gestir Margrét Blöndal spjallar við Vilborgu Jóhannsdóttur, verslunareiganda Centro.
18.45 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur.
19.00 Fróðleiksmolinn

INN

20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu Hvernig nýtum við dagsbirtuna til heilsubótar í skammdeginu?
20.30 Nýju fötin keisarans
21.00 Frumkvöðlar Steinunn Anna og Leifur tala um leik sinn Locify.
21.30 Eldhús meistarana Magnús eldar ribeye og rjúpusúpu.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7**FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.15
Glee

Óskarsverðlaunaleikkonan Gwyneth Paltrow leikur gestahlutverk í þættinum. Hún leikur forfallakennarann Holly Holliday sem tekur við stjórn sönghóps eftir að Will Schuester fær flensu og verður að taka sér frí í nokkra daga.

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Víttogbreitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Á sviði Samkomuhússins **14.03** Bak við stjörnurnar **15.03** Útvarpssagan **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Snjalli vinur kæri **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Ópus **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsraddir **23.05** Jól í Útvarpssal **00.05** Næturtónar

BBC entertainment

11.55 Dancing with the Stars **12.55** Dancing with the Stars **13.35** Deal or No Deal **14.10** Vicar of Dibley **14.40** Vicar of Dibley **15.10** Vicar of Dibley **15.40** Vicar of Dibley **16.10** Vicar of Dibley **16.40** Lark Rise to Candleford **17.30** The Weakest Link **18.20** Deal or No Deal **18.55** Deal or No Deal **19.30** Comedy Countdown 2010 **20.00** Comedy Countdown 2010 **20.30** Comedy Countdown 2010 **21.00** Comedy Countdown 2010 **21.30** The Jonathan Ross Show **22.20** EastEnders **22.50** The Weakest Link **23.40** Comedy Countdown 2010

DR 1

09.20 Fighter **11.00** Det søde liv **11.30** Merlin **12.15** Inspector Morse **14.00** Karate Kid **16.05** Der var engang en dreng **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **18.30** Aftenshowet - Kongehuset 2010 **19.00** Sporløs **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt **20.30** På skudhold **22.10** Taggart **23.50** Inspector Morse **01.30** Inspector Morse **03.10** Godnat

NRK 1

12.40 Bjørn på nært hold **13.40** Glimt av Norge **13.50** Glimt av Norge **14.00** NRK nyheter **14.10** Melody Gardot - musikkens helbredende kraft **15.00** Året med kongefamilien **16.00** NRK nyheter **16.10** Været i 2010 **16.40** Skatten under isbreen **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Oddasat - nyheter på samisk **17.05** Oliver Twist **17.35** Verdens beste SFO **18.00** Dagsrevyen **18.30** Julenotter **18.45** OL i Vancouver 2010. Helter i klovnebukser **20.25** Miss Marple **21.55** Losning julenotter **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lennon i New York

SVT 1

11.50 Muhammad Ali **12.55** Under solen **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Av nöd eller lust **16.25** The Seventies **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Hur ska det gå för Pettersson? **18.15** Music for One X-mas and Six Drummers **18.20** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Det kungliga bröllopet **20.00** Drottningoffret **21.00** Grotesco **21.30** Love Actually **23.40** Den fördömde **01.10** Kapten Nemos barn **02.10** Veckans brott

NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

SKRÁÐU ÞIG NÚNA

á worldclass.is og í síma 55 30000

World Class ICELAND

SJÓNVARPSÞÁTTURINN

„Ég horfi á svo ótrúlega mikið að það er erfitt að velja. En ætli það séu ekki 90210, Desperate Housewives og How I Met Your Mother.“

Signý Arnórsdóttir golfari

Hvíldi kreditkortið þessi jól

„Þetta eru eiginlega fræðsluþættir um fjármál heimilanna, nema að reynt er að fjalla um efnið á mannamáli svo að allir skilji,“ segir leikstjórinn Baldvin Z um sjónvarpsþættina Ferð til fjár sem sýndir verða í Sjónvarpinu í byrjun næsta árs.

Í þáttunum verður fjallað um svokallað fjármálalæsi og verða ýmis hugtök og efni tengd fjármálum útskýrð á þann hátt að áhorfandinn hljóti dýpri skilning á efninu. „Það er algengt að fólk sitji og horfi á fréttir sem fjalla um fjármál en skilji ekki við hvað er átt. Þættirnir eiga í grunninn að útskýra orð og hugtök og í leiðinni kenna fólki hvernig megi nýta peningana betur,“ útskýrir Baldvin, sem vinnur þættina í samstarfi við Breka Karlsson og Steinunni Þórhallsdóttur, en hann rekur stofnunina Fjármálalæsi á Íslandi. Í þáttunum eru meðal annars ýmsir aðilar fengnir til þess að reikna út hvað þeir kosta og þeirra á meðal voru útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson, leikarinn Björgvin Franz Gíslason og sjónvarpskonan Þóra Arnórsdóttir auk nokkurra menntskælinga og þingmanna. „Þetta var mjög forvitnilegt því fólk kemst oft að því að það kostar meira en það heldur. Andri Freyr var á meðal þeirra sem kostuðu minnst, ég tók líka prófið í gamni og komst að því að ég var langdýrastur af öllum en það var fartölvunni minni að kenna. Hún sprengdi allan skalann,“ segir Baldvin og hlær.

Aðspurður segist hann hafa lært ýmislegt við gerð þáttanna og ákvað meðal annars að hvíla kreditkortið fyrir jólin í ár. „Þetta var mun auðveldara en ég hafði ímyndað mér og nú þarf ég ekki að kvíða janúarmánuði, aldrei þessu vant. Svo er bara að bíða og sjá hvort maður haldi þetta út allt næsta ár,“ segir hann að lokum. - sm

TEKUR Á HEIMILISFJÁRMÁLUM FÓLKS Baldvin Z leikstýrir nýjum sjónvarpsþáttum sem kenna fólki fjármálalæsi. Þættirnir verða sýndir í Sjónvarpinu í byrjun næsta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ungir sjálfstæðismenn eru smám saman að koma út úr skápnum sem miklir hundavinir. Sigurður Kári Kristjánsson hefur til að mynda átt labrador um hríð og nýverið greindi Fréttablaðið frá því að Gísli Marteinn Baldursson væri kominn með hund af sama kyni og hefði skírt hann Tobba. DV greindi síðan frá því fyrir jól að formaður flokksins, **Bjarni Benediktsson**, væri búinn að fjárfesta í bolabít.

Hvort þetta hafi eitthvað að gera með gamla höfðingja flokksins á borð við Davíð Oddsson, sem átti Tanna, og **Albert Guðmundsson**, sem átti Lucy, skal ósagt látið en hermt er að nýi frasinn hjá sjálfstæðismönnum hljómi einhvern veginn svona: „Græðum á daginn, göngum með hundinn eftir vinnu og grillum á kvöldin.“ - fgg

SVANFRÍÐUR INGA JÓNASDÓTTIR: ÞETTA ER SKEMMTILEGT FYRIR OKKUR

Dalvík í 60 milljónum farsíma

„Mér finnst þetta rosalega skemmtilegt,“ segir Svanfríður Inga Jónasdóttir, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar.

Nafn Dalvíkur er nú að finna í fleiri en sextíu milljónum farsíma um allan heim. Markaðssetningin hefur þó verið sveitarfélaginu algjörlega kostnaðarlaus, enda hafði bæjarráð ekkert að gera með ákvörðunina. Dalvík er nefnilega nafn á svokallaðri Java-sýndarvél símastýrikerfisins Android frá Google. Android er eitt af vinsælustu símastýrikerfum heims um þessar mundir, en 60 milljónir Android-síma seldust á þessu ári. Dalvík Java-sýndarvélin er órjúfanlegur hluti af Android, þó að fæstir notendur átti sig almennilega á tilgangi vélarinnar.

Þegar leitað er eftir upplýsingum um Android er Dalvíkurnafnið aldrei langt undan. Ekki er nóg með það, heldur er yfirleitt tekið fram að vélin sé nefnd eftir sjávarþorpi á Íslandi. Svanfríður er afar ánægð með það. „Dalvík eitt og sér segir engum neitt, en ef því er bætt aftan við að þetta sé íslenskt sjávarþorp fer þetta að fá svolitla merkingu. Það er auðvitað mjög skemmtilegt fyrir okkur hér,“ segir hún.

Dalvík Java-sýndarvélin er skrifuð af hugbúnaðarverkfræðingnum Dan Bornstein. sem starfar hjá Google. Hann hefur einhvern óútskýranlegan áhuga á Dalvík og nefndi vélina í höfuðið á bænum áður en hann hafði svo lítið sem stigið fæti á íslenska grund, en hann bætti úr því fyrir rúmum tveimur árum. Bornstein segir bæinn hafa staðist væntingar sínar. „Ég kom til bæjarins viku eftir fiskidaga með kærustunni minni,“ segir hann. „Við fórum í sund og skemmtum okkur mjög vel. Það var ekki mikið um að vera í bænum þannig að við nýttum bæinn sem eins konar höfuðstöðvar og fórum í ferðir til Mývatns, á Akureyri og út í Grímsey.“

Spurður hvort samstarfsfélagarnir hjá Google hafi áhuga á Dalvík eftir að þeir fóru að sjá nafninu bregða fyrir í vinnunni segir hann þá vita talsvert meira um bæinn en áður. „Ég er reyndar sá eini sem hefur komið til Dalvíkur,“ segir hann.

En er möguleiki á því að starfsmenn Google fari í hópferð til Dalvíkur?

„Ég vildi að ég hefði slík áhrif. En mig langar mjög mikið að heimsækja bæinn á ný.“

HEIMSÓTTI DALVÍK

Dan Bornstein, sem ber ábyrgð á því að nafn Dalvíkur hefur fengið þessa ótrúlegu útbreiðslu, heimsótti Dalvík fyrir tveimur árum. Bæjarstjórinn **Svanfríður Inga** gleðst yfir því að nafn bæjarins sé orðið svona útbreitt. Takið eftir bolnum sem Bornstein klæðist. Hann sýnir Eyjafjörð, en hann er framleiddur af Google.

Árangur fer eftir gæðum

Hvaða Spirulina ert þú að taka?

29 vítamín og steinefni · 18 aminósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream®

Aukið úthald, þrek og betri líðan

Árangur strax!

Blágrænir þörungar frábærir fyrir ræktina, skólann og vinnuna

Spirulina inniheldur mikið af blaðgrænu og glyccogen, því meira glycogen sem er til staðar í líkamanum við æfingar því betri árangur. Blaðgræna eykur súrefnisflutning í blóðinu. Ef Spirulina er tekið inn 1/2 tíma fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu. Dregur úr pirringi, sleni og sætindaþörf, truflar ekki svefn. Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni.

www.celsus.is

BREGÐA Á LEIK Jónsi og hljómsveit hans bregða á leik baksviðs. Sápukúlur verða blásnar á tónleikunum í Höllinni.

Sápukúlur hjá Jónsa

Aðdáendur Jóns Þórs Birgissonar, Jónsa, ætla að blása sápukúlur á tónleikum hans í Laugardalshöll 29. desember. Uppákoman verður í laginu Around Us af fyrstu sólóplötu hans Go.

Einn af þeim 192 erlendu aðdáendum Jónsa sem ætla á tónleikana tilkynnti þetta á Facebook-síðu Jónsa. „Stóra planið okkar er að á meðan lagið Around Us hljómar blásum við helling af sápukúlum í loftið, þið vitið eins og þegar við vorum krakkar. Sjáumst öll á tónleikunum með sápukúlur í kringum okkur.“

Aðrir hafa rætt um að mæta með skrítna dýrahatta á tónleikana til að skapa skemmtilega stemningu. Stutt er síðan suður-kóreskir aðdáendur Jónsa tóku höndum saman og fylltu sviðið af skutlum í einu laginu og vilja aðdáendurnir í Höllinni ekki vera minni menn.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá munu 192 útlendingar frá 21 landi fljúga hingað til lands gagngert til að fylgjast með tónleikunum. Flestir koma frá Bandaríkjunum og Bretlandi, eða 98 talsins, 34 koma frá Frakklandi og Þýskalandi og tíu frá Japan. Aðrir aðdáendur Jónsa koma meðal annars frá Rússlandi, Ástralíu, Mexíkó og Ítalíu. Tónleikarnir verða þeir síðustu á risastórri tónleikaferð Jónsa um heiminn. Lúðrakvintettinn Brassgat í bala, með Samúel J. Samúelsson í fararbroddi, hitar upp. Enn eru til miðar í stæði. - fb

FRÉTTIR AF FÓLKI

Gísli Örn Garðarsson og félagar í Vesturporti hafa átt ótrúlegt ár. Gísli var auðvitað ein af aðalstjörnunum í Prince of Persia með þeim Jake Gyllenhaal og Gemmu Arterton og svo var það uppsetning Faust í London og frábærir dómar fyrir Hamskiptin í New York Times. Rúsínan í pylsuendanum voru þó eflaust leiklistarverðlaun BBC en afhending þeirra fer fram í Pétursborg um miðjan apríl á næsta ári.

Handfarangurinn í þeirri ferð er hins vegar af stærri gerðinni því þetta er engin venjuleg verðlaunaafhending. Um er að ræða fimm daga veislu þar sem verðlaunaðir einstaklingar sýna verk sín. Vesturport og leikarar Borgarleikhússins þurfa því að ferðast með eina flóknustu sýningu sína alla leið til Rússlands og sýna hana þar... einu sinni en eins og margir muna gekk nógu mikið á við uppsetningu Faust í Young Vic-leikhúsinu þar sem **Hilmir Snær** hafnaði meðal annars á sjúkrahúsi. - fgg

ÚTSALAN
OKKAR ER HAFIN

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

allt að 50% afsláttur
á meira en 2300 vörum

IKEA®

Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - Lokað gamlársdag

www.IKEA.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Tímarit ÖBÍ
- fylgir blaðinu í dag
TÍMARIT Öryrkjabandalags Íslands
ÖBÍ

FRÉTTIR AF FÓLKI

Egill og minningarnar

Kassi með öllum plötum hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar Spilverks þjóðanna barst í verslanir rétt fyrir jólin. Bæklingurinn sem fylgir með er sérstaklega vandaður því þar er að finna alla texta sveitarinnar, fjölda mynda og fróðleik um plöturnar. Þarna er til að mynda upprunalegt, handskrifað textablað fyrir lagið sem síðar átti eftir að verða hið víðfræga Sirkus Geira smart. Sagan segir að þetta textablað og eitt annað í bæklingnum góða séu úr fórum **Egils Ólafssonar** sem sé meiri safnari en margur kynni að halda. Fjölmargir aðdáendur Egils hljóta því að hugsa sér gott til glóðarinnar þegar kemur að ritun ævisögu hans. Ef Egill var samviskusamur á hljómsveitarárunum hlýtur það sama að gilda um hin síðar ár og þá ætti hann að luma á ófáum góðum sögum úr menningarlífi landsins. **-hdm**

Fullt út úr dyrum á Gauragangi

Kvikmyndin Gauragangur var tekin til almennra sýninga í kvikmyndahúsum í gærkvöldi. Hún var þó frumsýnd fyrir jól í Smárabíói, nánar tiltekið 22. desember, og hlaut þar góðar viðtökur. Ekki virtist jólastressið hafa haft mikil áhrif á áhuga boðsgesta á myndinni. Spenningurinn var greinilega mikill þar sem nokkru áður en sýningin hófst var allt orðið troðfullt í Smárabíói. Fjöldi fólks þurfti frá að hverfa og drífur sig væntanlega í bíó nú þegar myndin er komin í almennar sýningar.

Mest lesið

VISIR.IS

1. Árásin í Ásgarði: Fjölskyldufaðirinn var í dópsölu
2. Manndrápstilraun í Bústaðahverfi: Vildu á aðra milljón í „sekt"
3. Ólöglegum pókerklúbbi lokað í nótt
4. Hundur varaði við innbrotsþjófum
5. Vatnselgur á Suðurlandsvegi


skemmtilegri
LAUGARDAGA
SPAUGSTOFAN

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

Einstakt verð!

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

Tenerife og Kanarí í janúar

Kanarí

Tenerife

Tenerife

Aðeins hjá VITA

Las Camelias

Snyrtilegt og vistlegt íbúðahótel á góðum stað á Ensku ströndinni.

Verð frá 110.700 kr.* og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð í 14. nætur – 18. janúar. ATH. Flogið út til Tenerife heim frá Kanarí.
Innifalið: Flug fram og til baka, skattar, flug frá Tenerife til Kanarí, gisting og íslensk fararstjórn.

* Verð án Vildarpunkta 120.700 kr.

Tropical Playa

Gott íbúðahótel á Playa de las Américas, staðsett um 500 metra frá miðbænum og Playa de Troya ströndinni.

Verð frá 114.900 kr.* og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í stúdíó í 14 nætur – 18. janúar.
Innifalið: Flug fram og til baka, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 124.900 kr.

Parque Santiago

Gott og eftirsótt íbúðahótel á allra besta stað við Playa de las Americas ströndina á Tenerife.

Verð frá 112.500 kr.* og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í stúdíó í 14 nætur 4. janúar.
Innifalið: Flug fram og til baka, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

* Verð án Vildarpunkta 122.500 kr.

ÍSLENSKA SÍA.IS VIT 52516 11/10

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita VITA er lífið